allt

RAGNAR ARNALDS

*Stundar sund og tekur lýsi*

• heilsa

Í MIÐJU BLAÐSINS



VIÐAR ÞORSTEINSSON

*Landsbankinn kaupir 1200 bækur af Nýhil*

er ennþá grasrótarhreyfing

FÓLK 34






FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

8. nóvember 2005 — 302. tölublað — 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

## Æði fyrir notuðum fötum í Reykjavík



Ása og Jóna Ottesen eiga og reka verslunina Gyllta köttinn í félagi við frænku sína.

FÓLK 26

## Hryllingur á Hringbraut

„Það er umhugsunarvert að sama borgarstjórnin og ber ábyrgð á Hringbrautarhryllingnum skuli fara út í sérstakt átak um almenningssamgöngur," segir Valgerður Bjarnadóttir.



Í DAG 18

## Frábær kantmaður

Knattspyrnustjóri Stoke City, Johan Boskamp, segir að íslenski framherjinn Hannes Sigurðsson sé frábær kantmaður en það er staða sem fáir áttu von á að sjá Hannes spila. Hannes hefur farið á kostum á vinstri kantinum hjá Stoke.



ÍÞRÓTTIR 30

## VEÐRIÐ Í DAG




**BJART NORÐAN OG** austan en yfirleitt skúrir um sunnan- og vestanvert landið. Hiti 1-5 stig að deginum, mildast syðra.

VEÐUR 4




# Efnahagsbrotadeildin ekki vön frávísunum

**Fjársvika- og bókhaldsbrotamáli á hendur Sveini Eyjólfssyni og fleirum var vísað frá héraðsdómi í gær. Ragnar Hall, einn verjenda, telur að ákæruskjalið hafi aldrei verið lesið yfir. Jón H. B. Snorrason saksóknari vill efnislega meðferð.**

**DÓMSMÁL** „Þetta er mjög skrítið allt saman og bendir til þess að menn hafi ekki legið sérstaklega yfir þessu. Þarna eru villur sem benda til þess að menn hafi bara skrifað ákæruskjalið og ekki einu sinni lesið það yfir," segir Ragnar Hall, hæstaréttarlögmaður og verjandi Sveins Eyjólfssonar.

Framhaldsákæru í máli ríkislögreglustjóra gegn Eyjólfi Sveinssyni, Sveini Eyjólfssyni og átta fyrrverandi forsvarsmönnum Frjálsrar fjölmiðlunar og dótturfyrirtækja var í gær vísað frá héraðsdómi. Framhaldsákæran var gefin út þegar ljóst varð að rangar tölur var að finna í hluta ákærunnar.

Í úrskurðinum segir Ingveldur Einarsdóttir héraðsdómari að villur í ákærunni varði grundvöll verknaðarlýsingar og sé vart um smávægilegar villur að ræða.

Málið er höfðað gegn stjórnendum Frjálsrar fjölmiðlunar og dótturfyrirtækja en Frjáls fjölmiðlun varð gjaldþrota fyrir þremur árum og námu kröfur í þrotabúið 2,2 milljörðum króna.



**FRÁVÍSUN FRÁ HÉRAÐSDÓMI** Sveinn Andri Sveinsson, Halldór Jónsson og Ásgeir Þór Árnason lögmenn sjást hér í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Jón H. B. Snorrason, saksóknari hjá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra, segir að embættið taki þessari frávísun vitanlega alvarlega. „Það er óþekkt fyrirbæri hérna að við verðum fyrir frávísunum," segir Jón. Hann segir að mistök hafi átt sér stað í ritvinnslunni sem höfðu það í för með sér að sundurliðunartöflur enduðu á röngum stöðum. „Þarna eru verknaðarlýsingar sem eru réttar og ekkert hefur verið efast um. Við þurfum að fara yfir málið og átta okkur á því hvað þarf að gera til þess að málið fái efnislega meðferð," segir Jón.

Verjendur í málinu sögðu meðal annars fyrir dómi að G-liður framhaldsákærunnar væri algerlega óskiljanlegur, væri hann borinn saman við upphaflega ákæru og því illmögulegt fyrir verjanda að átta sig á hvernig taka á til varna.

„Í ákærunni er í mörgum af þessum liðum ekki ákærðir menn sem skattrannsóknarstjóri hefur kært, heldur einhverjir sem skattrannsóknarstjóri kærir bara alls ekki," segir Ragnar Hall.

saj@frettabladid.is



**FUGLARNIR SÓTTHREINSAÐIR** Borgarstarfsmenn í Lanzhou í Norðvestur-Kína fengu það hlutverk í gær að sótthreinsa dúfur í borginni. Kínversk yfirvöld kynntu áform sín til að vernda fólk gegn fuglaflensu í gær. Þeir ætla að láta drepa sex milljónir fugla og loka vel á annað hundrað mörkuðum í Peking sem selja alifuglakjöt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fjármálaeftirlitið hefur sektað tólf fyrirtæki fyrir brot við verðbréfaviðskipti:

# Þrjátíu innherjamál skoðuð

**VIÐSKIPTI** Tólf fyrirtæki voru beitt fjársektum af Fjármálaeftirlitinu á síðasta starfstímabili vegna brota á lögum um verðbréfaviðskipti. Alls voru 30 mál rannsökuð sem vörðuðu ákvæði um rannsóknar- og tilkynningarskyldu innherja fyrirtækja og skil á innherjalistum.

Fjármálaeftirlitið birtir ekki nöfn þessara fyrirtækja. Innherji er sá sem stöðu sinnar vegna býr yfir mikilvægum upplýsingum er varða fyrirtæki og hafa ekki verið gerðar opinberar.

Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, sagði á ársfundi stofnunarinnar í gær að frá og með deginum í gær myndi eftirlitið fylgja svokallaðri gegnsæisstefnu í kjölfar lagabreytinga sem tóku gildi 1. júlí síðastliðinn. Samandregnar niðurstöður athugana yrðu birtar og aðilar sem beittir væru stjórnvaldssektum nafngreindir. Þegar málum yrði vísað til lögreglu yrði almennt skýrt frá efnisatriðum þeirra en ekki greint frá nöfnum, enda væri það lögreglunnar að rannsaka málin frekar. - bg



**Á ÁRSFUNDI** Fjölmargir fulltrúar skráðra félaga í Kauphöll Íslands mættu á ársfund Fjármálaeftirlitsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Afmælisráðstefna Hafró:

## Gagnrýnislaus samkoma

**FISKIFRÆÐI** Sigurjón Þórðarson, þingmaður Frjálslynda flokksins, gagnrýndi ráðstefnu Hafrannsóknastofnunarinnar sem haldin var í gær í tilefni af 40 ára afmæli stofnunarinnar og sagði hana samkomu jábræðra. Í fyrirspurn til sjávarútvegsráðherra á Alþingi í gær sagði Sigurjón að árangur stofnunarinnar hefði verið undir væntingum og spurði hvort ráðherra ætlaði að stuðla að því að fleiri gætu stundað fiskifræðilegar rannsóknir.



SIGURJÓN ÞÓRÐARSON

Sjávarútvegsráðherra mótmælti og sagði að margvísleg sjónarmið hefðu komið fram á ráðstefnunni. Hann upplýsti að stofnunin ætlaði að halda 14 fundi um fiskifræði víðsvegar um land á næstunni. - jh / sjá síðu 16

Vaxandi vímuefnavandi Svía:

## Áhyggjur af drykkju lækna

**SVÍÞJÓÐ** Svíar hafa vaxandi áhyggjur af vímuefnavanda heilbrigðisstétta í landinu. Tilkynningum um drukkna og timbraða lækna fer fjölgandi og sama er að segja um hjúkrunarfólk. Samkvæmt útreikningum yfirvalda eru að minnsta kosti tvö þúsund sænskir læknar sem eiga við vímuefnavanda að stríða og nálægt sex þúsund hjúkrunarfræðingar.

Stjórnvöld hyggja á víðtæka herferð ásamt fagfélögum heilbrigðisstétta til að vinna bug á þessum vanda en þessum læknum og hjúkrunarfólki er talin meiri hætta búin af því að ánetjast vímuefnum vegna álags og nálægðar við vímuefni. ■





## SPURNING DAGSINS

*Agnes, er ölið að sunnan ekki nógu gott fyrir Eyfirðinga?*

„Jú, en það er gott að hafa fjölbreytni.“

Agnes Sigurðardóttir og eiginmaður hennar hyggjast reisa bjórbruggverksmiðju á Árskógssandi í Eyjafirði.

Héraðsdómur mun endurskoða ákvörðun sína um aðfararhæfi:

# Hannes fær endurupptöku

**DÓMSMÁL** „Það var ekki fallist á okkar beiðni um frávísun í héraðsdómi í gær,“ segir Sigríður Rut Júlíusdóttir, lögmaður Jóns Ólafssonar kaupsýslumanns. Arngrímur Ísberg héraðsdómari hafnaði í gær að vísa frá endurupptökubeiðni Hannesar en Hannes reynir að fá því hnekkt að greiða Jóni tólf milljónir króna vegna meiðyrðadóms í Englandi.

Sigríður Rut útskýrir að hún hafi sent aðfararbeiðni á hendur Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni prófessor til héraðsdóms í september. Hún hafi fengist afgreidd en nú krefjist Hannes þess að dómurinn endurskoði fyrri ákvörðun sína um aðför.



**HEIMIR ÖRN HERBERTSSON** Lögmaður Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar.



**SIGRÍÐUR RUT JÚLÍUSDÓTTIR** Lögmaður Jóns Ólafssonar.

„Efnisatriði hins enska dóms verða hins vegar ekkert endurskoðuð af íslenskum dómstólum,“ segir Sigríður.

„Það næsta sem gerist er að ég skila greinargerð til héraðsdóms þann 25. nóvember næstkomandi þar sem fjallað verður um kröfur Hannesar og röksemdirnar bak við þær. Þá er líklegt að lögmaður Jóns fái einhvern tíma til þess að svara minni greinargerð. Þannig verður málið í meðferð svona eitthvað fram eftir desember,“ segir Heimir Örn Herbertsson, lögmaður Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar. **- saj**

Sænskar peningastofnanir:

# Rændar þriðja hvern dag

**GLÆPATÍÐNI** Sænskir bankaræningjar hafa komist yfir um 450 milljónir sænskra króna í ránum úr bönkum og peningaflutningabílum á undanförnum sex árum.

Tíðni bankarána er hærri í Svíþjóð en víðast hvar í Evrópu. Frá janúar 2002 til septembermánaðar í ár voru slík rán framin í Svíþjóð þriðja hvern dag að meðaltali.

Svíar eru í fjórða sæti á Evrópulistanum með 224 bankarán en löndin í þremur efstu sætunum eru Bretar, Frakkar og Pólverjar. Bankarán í öðrum Norðurlöndum voru 93 í Danmörku á fyrrgreindu tímabili, 42 í Noregi og einungis fjögur í Finnlandi. ■

Alberto Fujimori handtekinn:

# Verður líklega framseldur

**SANTIAGO, AP** Alberto Fujimori, fyrrverandi forseti Perú, var handtekinn í gærmorgun, skömmu eftir að hann kom í óvænta heimsókn til Chile. Fujimori er eftirlýstur í heimalandi sínu vegna spillingar og mannréttindabrota í valdatíð sinni á árunum 1990 til 2000. Hann hefur undanfarin ár verið í útlegð í Japan en er sagður ætla að bjóða sig fram til forseta Perú á nýjan leik. Perúmenn hafa enn ekki farið fram á að fá Fujimori framseldan en fastlega er búist við að beiðni þar að lútandi berist fljótlega. Á meðan mun forsetinn fyrrverandi dúsa á bak við lás og slá í Chile. ■



**FUJIMORI** Fyrrverandi forseti Perú kom óvænt til Chile. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

**-ritstj.**

# Neita að elta skottið á verðbólgunni

**Samtök atvinnulífsins eru reiðubúin til að bregðast við brostnum forsendum kjarasamninga á svipaðan hátt og gert var við svipaðar aðstæður árið 2001. Þá var samið um eins prósents launahækkun, mest í formi lífeyrisgreiðslna.**

**KJARAMÁL** „Við erum tilbúin í svipuð viðbrögð og síðast þegar forsendur kjarasamninga brustu,“ segir Ari Edwald, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins sem á í viðræðum við Alþýðusamband Íslands um kjarasamninga. Forsendur samninganna, sem gerðir voru í ársbyrjun 2004, eru brostnar vegna hærri verðbólgu en gert var ráð fyrir þegar samningar voru gerðir og varða allt að hundrað þúsund manns.



**ARI EDWALD** Framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

ASÍ hefur lagt fram tillögu um tveggja prósenta launahækkun, sem mæti aukinni verðbólgu, en Samtök atvinnulífsins höfnuðu því alfarið.

Samningar aðila vinnumarkaðins sem gerðir voru síðast þegar forsendur voru brostnar voru upp á um eins prósents launahækkun í formi lífeyrisgreiðslna og beinna hækkana. Það var í desember 2001 vegna kjarasamninga sem endurskoða átti í febrúar 2002.

„Ljóst var í hvað stefndi því verðbólgan var komin í níu prósent. Þá ákváðu menn að trúa á það að verðbólgan myndi hjaðna aftur og mælast undir tilteknu gildi í maí og gerði ráð fyrir því að hún hækkaði lítið frá janúar og fram í maí,“ segir Ari.

Vinnuveitendur voru skuldbundnir til að borga tvö prósent á móti tveimur í lífeyrissparnað og var tjónið vegna verðbólgunnar bætt með því að festa aðra séreignaprósentu atvinnurekandans, óháð því hvort launamaðurinn væri að spara. „Þetta kostaði atvinnulífið um 0,6 prósent og launahækkunin 1. janúar 2003 varð 0,4 prósentum hærri en hún hefði annars orðið. Reyndar kom ríkið á móts við atvinnulífið með því að hafa hækkun tryggingagjalds 0,13 prósentum lægri en hún hefði annars verið,“ segir Ari.

„Þetta voru viðbrögðin við stöðu sem er að sumu leyti svipuð og nú er en að sumu leyti ólík, og reiknum við með því að unnið sé á svipuðum forsendum og þá. Við ætlum ekki að fara að elta skottið á verðbólgunni því það færir okkur 25 ár aftur í tímann. Ég trúi því ekki í raun að ASÍ sé að stefna þangað,“ segir hann.

**sda@frettabladid.is**



**AÐ STÖRFUM Í NÓATÚNI** Verslunarfólk gerir kjarasamning við Samtök atvinnulífsins. VR, eitt aðildafélag ASÍ, á eftir að ákveða hvort samningurinn verði endurskoðaður. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**NORRÆNA OG ÆGIR Á SEYÐISFIRÐI** Talsverður stærðarmunur er á skipunum.

Landhelgisgæslan:

# Ægir tekur skip við veiðar

**LANDHELGISGÆSLA** Varðskipið Ægir tók skip um síðastliðna helgi fyrir meintar ólöglegar veiðar úti fyrir Norðurlandi. Skipið var við veiðar á svæði þar sem smáfiskaskilja er skilyrði. Skipið reyndist ekki útbúið slíkri skilju og var það fært til hafnar á Siglufirði þar sem sýslumaður tók við málinu.

Ægir og áhöfn tóku síðan þátt í æfingu í vettvangsstjórnun sem haldin var á Seyðisfirði en æfingin var hluti undirbúnings vegna almannavarnaæfingarinnarSeyðisfjörður 2005 þar sem líkt verður eftir ferjuslysi. **- saj**

## UMBOÐSMAÐUR BARNA

**Engar barnaauglýsingar** Umboðsmaður barna telur rétt að banna auglýsingar í kringum barnatíma í sjónvarpinu. Fram hafa komið auglýsingar sem hann telur brjóta í bága við lög, og aðrar sem eru á mörkum þess siðlega. Auglýsendum ber samkvæmt lögum að sýna varkárni vegna trúgirni barna.

## SLÖKKVILIÐIÐ

**Rétt viðbrögð kennd** Eftir áfallið heitir nýr bæklingur sem Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins hefur gefið út, en í honum er fjallað um eldsvoða, vatnstjón og viðbrögð við slíkum áföllum. „Við gerum okkur ljóst að við höfum skyldur við almenning umfram það að koma og slökkva elda og þessi útgáfa er liður í að uppfylla þær skyldur,“ segir Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri. Höfundur bæklingsins er Garðar H. Guðjónsson kynningarráðgjafi.




Fjögurra rétta lambakjötsmáltíð
með rauðvínsflösku
&
gisting fyrir tvo
ásamt morgunverði
Aðeins 17.900 - fyrir parið
Pantaðu núna í síma
514 8000



lambakjöt – léttur réttur

Þetta er upplagt tækifæri til að koma elskunni sinni á óvart og njóta þess að láta dekra við sig í mat, drykk og góðri þjónustu

Tilboðið gildir alla föstudaga, laugardaga og sunnudaga frá 21. okt. til 20. nóv.

Grand Hótel Reykjavík | Sigtúni 38 | 105 Reykjavík | www.grand.is | Sími 514 8000


Deilt um atvinnuréttindi útlendinga frá nýjum Evrópusambandsríkjum:

# Nektardansarar fyrir dómi

**DÓMSMÁL** Mál Hlyns Vigfússonar, sem ákærður hefur verið fyrir að ráða þrjár tékkneskar dansmeyjar til vinnu á nektardansstaðinn Bóhem, var til aðalmeðferðar í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Stúlkurnar komu hingað til lands og hófu störf án þess að hafa atvinnuleyfi en Tékkland er eitt hinna nýju landa í Evrópusambandinu.

„Spurningin er hvort fólk frá þessum tíu löndum megi koma hingað til þess að dvelja og starfa án atvinnuleyfa eða ekki,“ segir Einar Laxness, fulltrúi lögreglustjóra. Einar sagði fyrir dómi að ákvæði vanti í regluverkið sem skilgreinir réttindi þessara nýju ríkja.

Reglugerð er til sem kveður á um aðlögunartíma að auknum réttindum borgara frá nýju ríkjunum, en þeim tilheyra meðal annars Eystrasaltsríkin og Tékkland.

Marteinn Másson, lögmaður Hlyns, telur að stúlkunum hafi verið frjálst að vinna hér án atvinnuleyfis og segir það valda óþarfa ruglingi að hér heyri útlendingalög undir dómsmálaráðherra og lög um atvinnuréttindi undir félagsmálaráðherra. Marteinn segir að af þessum sökum sé framkvæmd laganna bæði erfið og óljós. **- saj**



**STÚLKURNAR ÞRJÁR** Stúlkurnar sem unnu á Bóhem mættu til skýrslutöku í héraðsdómi fyrr á árinu. Óskýrar reglur um vinnuafl frá nýjum ríkjum Evrópusambandsins valda ágreiningi fyrir dómstólum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




KB Tekjuvernd er hagkvæm vernd sem dregur úr launamissi sem kann að verða vegna sjúkdóma, örorku, andláts eða starfsloka.

Með KB Tekjuvernd er bilið brúað sem myndast milli núverandi ráðstöfunartekna þinna og greiðslna sem þú átt rétt á verðir þú fyrir launamissi af völdum sjúkdóma, örorku eða andláts. Þú færð yfirsýn yfir þá tryggingavernd sem þú nýtur í dag og vísbendingar um frekari tryggingaþörf. Þannig getur þú komið í veg fyrir að þú sért vantryggð/ur eða oftryggð/ur.

KB Tekjuvernd auðveldar þér einnig að ákvarða starfslok þín á einfaldan hátt.

**Kannaðu málið!**

Bókaðu fund **hjá ráðgjafa** á **www.kbbanki.is**, í síma **444 7000** eða í næsta útibúi KB banka. Við reiknum út KB Tekjuvernd miðað við þínar aðstæður.

Dæmi um greiðslur maka- og barnalífeyris vegna andláts




Tryggðu fjölskyldu þinni áframhaldandi tekjur ef þú fellur frá. Skoðaðu hvernig KB Tekjuvernd getur aukið verndina sem þú hefur í dag og veldu þá leið sem hentar þér best.

Dæmi um greiðslur lífeyris vegna alvarlegrar örorku af völdum slysa eða sjúkdóma




Taktu saman yfirlit yfir þær greiðslur sem þér myndu berast vegna örorku og bættu við þeirri fjárhæð sem þú telur að myndi henta þér með KB Tekjuvernd.

KB LÍF

Allar persónutryggingar í KB Tekjuvernd koma frá KB lífi
KB Líftryggingar hf., Sóltúni 26, 105 Reykjavík

KB BANKI

ENNEMM / SÍA

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 07.11.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 60,43 | 60,71 |
| Sterlingspund | GBP | 105,6 | 106,12 |
| Evra | EUR | 71,39 | 71,79 |
| Dönsk króna | DKK | 9,564 | 9,62 |
| Norsk króna | NOK | 9,182 | 9,236 |
| Sænsk króna | SEK | 7,43 | 7,474 |
| Japanskt jen | JPY | 0,5129 | 0,5159 |
| SDR | XDR | 86,4 | 86,92 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**100,8037**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Landamærin milli Pakistans og Indlands í Kasmír opnuð:

# Lögreglan beitti táragasi

**PAKISTAN, AP** Pakistanskir lögreglumenn þurftu að beita táragasi til að dreifa hundruðum íbúa Kasmírs sem reyndu að komast yfir landamæri Indlands og Pakistans eftir að þau voru opnuð í gærmorgun en þeim hafði verið lokað vegna jarðskjálftans sem skók svæðið fyrir tæpum mánuði.

Fólkið krafðist þess að fá að fara yfir landamærin til að vitja ættingja sinna í indverska hluta Kasmírs en lögregla hleypti af skotum og beitti táragasi til að dreifa mannfjöldanum. Indverjar og Pakistanar sömdu um í síðustu viku að opna landamærin til þess að greiða fyrir hjálparstarfi í Pakistan, en héraðið varð mjög illa úti í skjálftanum 8. október.

Til stóð að opna landamærin á fimm stöðum en þau voru hins vegar aðeins opnuð á einum stað og þeir einu sem fengu að fara yfir þau voru bílar frá Indlandi með hjálpargögn handa hinum þurfandi.

Ástæðan fyrir þessari varfærni er sú að Indverjar óttast að herskáir aðskilnaðarsinnar í pakistanska hluta Kasmír nýti sér ástandið og geri árásir í Indlandi, en aðeins er rúm vika síðan mannskæð hermdarverk voru framin í Nýju-Delí, höfuðborg Indlands. ■



**LEIDDUR Á BROTT** Landamæraverðir vísa hér pakistönskum manni á brott sem reyndi að komast yfir landamærin til Indlands. Hann þarf að bíða enn um sinn eftir að hitta ættingja sína. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Alþjóðaleikar þroskaheftra:

# Forsetinn situr stjórnarfund

**UTANRÍKISMÁL** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, situr stjórnarfund í Special Olympics samtökunum, í Washington DC, en fundurinn hófst í gær og lýkur í dag.

„Forsetinn mun jafnframt eiga fundi með þingmönnum í fulltrúadeild og öldungadeild Bandaríkjaþings meðan á dvöl hans í Washington stendur,“ segir í tilkynningu forsetaembættisins.

Fram kemur að meðal viðfangsefna stjórnarfundarins sé að skipuleggja næstu alþjóðaleika þroskaheftra sem haldnir verða í Shanghai í Kína árið 2007. **- óká**



**SALT** veitingastaður á 1919 hóteli.

Gistinætur í september:

# Góð aukning frá því í fyrra

**FERÐAÞJÓNUSTA** Gistinóttum á hótelum í september fjölgaði um rúm þrettán prósent að meðaltali miðað við september í fyrra.

Aukningin var hlutfallslega mest á Suðurnesjum, Vesturlandi og Vestfjörðum þar sem gistinætur fóru úr 7.300 í 8.900, sem er tæplega fjórðungsaukning. Á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði gistinóttum um fimmtung frá ári til árs. Í öðrum landshlutum fækkaði gistinóttum í september, mest á Austurlandi.

Fjölgun gistinátta á hótelum í september árið 2005 er nánast eingöngu vegna útlendinga. Gistinóttum Íslendinga fjölgaði lítið. **- sda**

## FRAMHALDSNÁM

**Kennarar mótmæla** Kennarar í fimm framhaldsskólum með bekkjarkerfi ætla að leggja niður störf í eina kennslustund í dag. Þeir segja ríkið ætla að gengisfella stúdentsprófið til að spara krónur og aura.

## ESKIFJÖRÐUR

**Fimmtíu nýjar íbúðir** Þrjú fjögurra og fimm hæða fjölbýlishús með samtals rúmlega 50 íbúðum verða byggð í miðbæ Eskifjarðar. Fyrirtækið EddubORGir ehf. reisir húsin. Nýju íbúðirnar verða hannaðar með þarfir fólks fimmtíu ára og eldri í huga. Einnig er gert ráð fyrir byggingu þjónustuhúss.

# Strætó 115 milljónir fram úr áætlunum

**Björk Vilhelmsdóttir segir sveitarfélögin ekki vilja borga nægilega fyrir þá þjónustu sem krafist sé af Strætó. Tekjur af farþegum voru 40 milljónum lægri en áætlað var og útgjöld voru 75 milljónum hærri.**

**SAMGÖNGUR** Rekstur Strætó bs. fer 115 milljónir króna fram úr áætlun á þessu ári samkvæmt afkomuspá, að sögn Ásgeirs Eiríkssonar framkvæmdastjóra Strætó.

„Ástæðurnar fyrir þessu eru aðallega tvær,“ útskýrir hann: „Annars vegar eru tekjurnar mun minni en áætlað hafði verið og svo eru útgjöld mun hærri vegna þess að aksturinn er mun meiri en áætlað hafði verið.“

Ásgeir segir að tekjurnar séu um 40 milljónum undir því sem áætlað var og aukinn kostnaður sé um 75 milljónum meiri vegna meiri aksturs sem fylgi nýja strætisvagnakerfinu sem komið var á í sumar.

Sveitarfélögin sjö á höfuðborgarsvæðinu sem standa að rekstrinum greiða 1,4 milljarða króna með rekstri Strætó.

„Okkur hefur ekki tekist að fjölga farþegum eins og við gerðum okkur vonir um en nú er stjórnin að ræða það hvernig bregðast megi við þessu,“ segir Björk Vilhelmsdóttir, formaður stjórnar Strætó.

Spurð hvernig standi á því að útgjöld vegna aukins aksturs hafi verið svo stórlega vanáætluð segir



**BJÖRK VILHELMSDÓTTIR**




**STRÆTÓ Í UMFERÐINNI** Mun færri nýta strætisvagna á höfuðborgarsvæðinu en búist var við. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Björk: „Það mætti frekar segja að krafa sveitarfélaganna um meiri þjónustu kosti mun meira en þau séu tilbúin að borga.“ Hún segir að þessi akstursaukning geti ekki öll skrifast á nýja leiðakerfið heldur hafi Strætó þurft að sinna fjölda nýrra hverfa á höfuðborgarsvæðinu.

Ármann Kr. Ólafsson, sem einnig á sæti í stjórninni, telur að hagræða megi stórlega í rekstrinum með því að bjóða út fleiri leiðir. „Menn hafa verið aðeins of fastheldnir á rekstrarformið, það mætti alveg bjóða fleiri leiðir út og láta einkaaðila um það hvaða bíla þeir nota á þeim leiðum. Þeir gætu þá notað minni bíla þegar rólegt er og stærri bíla á háannatímum. Þetta hefur verið gert í Kópavogi með góðum árangri,“ segir Ármann.

Þessu er Björk ekki sammála. „Það hefur ekkert verið sýnt fram á það að reksturinn verði neitt ódýrari þó að akstursleiðirnar séu boðnar út,“ svarar hún.

Ásgeir segir að aðrar leiðir, sem ræddar hafa verið í stjórninni, séu að draga úr þjónustunni eða hækka tekjur eða sambland af hvoru tveggja. **- jse**



**ÁRMANN KR. ÓLAFSSON**



**KARÓLÍNA Í HEIMAHÖFN** Báturinn er hinn glæsilegasti en hann ber nafn ömmu eigendanna.

Bátafloti Húsvíkinga:

# Nýr 15 tonna línubátur

**SJÁVARÚTVEGUR** Nýr 15 tonna bátur bættist í flota Húsvíkinga síðastliðinn fimmtudag en þá kom línubáturinn Karólína ÞH 111 í fyrsta sinn til heimahafnar. Báturinn er af gerðinni Cleopatra 38 og smíðaður hjá Trefjum í Hafnarfirði en hann er yfirbyggður og með línubeitingarkerfi um borð.

Útgerðarfélagið Dodda ehf. á Húsavík er eigandi bátsins en að útgerðinni standa frændurnir Haukur Eiðsson og Gunnlaugur Karl Hreinsson. **- kk**

Starfsfólk heim með leigubíl:

# Dýrkeyptar breytingarnar

**SAMGÖNGUR** Þegar nýja leiðakerfi Strætó var sett á í ágúst gat starfsfólkið á kvöldvöktum á Hrafnistu við Kleppsveg ekki tekið strætisvagninn heim þar sem hann fór ekki lengur um Sæbraut.

Sveinn Skúlason forstjóri segir að stofnunin hafi þurft að borga 200 þúsund krónur á mánuði í leigubíla vegna þessa.

„Ég hafði samband við Björk Vilhelmsdóttur í ágúst og lýsti óánægju minni vegna þessa og hún sagði að ekki væri hægt að breyta þessu fyrr en um miðjan október,“ segir Sveinn.

Björk segir að kvöldferðirnar um Sæbraut hafi byrjað 15. október, stjórnendum Hrafnistu væntanlega til mikillar ánægju. **- jse**


Af hverju er sagt að vín þurfi að anda?

ALLT SEM ÞÚ VILT VITA UM LÉTTVÍN

VÍN SÝNINGIN 2005
19.-20.nóv.
í Smáralind

VÍNBÚÐ
lifum, lærum & njótum


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**BJART Á NORÐUR- OG AUSTURLANDI**

Bjart og fallegt veður er að sjá að verði frá Eyjafirði, austur úr, alveg til Hornafjarðar ef fer sem horfir. Hitinn að deginum mjakast yfir núllið en hætt er við næturfrosti á þessum slóðum. Á Suður- og Vesturlandi verður fremur blautt og er að sjá að svo verði næstu daga.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**

Sunnan átt, yfirleitt nokkur vindur. Skúrir. Hiti 2-4 stig.

*um hádegi »*




*» á morgun*




Allhvöss suðaustan átt um sunnan- og vestanvert landið.

*» fimmtudagur*




Hvassviðri með suðurströndinni, annars hægari.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 11°C léttskýjað | París | 14°C léttskýjað | Alicante | 22°C léttskýjað |
| Osló | 9°C alskýjað | Berlín | 12°C alskýjað | Mílano | 18°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 12°C hálfskýjað | Frankfurt | 15°C léttskýjað | New York | 18°C léttskýjað |
| Helsinki | 9°C alskýjað | Madríd | 18°C hálfskýjað | San Francisco | 17°C skúrir |
| London | 16°C alskýjað | Barcelona | 19°C hálfskýjað | Orlando/Flórída | 30°C léttskýjað |

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

„Ef við byrjum saman í dag verðum við komin með 15.961.867 kr. eftir 35 ár.“

Mótframlagið þitt




*Lokaeinneign fyrir skatta við 60 ára aldur. Miðað við 25 ára einstakling með 240.000 kr. í mánaðarlaun.

Viðbótarlífeyrissparnaður hefur fjölmarga kosti. Sá helsti er þó líklega mótframlagið þitt sem þýðir að þú færð greitt fyrir að spara. Þú getur lagt allt að 4% af launum þínum í viðbótarlífeyrissparnað og launagreiðendur leggja að jafnaði til allt að 2% á móti þér. Það er mótframlagið þitt.

**Komdu þér í samband við mótframlagið þitt strax í dag. Við bíðum þín í 410 4000 eða á landsbanki.is með ráðleggingar um hvernig þú getur fengið sem mest út úr sambandinu í Lífeyrissparnaði Landsbankans.**

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

Lífeyrissparnaður Landsbankans

GOTT FÓLK McCANN



## KJÖRKASSI

*Þarf að rannsaka betur ásakanir um að fangaflug Bandaríkjamanna hafi lent á Keflavíkurflugvelli?*

| | |
|---|---|
| Já | 70% |
| Nei | 30% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á ASÍ að segja upp kjarasamningum við Samtök atvinnulífsins?*

Segðu skoðun þína á Vísi.is

Ásta R. Jóhannesdóttir þingmaður segir Alzheimersjúklinga ekki njóta grunnþjónustu:

# Segir öldruðum mismunað

**ALDRAÐIR** Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra segir að engin stefnubreyting hafi orðið af hálfu stjórnvalda í málefnum aldraðra og engin ákvörðun hafi verið tekin sem leitt geti til mismununar eftir efnahag aldraðra.

Þetta kom fram í svari Halldórs við óundirbúinni fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur, þingmanns Samfylkingar, á Alþingi í gær.

Ásta vildi vita hvort fregnir í fjölmiðlum undanfarið vísuðu til einhverrar stefnubreytingar af hálfu stjórnvalda í málefnum aldraðra. Forstöðumaður öldrunarheimilis hefði staðfest í Kastljósi að aðstandendur aldraðra gætu keypt þjónustu umfram það sem daggjöld segja til um og þannig væri verið að mismuna þeim sem þjónustunnar njóta eftir efnahag.

Ásta sagði að grunnþjónustan nægði ekki fyrir Alzheimersjúklinga og undraðist að forsætisráðherra hefði ekki heyrt að aðstandendur væru farnir að kaupa viðbótarþjónustu.

Halldór Ásgrímsson ítrekaði að sér væri ekki kunnugt um að verið væri að kaupa aukaþjónustu. Hann vísaði til nýrrar úttektar Ríkisendurskoðunar um þjónustu við aldraða sem hann taldi vandaða og leggja ætti til grundvallar þegar fjallað væri um málið. **- jh**



**Á SÓLVANGI** Engin stefnubreyting hefur orðið af hálfu stjórnvalda í málefnum aldraða. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

Grunaðir hryðjuverkamenn:

# Sóttu allir sömu moskuna

**DANMÖRK** Áttmenningarnir sem eru í haldi í Danmörku og Bosníu grunaðir um að hafa ætlað að fremja hryðjuverk sóttu allir sömu moskuna hjá sama klerkinum. Sá heitir Abu Ahmed og hefur verið undir smásjá lögreglunnar í Danmörku undanfarin misseri.

Í frétt Politiken um helgina er því haldið fram að Abu Ahmed lofi Osama Bin Laden. Hann hefur einnig haldið því fram að morð á Bandaríkjamönnum séu réttlætanleg.

Abu Ahmed kveðst í samtali við Politken ekkert kannast við fólkið sem nú er í varðhaldi. ■



**NÝIR BÍLAR** Vöruverð nýrra bifreiða hefur ekki hækkað.

Fólksbílum fjölgar:

# 45 nýir bílar skráðir á dag

**VIÐSKIPTI** Tæplega fjórtán hundruð fólksbifreiðar voru nýskráðar í október sem jafngildir 45 bílum á hvern mánaðardag. Í sama mánuði í fyrra voru þær rétt rúmlega átta hundruð. Aukningin á milli ára er ríflega 64 prósent.

Nýskráðar bifreiðar á öllu árinu í fyrra voru tíu þúsund og það sem af er þessu ári eru þær nú ríflega fimmtán þúsund. Það er 53 prósenta aukning á milli ára. Í Morgunkorni Íslandsbanka er reiknað með að kaupmáttur almennings á nýjum fólksbifreiðum eigi eftir að aukast á næstunni. Kaupmáttur launa mældur í bifreiðum hefur aukist um ríflega 15 prósent frá því í upphafi árs 2003. ■

Danir kjósa sveitarstjórnir:

# Mið- og hægri sveiflu spáð

**DANMÖRK** Útlit er fyrir að jafnaðarmenn fái flest atkvæði í komandi sveitarstjórnarkosningum í Danmörku. Þetta kemur fram í spá sem Søren Risbjerg Thomsen, prófessor við háskólann í Árósum, hefur gert og dagblaðið Politiken sagði frá í gær. Hins vegar má vænta þess að mið- og hægri flokkarnir nái meirihluta borgar- og bæjarstjórasæta í kosningunum, eða í 50 af þeim 98 sveitarfélögum sem kosið verður í. Danir ganga að kjörborðinu næsta þriðjudag. **- ks**

# Uppþot út fyrir landsteinana

**Ekkert lát er á óeirðunum í Frakklandi en ríflega 1.400 bifreiðar voru brenndar víða um landið í fyrrinótt. Jafnframt var kveikt í bílum í Brussel og Berlín. Í gær lést maður af sárum sínum á sjúkrahúsi í París en hettuklæddir óeirðaseggir börðu hann til óbóta fyrir utan heimili hans í síðustu viku.**

**ÓEIRÐIR** Uppþotin í Frakklandi eru farin að breiðast út til annarra landa Evrópu en í fyrrinótt voru bílar brenndir í höfuðborgum Þýskalands og Belgíu. Í gær lést franskur maður af barsmíðum sem hann hlaut í óeirðunum í síðustu viku.

Elleftu nóttina í röð kom til óspekta í Frakklandi og hefur ástandið aldrei verið verra. Skemmdarvargar óðu uppi í 274 bæjum í landinu og kveiktu þeir í ríflega 1.400 bifreiðum. 36 meiddust í átökum og 395 voru handteknir. Í Grigny, einni af útborgum Parísar. Skotið var á lögreglumenn með loftrifflum og þurfti að flytja tvo þeirra á sjúkrahús með nokkra áverka. Í Colombes, annarri útborg Parísar, létu unglingar grjóti rigna yfir strætisvagn og hlaut 13 mánaða gamalt barn nokkur meiðsli þegar það fékk stein í höfuðið.

Í síðustu viku voru uppþotin nánast bundin við úthverfi Parísar en nú virðast þau heldur í rénun þar á meðan ástandið versnar annars staðar í landinu. Þannig var kveikt í kirkjum í Lens og Sete og í Saint-Etienne var eldur lagður að skólum. Alls hafa 4.700 bifreiðar verið eyðilagðar og 1.200 manns settir á bak við lás og slá.



**BÍLABRENNUR Í BERLÍN** Skemmdarvargar skeyttu skapi sínu á í það minnsta fimm bifreiðum í hverfinu Moabit í Berlín og í Brussel var svipað uppi á teningnum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**SORGMÆDD** Nicole Le Chenadec, ekkja Jean-Jacques Le Chenadec, sem ofbeldismenn börðu til ólífis, og Jean-Pierre Moreau, vinur fjölskyldunnar, ræddu við blaðamenn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lögregla í París greindi frá fyrsta dauðsfallinu í tengslum við óeirðirnar í gær en þá lést Jean-Jacques Le Chenadec, 61 árs gamall íbúi úthverfisins Stains, á sjúkrahúsi í höfuðborginni. Grímuklæddir menn börðu hann til óbóta í síðustu viku þar sem hann reyndi að slökkva eld í ruslatunnu fyrir utan heimili sitt.

Teikn eru á lofti um að óeirðirnar séu farnar að breiðast út til annarra landa álfunnar. Í Brussel voru bílar brenndir fyrir utan aðaljárnbrautarstöð borgarinnar og í Moabit, einu af verkamannahverfum Berlínar, voru skemmdarverk unnin á farartækjum og öðrum mannvirkjum. Enda þótt yfirvöld í löndunum reyndu að gera sem minnst úr ólgunni viðurkenndu þau að erfiðleikar innflytjenda við að laga sig að þjóðfélaginu væru ekki bundnir við Frakkland. „Aðstæður eru aðrar í Frakklandi en hérlendis,“ sagði Wolfgang Schäuble, innanríkisráðherraefni Angelu Merkel, væntanlegs Þýskalandskanslara. „Við verðum hins vegar að aðstoða innflytjendur betur við að laga sig að þjóðfélaginu, sérstaklega þá sem yngri eru. Lykilatriði er að þeir nái góðum tökum á þýskri tungu.“

Í gær reyndi Philippe Douste-Blazy, utanríkisráðherra Frakklands, að sannfæra starfsbræður sína í aðildarríkjum Evrópusambandsins um að „Frakkland væri ekki hættulegt land“ á fundi þeirra í Brussel. Líklega hefur hann talað fyrir daufum eyrum því yfirvöld nokkurra landa, þar á meðal Ástralíu, Bandaríkjanna, Bretlands, Rússlands og Þýskalands hafa varað þegna sína við að fara um þær slóðir þar sem vargöldin hefur ríkt síðustu daga.

Kveikja uppþotanna var dauði tveggja unglinga af innflytjendaættum í Clichy-sous-Bois, úthverfi Parísar, en þeir töldu lögreglu vera á eftir sér. Sá atburður virðist hafa verið kornið sem fyllti mælinn hjá fjölda fólks, einkum múslimum frá Norður-Afríku, sem býr nánast á jöðrum samfélagsins í hrörlegum innflytjendahverfum. Atvinnuleysi er mikið hjá þessum hópi samfélagsins og þar er glæpatíðni einnig há. Sambúðin við aðra þjóðfélagshópa gengur brösulega og virðast frönsk stjórnvöld vera nánast í óleysanlegri úlfakreppu af þeim sökum.

**sveinng@frettabladid.is**






Sæstrengur bilar í fjórtánda sinn í Skotlandi:

# Stopul nettenging við Ísland

**FJARSKIPTI** „Þessi bilun er eins og svo oft áður hjá samstarfsaðilum okkar í Skotlandi,“ segir Guðmundur Gunnarsson, framkvæmdastjóri Farice.

Það fyrirtæki rekur samnefndan sæstreng sem er annar tveggja strengja sem meståll fjarskipti Íslands fara um. Farice-strengurinn bilaði í gærmorgun skammt hjá bænum Wick í Skotlandi og það hafði þær afleiðingar að allt netsamband hér á landi var mun hægvirkara en ella. Þetta er í fjórtánda sinn sem strengurinn bilar frá því að hann var tekinn í notkun í janúar 2004. Alltaf hefur bilunin orðið í Skotlandi.



**GUÐMUNDUR GUNNARSSON** Framkvæmdastjóri Farice.

„Þetta er einmitt ástæðan fyrir því að við höfum alla okkar miðlara í London,“ segir Hilmar Veigar Pétursson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins CCP sem á og rekur netleikinn EVE online sem 78 þúsund notendur víða um heim spila í gegnum netið. „Það er í raun algjör synd því svona miðlarar þurfa mikið og öruggt rafmagn og því höfum við oft rætt það að hafa þá hér á landi en alltaf strandar sú umræða á því að hingað liggja aðeins tvær tengingar og oft liggur önnur niðri,“ segir Hilmar Veigar. **- jse**



**LJÓSLEIÐARASTRENGUR** Verktakar í Skotlandi hafa gert mörgum netnotendum lífið leitt á Íslandi með því að grafa í sundur ljósleiðara sem hingað liggur.

# *Peningarnir þínir slá í gegn!*



## *Láttu þá vinna með þér*

ÍSLANDSBANKI

## Bætum enn við námskeiðum vegna mikillar aðsóknar.

Fjármálanámskeið Íslandsbanka og Háskólans í Reykjavík, *Peningarnir þínir*, hafa svo sannarlega slegið í gegn. Fullbókað er á öll námskeiðin og því munum við bæta við sex námskeiðstímum til viðbótar.

**Skráið ykkur strax á isb.is eða í síma 599 6350 – fyrstur kemur, fyrstur fær!**

| | Reykjavík | | | Reykjavík | |
|---|---|---|---|---|---|
| FULLT | Mið. 9. nóv. | kl. 16–19 | NÝTT | Fim. 10. nóv. | kl. 19–22 |
| FULLT | Lau. 12. nóv. | kl. 10–13 | NÝTT | Þri. 22. nóv. | kl. 18–21 |
| FULLT | Mán. 14. nóv. | kl. 16–19 | NÝTT | Mið. 23. nóv. | kl. 19–22 |
| FULLT | Mið. 23. nóv. | kl. 16–19 | NÝTT | Fim. 1. des. | kl. 15–18 |
| FULLT | Fim. 24. nóv. | kl. 16–19 | NÝTT | Fim. 1. des. | kl. 18–21 |
| FULLT | Lau. 26. nóv. | kl. 10–13 | | | |
| FULLT | Mán. 28. nóv. | kl. 16–19 | | | |

**Akureyri**
Mið. 30. nóv. kl. 15–18
Mið. 30. nóv. kl. 18–21

**Reykjanesbær**
Lau. 3. des. kl. 10–13

**Selfoss**
NÝTT Mán. 21. nóv. kl. 16–19

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 4137




Öryggissamvinnustofnun Evrópu gagnrýnir asersku þingkosningarnar:

# Utan við alþjóðlegar kröfur

**BAKÚ, AP** Kosningaeftirlitsmenn Öryggissamvinnustofnunar Evrópu ÖSE sem fylgdust með þingkosningunum í Aserbaídsjan um helgina segja þær ekki uppfylla alþjóðlegar kröfur.

Þegar næstum 93 prósent atkvæðanna höfðu verið talin í gær höfðu þingmenn stjórnarflokkanna forystu í meirihluta kjördæmanna. Yfirlýstir stjórnarandstæðingar virtust hins vegar einungis ætla að fá tíu þingsæti af 125.

Kosningaeftirlitsmenn ÖSE segjast hafa séð starfsmenn kjörstaða hafa áhrif á val kjósenda, í kjördeildum var að finna óviðkomandi aðila sem skiptu sér af kjörfundinum og nokkur dæmi voru um að hátt hafi verið haft við kjörkassa og útfylltum atkvæðaseðlum komið þar fyrir. Auk þess virðast meinbugir hafa verið á talningu atkvæða og takmarkanir settar á samkomur fólks.

„Ágallarnir sem við urðum áskynja, sérstaklega á kjördag, hafa leitt okkur að þeirri niðurstöðu að kosningarnar uppfylltu ekki þær alþjóðaskuldbindingar sem Aserbaídsjan hefur tekið á sig,“ sagði Alcee L. Hastings, forseti allsherjarþings ÖSE, í yfirlýsingu í gær.

Úrskurður ÖSE er vatn á myllu stjórnarandstæðinga sem gagnrýnt hafa kosningarnar harðlega. Þeir boða til fjöldamótmæla á morgun.

- shg



**SIGURVISS** Ilham Aliev, forseti Aserbaídsjans, hafði heitið sanngjörnum og heiðarlegum kosningum en við það virðist hins vegar ekki hafa verið staðið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vogar og Vatnsleysuströnd verði kaupstaður:

# Tvö þúsund íbúar eftir 5 ár

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Hreppstjórn Vatnsleysustrandar stefnir að tvöföldun íbúafjölda á næstu fimm árum. Gangi það eftir verða íbúar orðnir tvö þúsund við lok þessa áratugar.

Íbúar Vatnsleysustrandarhrepps eru orðnir um þúsund og hefur fjölgað um tæp 40 prósent á sex árum. Þar með er ljóst að markmiðið sem hreppstjórnin setti sér árið 1999 um að fjölga íbúum um 40 prósent hefur náðst. Heimamenn ætla þó ekki að láta staðar numið. Jón Gunnarsson, oddviti hreppstjórnar, segir markmiðið að fjölga íbúum enn frekar. „Viðbúið er að íbúarnir verði orðnir 1.300 næsta sumar, miðað við það húsnæði sem nú er í byggingu og því stefnum við á að þeir verði um tvö þúsund eftir fimm ár,“ segir hann.



**FRÁ VOGUM Á VATNSLEYSUSTRÖND** Íbúar í hreppnum eru komnir yfir eitt þúsund og hann verður brátt að bæjarfélagi.

Þetta er ekki eina breytingin sem er framundan hjá hreppnum því til stendur að breyta Vatnsleysu og Vogum úr hreppi í sveitarfélag samhliða því að íbúafjöldinn fór yfir eitt þúsund. Jón segir breytinguna ekki eiga að hafa mikil áhrif á íbúana utan þess að bæjarstjórn kemur í stað hreppstjórnar og hún haldi oftar fundi en hreppstjórnin hefur gert. Því geti íbúar átt von á því að skemmri tíma taki að bregðast við málum sem berast bæjarstjórn. ■




Hetjur óskast
**Á Íslandi eru um 9000 reglulegir blóðgjafar.**
Við þurfum fleiri til að geta brugðist við alvarlegum slysum, náttúruhamförum eða öðru neyðarástandi. Við skorum á þig að koma og gefa blóð. Taktu með þér vin, vinnufélaga eða ættingja og gerðu heimsókn í Blóðbankann að fastri venju.
Við bjóðum öllum upp á hressingu og þeir sem gefa blóð fyrir 15. nóvember geta átt von á veglegum vinningi - því fleiri vini sem þú tekur með því meiri möguleikar.
**Vertu hetja - gefðu blóð!**
BLÓÐBANKINN
Sjáumst!
og
vodafone
Heyrumst!



**KONUNGLEG HEIMSÓKN** Sænsku konungshjónin eru í sex daga opinberri heimsókn í Ástralíu. Silvía Svíadrottning stendur hér við ástralskt minnismerki um hernað í höfuðborg landsins, Canberra. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bilun í póstþjóni varð til þess að tölvupóstur í nýja tegund farsíma fór á flakk:

# BBC hætti Blackberry-notkun

**UPPLÝSINGATÆKNI** Breska ríkisútvarpið, BBC, sagðist nýverið hafa þurft að hætta að nota Blackberry-tölvupóstþjónustu eftir að yfirmenn stofnunarinnar urðu fyrir því að brot úr tölvupóstsamskiptum annarra birtust inni í þeirra eigin skilaboðum.

Í breska dagblaðinu Guardian var frá því greint að meðal textabrota sem fóru á flakk hafi verið athugasemdir dagskrárstjóra um hvort söng- og leikkonan Cilla Black hentaði BBC1 rásinni.

Hér bjóða bæði Og Vodafone og Síminn upp á Blackberry-síma. Gísli Þorsteinsson, upplýsingafulltrúi Og Vodafone, segir að fyrirtækið hafi ekki orðið vart við nein vandamál líkt og í Bretlandi, enda muni þar hafa verið um einstakt tilvik að ræða. Hann segir Research In Motion, sem framleiðir Blackberry hafa tekið bilunina hjá BBC mjög alvarlega og fundið út úr vandanum á um tveimur sólarhringum. „Í ljós kom að bilunin átti sér stað í Business Enterprice Solution-póstþjóni og hennar varð ekki vart fyrir utan eldvegg BBC. Af þeim sökum hafði bilunin ekki áhrif utan fyrirtækisins,“ segir hann og telur lausn Blackberry bæði stöðuga og góða, enda hafi hún verið sett upp á ríflega 55 þúsund póstþjónum víða um heim, fyrir tæplega fjórar milljónir viðskiptavina. „Hjá BBC átti bilunin sér stað hjá einum notanda af 300. Sé þetta mál borið saman við aðra framleiðendur er ljóst að Blackberry lausnin er einstaklega áreiðanleg og stöðug,“ segir hann. - óká



**BLACKBERRY-SÍMI** Upplýsingafulltrúi Og Vodafone segir mikinn áhuga á Blackberry, en í símtækið er hægt að fá sendan tölvupóst jafnóðum og hann berst í tölvuna.

Fasteignaverð:

# Hækkaði mest í Garðabæ

Fasteignaverð í Garðabæ hækkaði um fimmtán prósent á öðrum ársfjórðungi þessa árs, meira en nokkurs staðar annars staðar á höfuðborgarsvæðinu, samkvæmt tölum frá Fasteignamati ríkisins.

Fasteignir í Kópavogi, sunnan Kópavogslækjar, hækkuðu um fjórtán prósent og fasteignir í Grafarholti um tólf prósent. Annars staðar var hækkunin undir tíu prósentum. Fasteignaverð lækkaði á tveim stöðum, annars vegar í Norðurmýri um tæpt eitt prósent og hins vegar á Seltjarnarnesi um hálft prósent. ■


VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




Hreinn sparnaður

Ef þú kaupir Miele þvottavél færðu kaupverðið endurgreitt á 9 til 15 árum með betri meðferð á þvottinum þínum

1 **Miele þvottavélar** eru með nýrri tromlu með vaxkökumynstri sem fer betur með þvottinn. *Einkaleyfi Miele.*

2 **Miele þvottavélar** endast lengur en aðrar þvottavélar.

3 **Miele þvottavélar** eru byggðar á stálgrind og eru með ytri þvottabelg úr ryðfríu stáli ólíkt flestum öðrum þvottavélum.

Íslenskt stjórnborð

Miele




Neytendastofnanir prófa þvottavélar í 3.800 klst.
Samkeppninsaðilar 1 prófa sínar vélar í 4.500 klst.
Samkeppnisaðilar 2 prófa sínar vélar í 6.000 klst.
**Miele prófar sínar þvottavélar í 10.000 klst.**

MIELE ÞVOTTAVÉL- *fjárfesting sem borgar sig*

| Gerð | Listaverð | |
|---|---|---|
| Þvottavél W405 *1200sn/mín/5 kg.* | kr. 128.428 | **Kr. 89.900** Tilboð |
| Þvottavél W3241 *1400sn/mín/6 kg.* | kr. 148.200 | **kr. 133.380** stgr. |
| Þvottavél W3245 *1600sn/mín/6 kg.* | kr. 168.700 | **kr. 151.830** stgr. |
| Þurrkari T233 *útblástur/5 kg.* | kr. 98.800 | **Kr. 69.160** Tilboð |
| Þurrkari T233C *rakaþéttir/5 kg.* | kr. 115.400 | **Kr. 80.780** Tilboð |



*Í upphafi skal endirinn skoða - Miele borgar sig*

EIRVÍK

– *hágæðaheimilistæki*

Suðurlandsbraut 20 - 108 Reykjavík
Sími 588 0200 - www.eirvik.is




**HRÁTT FUGLAKJÖT** Rúmlega sextíu manns hafa dáið úr fuglaflensu í Asíu undanfarin misseri en þeir eiga það sameiginlegt að hafa komist í snertingu við sýkta fugla eða kjöt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Fjárhagstjónið verður mikið

## Alþjóðabankinn telur að heimsframleiðslan dragist saman um 50.000 milljarða króna á ári verði fuglaflensan að heimsfaraldri.

**GENF, AP** Banvænn fuglaflensufaraldur er svo gott sem óumflýjanlegur og ef alþjóðasamfélagið undirbýr sig ekki nægilega vel geta ómældar þjáningar beðið jarðarbúa. Þetta voru skilaboð framkvæmdastjóra Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar WHO í gær.

„Við höfum orðið vitni að látlausri útbreiðslu fuglaflensu á meðal farfugla og alifugla,“ sagði Lee Jong-wook, framkvæmdastjóri WHO, á samræmingarfundi sérfræðinga á sviði heilbrigðismála víðsvegar að úr heiminum í Genf í gær. Í ávarpi sínu lagði Lee áherslu á að H5N1-veiran hefði ekki ennþá stökkbreyst svo hún gæti borist á milli manna en það væri samt sem áður aðeins tímaspursmál.

Á fundinum greindi Milan Brahmbhatt, aðalhagfræðingur Alþjóðabankans á sviði Austur-Asíu og Kyrrahafslanda, frá mati bankans á efnahagsáhrifum heimsfaraldurs fuglaflensu. Samkvæmt spám Alþjóðabankans myndi slíkur faraldur valda tveggja prósenta samdrætti á heimsframleiðslunni á ári, sem jafngildir um 50.000 milljarða króna tekjutapi. Til samanburðar má geta að árleg þjóðarframleiðsla Íslendinga er um 800 milljarðar króna.

Hagfræðingar bankans reikna með að stærstur hluti samdráttarins verði vegna „ofsahræðslu og óðagots“, líkt og gerðist þegar bráðalungnabólgan SARS kom upp árið 2003 en þá dróst einmitt þjóðarframleiðsla ríkja Austur-Asíu saman um tvö prósent.

Á fundinum ítrekuðu talsmenn WHO enn og aftur nauðsyn þess fyrir alþjóðasamfélagið að undirbúa sig í tíma fyrir flensufaraldurinn yfirvofandi en stofnunin telur líklegt að 7,4 milljónir manna gætu látist úr veikinni.

sveinng@frettabladid.is



**GLERÁRTORG** Á meðal skemmtikrafta sem stigu á svið á Glerártorgi var stórsöngvarinn Óskar Pétursson og gestum og gangandi var boðið upp á tertu og ís. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

Verslunarmiðstöðin Glerártorg fimm ára:

# Tíu þúsund gestir

**VERSLUN** Fjölmenni lagði leið sína á afmælishátíð Glerártorgs á Akureyri um helgina en fimm ár eru síðan verslunarmiðstöðin var tekin í gagnið.

Starfsmenn Glerártorgs telja að alls hafi hátt í tíu þúsund manns komið í verslunarmiðstöðina og þegar líða tók á daginn voru öll bifreiðastæði full. Afmælisdagskráin hófst á föstudag, með fjölbreyttri skemmtidagskrá, en hátíðinni lýkur sunnudaginn 13. nóvember. - kk


Of gáfaður fyrir Krókinn. Of reiður fyrir Reykjavík. Of hreinskilinn fyrir Ísland.
ROKLAND
KEMUR ÚT Í DAG
Edda
HALLGRÍMUR HELGASON

## „ORÐRÉTT“

*Heppinn*

**„Við höfum í rauninni bara verið heppnir.“**

**Ragnar Gunnarsson í Morgunblaðinu um að einungis einn fangi á Litla-Hrauni hafi fallið fyrir eigin hendi á síðustu þremur árum.**

*Aftur til fortíðar*

**„Fjórtán ára forystukreppa D-listans í Reykjavík er komin á byrjunarreit.“**

**Stefán Jón Hafstein í Fréttablaðinu um sigur Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar í prófkjöri.**

*nær og fjær*
# tilveran

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? HALLDÓR HERMANNSSON SKIPSTJÓRI:

# Pólitísku pótemkíntjöldin



„Það hefur gefið allt of sjaldan út á haf, þar sem fiskurinn er og því er heldur dauft yfir plássinu,“ segir Halldór Hermannsson, fyrrverandi skipstjóri á Ísafirði. Halldór var við beitningu þegar haft var samband við hann.

Ekki er laust við að greina megi áhyggjutón hjá skipstjóranum þegar talið berst að afkomunni og stjórnmálunum. „Bæjarstjórnin hérna er alltaf að breiða upp þessi pótemkíntjöld og segja að verið sé að skipa nefndir hér og verið sé að skipa nefndir þar en mér þykir lítið eitt koma út úr þessu öllu,“ segir Halldór. Hann heldur áfram: „Við erum búin að missa svo margar fjaðrir í atvinnulegu tilliti að það er orðið allt of lítið úrval af atvinnu. Alltaf er smásaumað að sjávarútveginum. Það er einhvers konar tíska í dag hjá þeim sem ráða ferðinni að segja okkur að svart sé hvítt og hvítt sé svart.“

Halldór telur ekki að hagur Vestfirðinga muni breytast mikið þó að Einar K. Guðfinnsson sé sestur í stól sjávarútvegsráðherra. „Ég á ekki von á öðru en að Einar Guðfinnsson sem sjávarútvegsráðherra gegni húsbændum sínum, stórútgerðarmönnum, í einu og öllu. Hann hefur sagst munu verða jámaður þeirra og við Vestfirðingar búumst ekki við stórtækum breytingum þó að hann sé kominn í ráðuneytið.“ Halldór segist vanur að tala hreint út, jafnvel þótt hann hafi stundum bakað sér óvinsældir með því. „Lái mér hver sem vill.“

„Já, það virðist djúpt á þíðunni núna og einhvern veginn lítur ekki út fyrir að veðurfarið ætli að skána alveg á næstunni. Það hefur verið kalt hérna í haust og við vitum ekkert hvenær þetta skánar,“ segir skipstjórinn.


HVERFAFUNDIR BORGARSTJÓRA 2005



Borgarstjóri hlustar

Kjalarnes

Klébergsskóla í kvöld kl. 20

Ágæti íbúi



Hverfafundir eru kjörið tækifæri til að koma þínum skoðunum á framfæri við borgarstjóra. Þeir eru nauðsynlegur vettvangur samskipta milli borgarstjóra og íbúa. Hverfafundir eru árviss málþing um hagsmunamál íbúa og ég vona að þú sjáir þér fært að koma og ræða málin á fundi í þínu hverfi.

Komdu á hverfafund og segðu hvað þér finnst.

Með bestu kveðju



Þín skoðun skiptir máli

Nánari upplýsingar á: www.reykjavik.is

Borgarstjórinn í Reykjavík

Næsti hverfafundur: Vesturbær
fimmtudagur 10. nóvember kl. 20 í Safnaðarheimili Neskirkju

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu




**SKYGGNST BAK VIÐ TJÖLDIN** Horft inn í bakhúsið á Aðalstræti 10. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA HELGADÓTTIR

# Húsið fær að ráða

**Miklar umbætur standa yfir á húsnæðinu í Aðalstræti 10 sem margir Íslendingar þekkja sem skemmtistaðinn Fógetann. Húsið er hið elsta í Reykjavík og gengur nú í endurnýjun lífdaga.**

Miklar framkvæmdir standa yfir við elsta hús borgarinnar í Aðalstræti 10. Eins og gefur að skilja á húsið sér fjölbreytta og langa sögu en síðastliðin 25 ár hafa þar verið reknir skemmtistaðir. Þekktastur þeirra er líklega Fógetinn sem opnaði í húsinu árið 1980. Fram að þeim tíma eða allt frá 1881 var starfrækt verslun í húsinu en þeir Silli og Valdi voru með höfuðstöðvar sínar í húsinu allt frá 1926. Þeir sátu á móti hvor öðrum við gaflgluggann á efri hæð hússins og stýrðu versluninni af myndarskap.



**MINJAVERND** Þorsteinn Bergmann hjá Minjavernd við Aðalstræti 10 fyrir breytingar.

Húsið var að öllum líkindum reist á bilinu 1752 til 1764, þó nýjustu rannsóknir sýni að fyrra ártalið sé nær lagi að sögn Þorsteins Bergssonar, framkvæmdastjóra Minjaverndar, sem sér um endurgerð hússins. „Húsið verður fært sem næst því sem það var árið 1822,“ segir Þorsteinn en uppbyggingin er byggð á matsgerð sem gerð var þegar konungur keypti húsið fyrir Geir Vídalín biskup en hann og Jens Sigurðsson, bróðir Jóns Sigurðssonar forseta, eru nafntoguðustu menn sem búið hafa í húsinu.

Matsgerðin frá 1822 er mjög nákvæm að sögn Þorsteins en útlit hússins á þeim tíma svipaði mjög til upphaflegrar gerðar þess. „Grunnform hússins og grind var ekkert breytt en búið var að bæta við þiljum og gera það að vistarverum,“ segir Þorsteinn en húsið var upphaflega byggt fyrir starfsemi Innréttinganna sem hófst í Reykjavík árið 1752.

„Við horfum til seinni hluta næsta sumars,“ segir Þorsteinn um verklokin en ekki er ljóst hvaða hlutverki húsið muni gegna í framtíðinni. „Við ákváðum að láta húsið ráða og velja starfsemi í það þegar þar að kæmi,“ segir Þorsteinn en ein hugmyndin var að tengja húsið við landnámsskálann. Ljóst er að það verður ekki að veruleika í upphafi en gæti þó orðið í framtíðinni. „Það eina sem ákveðið hefur verið er að það er æði ósennilegt að við munum setja veitingastað þar inn með einhverjum hætti,“ segir Þorsteinn en fyrir aftan húsið verður byggt annað hús sem mun liggja eins og Aðalstræti 10 og tengt við það með léttri glerbyggingu. ■



**MIKLAR BREYTINGAR** Það er ekki margt sem minnir á skemmtistaðinn Fógetann í Aðalstræti 10 í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA


FRJÁLSI

Hagstæðasta bílalánið

Lægri vextir og ekkert lántökugjald

Frjálsi fjárfestingarbankinn | Lágmúla 6 | sími 540 5000 | www.frjalsi.is



Himinn og haf







# VAXTALAUS NÓVEMBER

BJÓÐUM VAXTALAUSA GREIÐSLUDREIFINGU
Í ALLT AÐ 12 MÁNUÐI*

FYRSTA GREIÐSLA Í JANÚAR

FABRIKAN

*TILBOÐIÐ GILDIR EF VERSLAÐ ER FYRIR YFIR 100.000 KR.
TILBOÐIÐ GILDIR ÚT NÓVEMBER.

TEKK
COMPANY

OPIÐ LAUGARDAGA 10-16 OG SUNNUDAGA 13-16

BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS


99 kr. dagurinn
99 kr/pk.
Celebration glös 3 stk.
99 kr/pk.
Baðbátar
99 kr/stk.
Pockos pöddur
99 kr/stk.
Sparibaukar
99 kr/stk.
Prjónadúkkur 6 tegundir
99 kr/stk.
Jólasveinahúfa
99 kr/stk.
Vileda gúmmíhanskar
99 kr/stk.
Jólatréhengi
99 kr/stk.
Filt englar
99 kr/stk.
Dial sápur
99 kr/stk.
Nærbuxur m/streng
99 kr/pk.
Dreadies fléttubönd 50 stk.í pakka
99 kr/stk.
Baðbombur
Tilboðin gilda 8. nóvember eða meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla




**99 kr/pk.**

Pagen piparkökur 230g




**99 kr/pk.**

Texas pizza 300g



**99 kr/stk.**

Risabrauð 1 kg.




**99 kr/pk.**

Cadbury Curly Wurli 3 í pk.




**99 kr/pk.**

Holta pylsur 5 stk.



**99 kr/pk.**

Borgari 100g m/brauði 1 stk.



**99 kr/stk.**

Vínarbrauðstjarna



**99 kr/pk.**

Russell Stover sælgæti




**99 kr/stk.**

GK ís vanillu og súkkulaði



**99 kr/kg.**

Appelsínur

# HAGKAUP

*Skemmtilegast að versla*

## SVONA ERUM VIÐ

**GISTINÆTUR JAPANA Á HÓTELUM FRÁ 1997 TIL 2004**

Heimild: Hagstofa Íslands




# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

**FBL. GREINING:** DAVID BLUNKETT , FRÁFARANDI ATVINNU- OG LÍFEYRISMÁLARÁÐHERRA BRETLANDS

## *Harmsaga harðjaxlsins blinda*

Í síðustu viku sagði einn litríkasti stjórnmálamaður Bretlands, David Blunkett, af sér ráðherraembætti í annað sinn á einu ári.

**Braust áfram af eigin rammleik**

Dapurleg bernska Blunkett gæti allt eins verið úr bók eftir Charles Dickens. Þegar hann fæddist árið 1947 kom í ljós að hann var blindur, hann var settur á heimavistarskóla fjögurra ára gamall og átta árum síðar lést faðir hans þegar hann féll ofan í tank fullan af sjóðandi vatni í verksmiðju.

Engu að síður tókst Blunkett að brjótast áfram af eigin rammleik. Aðeins 22 ára varð hann borgaraðsmaður í Sheffield og árið 1987 varð hann svo þingmaður Verkamannaflokksins í Sheffield Brightside. Þegar flokkurinn komst í ríkisstjórn árið 1997 varð Blunkett menntamálaráðherra en 2001 færði hann sig svo um set og settist í stól innanríkisráðherra. Hann þótti harður í horn að taka og sú gagnrýni sem hann hlaut fyrir óbilgirnina virtist ekki bíta á hann heldur þvert á móti virtist hann hafa gaman af því að taka á „airy, fairy, libertarians,“ eða frjálslyndum vindhönum.

**Tvöfalt fall**

Í desember 2004 varð Blunkett hins vegar að segja af sér þegar upp komst að hann hafði hraðað umsókn barnfóstru Kimberly Quinn, ástkonu sinnar, um vegabréfsáritun. Samband þeirra fór svo út um þúfur og í kjölfarið hófst bitur deila um hvort Blunkett væri faðir tveggja drengja sem hún hafði eignast á meðan þau voru saman. Blunkett settist aftur í ríkisstjórn Blairs eftir kosningarnar í vor, þá sem ráðherra atvinnu- og lífeyrismála, en í síðustu viku varð hann að segja af sér vegna þess að honum láðist að greina frá tekjum og hagsmunatengslum sínum þegar hann var á milli ráðherraembætta.



Blair, Blunkett og blindrahundurinn Sadie.

## SPURT OG SVARAÐ

**STYTTING FRAMHALDSSKÓLA**

### *Sumarvinna mikilvæg*



**SVERRIR PÁLL ERLENDSSON MENNTASKÓLAKENNARI**

Menntamálaráðherra hefur tilkynnt um fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar að stytta nám í framhaldsskólum landsins í þrjú ár úr fjórum.

**Hvers vegna ertu mótfallinn styttingu náms til stúdentprófs?**

Engar faglegar forsendur eru fyrir þessari styttingu. Þetta er eingöngu niðurskurður ríkisins á undirbúningi til háskólanáms. Þótt unnið hafi verið að námsskrá að þriggja ára skóla að beiðni menntamálaráðuneytisins, líkt og ráðherra hefur bent á, var það gert með hangandi hendi og með yfirlýstri andstöðu þeirra sem að námsskránni unnu, við breytingarnar.

**En hvað með rök menntamálaráðherra um að íslenskir nemendur hefji háskólanám síðar á ævinni en nemendur í öðrum löndum?**

Í 35 ár hefur verið hægt að taka stúdentspróf á þremur árum í áfangakerfinu, samt kjósa innan við 20 prósent nemenda að fara þá leið. Lengd framhaldsnáms hér á landi stafar sumpart af því að á Íslandi hefur enn verið töluverður hluti af uppeldi unglinga að vinna í sumarleyfum og erum við með lengri sumarleyfi en tíðkast í öðrum löndum. Þess vegna má segja að skólatíminn sé öllu lengri en annars staðar. Það er hins vegar samdóma álit þeirra sem ég þekki og hafa farið í háskóla erlendis að íslenskir nemendur koma til náms að jafnaði betur undirbúnir en heimamenn sem koma út úr sínum framhaldsskólum 18 til 19 ára.

# Efasemdir þaggaðar niður

**Gagnrýnendur kalla afmælisráðstefnu Hafrannsóknastofnunarinnar í gær jábræðrasamkomu. Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra vísar slíku á bug og segir margvísleg sjónarmið fá að blómstra.**

**HAFRANNSÓKNIR** Stjórnvöld og Hafrannsóknastofnun eru á Alþingi sökuð um að þagga niður gagnrýnisraddir á störf stofnunarinnar og stuðla þannig að kreddum í fiskifræðinni þar sem frjálsir vindar rökræðu og gagnrýni fái ekki að leika um. Umræða í þessa veru stóð síðastliðinn fimmtudag á Alþingi og aftur í gær í tengslum við ráðstefnu sem Hafrannsóknastofnunin hélt þann sama dag í tengslum við 40 ára afmæli stofnunarinnar.

Sigurjón Þórðarson, Frjálslynda flokknum, spurði Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra hvort hann hygðist hleypa fleirum að í fiskifræðilegum rannsóknum.

Sjávarútvegsráðherra kvaðst hafa séð Sigurjón í mýflugumynd á umræddri ráðstefnu. Það væri miður því þar hefði kennt margra grasa og fjölbreytilegra sjónarmiða, meðal annars í máli fræðimanna frá Kanada og Færeyjum. Hann upplýsti jafnframt að Hafrannsóknastofnunin hygðist halda alls 14 fundi víðsvegar um land á næstunni þar sem almenningi gæfist kostur á að skiptast á skoðunum við sérfræðinga stofnunarinnar.



**FRÁ RÁÐSTEFNU HAFRANNSÓKNASTOFNUNARINNAR Í GÆR** Gagnrýnisraddir segja stofnunina standa fyrir jábræðrasamkomum í stað þess að efla gagnrýna umræðu.

**Gagnrýnin ekki ný**

Umræða um meinta skoðanakúgun Hafrannsóknastofnunarinnar er ekki ný af nálinni. Árið 2001 ritaði Magnús Jónsson veðurstofustjóri eftirfarandi í Morgunblaðsgrein, sem hann kallaði Rannsóknir í herkví hagsmuna: „Er nú svo komið að flestar efasemdaraddir eru þagnaðar enda menn úthrópaðir sem sérvitringar, falsspámenn eða jafnvel ábyrgðarlausir óvinir þjóðarinnar. Margir náttúrufræðingar og fleiri sem gagnrýnt hafa forsendur fiskveiðistjórnunarkerfisins eru hættir að þora að láta skoðanir sínar í ljósi þar sem þeir eiga á hættu að missa vinnuna eða verða fyrir öðrum beinum eða óbeinum óþægindum eða jafnvel mannorðsmissi“.

Skýrsla eftir Tuma Tómasson, þáverandi forstöðumann Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna, birtist veturinn 2001 til 2002. Henni lauk á eftirfarandi orðum: „Það er mikill misskilningur að líta svo á að gagnrýnin umræða sé merki um veikleika Hafrannsóknastofnunarinnar eða vantraust á starfsemi hennar. Þvert á móti ætti að skoða slíka umræðu sem sjálfsagðan hlut því málefnaleg átök við öfluga andstæðinga í vísindum ættu að efla stofnunina enn frekar og leiða til framfara í rannsóknum og nýtingu á auðlindum hafsins sem er okkur öllum svo mikilvæg.“

**Hvað ræður afkomu þorsksins?**

Þingmenn Frjálslynda flokksins vilja að reynsla Færeyinga verði metin hér á landi. Samkvæmt athugunum Jóns Kristjánssonar fiskifræðings virðist öfugt samband vera milli stærðar hrygningarstofns og nýliðunar. Því minni stofn, því meiri nýliðun. Því stærri stofn því minni nýliðun.

Í ráðgjöf og útgáfu veiðiheimilda hafa Færeyingar reynt að taka mið af þessu.

Athuganir Jóns og ráðgjöf Færeyinga hefur reyndar sætt gagnrýni en í útleggingum Hafrannsóknastofnunarinnar er það talið grundvallaratriði að hafa hrygningarstofninn ævinlega sem stærstan. Það sé besta tryggingin fyrir viðgangi þorskstofnsins.

Sigurjón Þórðarson sagði meðal annars í umræðum á þingi síðastliðinn fimmtudag: „Nú er boðað til ráðstefnu um nýliðun... Þeir sem hafa deilt á Hafrannsóknastofnun komast ekki að í umræðunni. Það er eins og menn þori ekki að skoða önnur sjónarmið.“

**Gagnrýnin er næring vísinda**

Össur Skarphéðinsson sagðist ekki geta annað en gagnrýnt Hafrannsóknastofnun alvarlega fyrir þetta framferði. „Aftur og aftur á síðustu árum höfum við séð þetta gerast að þeir sem stýra Hafrannsóknastofnun eru svo önnum kafnir við að verja kerfið sem hefur ekki staðið undir væntingum, að þeir ýta með skipulegum hætti frá þeim hugsuðum og vísindamönnum sem gagnrýna það kerfi sem stofnunin er að verja.“

Össur bætti við að þetta væri höfuðástæða þess að þjóðina skorti alvarlega og frjóa umræðu um rannsóknirnar sem hljóti að vera undirstaða nýtingar þorskstofnsins.

„Mig svíður það oft, þegar maður eins og Einar Oddur Kristjánsson kemur og gagnrýnir Hafrannsóknastofnun,“ sagði Sigurjón Þórðarson. „Hann situr í fjárlaganefnd og hefur yfir fjármunum að ráða til stofnunarinnar. Hann er hluti af því pólitíska valdi sem kemur á þessari einokun í skoðunum og vísindum.“

Össur sagði síðar: „Það er ekki traustvekjandi þegar Hafrannsóknastofnunin slær um sig þéttan varnarmúr og hleypir ekki að þeim sem gagnrýna kerfið... Það er einmitt í þágu vísinda að gagnrýnendum sé lyft... Ég er þeirrar skoðunar að innan Hafrannsóknastofnunarinnar ríki kreddur. Það skapast alls staðar kreddubundið andrúmsloft þar sem frjálsir vindar rökræðu og gagnrýni fá ekki að leika um.“



**FISKVEIÐAR** Hafrannsóknastofnunin leggur til að enn verði dregið úr þorskveiðum ef ekki eigi illa að fara.



FRÉTTASKÝRING
JÓHANN HAUKSSON
johannh@frettabladid.is



# 100% ÖRYGGI

## EF HÚN ER EKKI INNI FÆRÐU HANA FRÍA*




*EF MYNDIN STAR WARS III ER EKKI INNI ÞÁ FÆRÐU HANA FRÍA TIL ÚTLEIGU Í EINN SÓLARHRING NÆST ÞEGAR ÞÚ KEMUR GEGN FRAMVÍSUN "100%" KORTS. GILDIR Í EINN MÁNUÐ FRÁ AUGLÝSINGU OG AÐEINS Á ÞEIM SÖLUSTAÐ ÞAR SEM MYNDIN VAR EKKI INNI.

VIDEOHÖLLIN
Á þínu bandi

BÓNUSVÍDEÓ
Leigan í þínu hverfi

# skoðun

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Kaldhæðnislegt**

„Fréttir af fangaflutningum bandarísku leyniþjónustunnar varpa ljósi á ógnvænlega þróun mannréttindamála", segir Þórunn Sveinbjarnardóttir alþingismaður á heimasíðu sinni. Hún segir að stjórnvöld vestanhafs hafi nýtt afleiðingar hryðjuverkanna 11. september 2001 til hins ítrasta. Aðferðirnar sem notaðar séu til þess að „verja fósturjörðina" séu farnar að minna óþægilega á aðferðir herforingjastjórna. Nú sé komið í ljós að Bandaríkjastjórn flytji fanga, sem margir hafi verið í haldi án dóms og laga árum saman, á milli landa til þess að hægt sé að beita „árangursríkari aðferðum" við að kreista út úr þeim upplýsingar. Í þessu skyni sé m.a. flogið með þá til landa í Austur-Evrópu þar sem menn hafa augljóslega ekki enn losað sig undan arfleifð kommúnismans í meðferð fanga. „Kaldhæðnislegt, verð ég að segja", skrifar hún.



**Matarskatturinn**

Einar K. Guðfinnsson er ekki hættur að blogga þótt hann sé orðinn ráðherra. Í nýjum pistli á heimasíðu sinni gerir hann að umtalsefni stefnu Samfylkingarinnar í skattamálum. Sem kunnugt er hefur flokkurinn nú lýst því yfir að hann vilji að matarskatturinn svonefndi verði lækkaður frekar en tekjuskattur launþega eins og ríkisstjórnin áformar. Óljóst er hve mikil samstaða er um þetta í flokknum. Frægt varð fyrir kosningarnar 2003 að flokkurinn tilkynnti að hann væri á móti lækkun matarskatts en sneri svo við blaðinu. Lýsti þáverandi formaður því yfir að „símastrákur á kontór Samfylkingar hefði umboðslaus lýst yfir andstöðu við lækkunina".

**Símastrákurinn fundinn?**

Einar veltir því fyrir sér hvort þessi dularfulli símastrákur sé fundinn. Hann skrifar: „Á fundi á dögunum hvatti maður að nafni dr. Jón Þór Sturluson hagfræðingur til þess að matarskatturinn yrði fremur hækkaður en lækkaður. Sá er sami maðurinn og nýverið var kosinn í bankaráð Seðlabankans og leysti þá af hólmi formann flokksins, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur." Einari finnst athyglisvert hvernig arftaki formannsins í bankaráðsstólnum snuprar þannig Samfylkinguna sem valið hefur hann til trúnaðarstarfa í efnahagsmálum.

gm@frettabladid.is

SJÓNARMIÐ
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Forgangsverkefni að koma á lögum og friði í Frakklandi.

## Ráðast þarf að rótum vandans

Óeirðirnar í Frakklandi, sem nú hafa staðið í tólf daga, virðast hafa komið jafnt stjórnvöldum sem almenningi þar í landi í opna skjöldu. Utan Frakklands horfa margir sem lamaðir á hvernig eitt rómaðasta menningar- og lýðræðissamfélag Evrópu logar skyndilega stafnanna á milli. Aðdragandinn var í engu samræmi við það sem gerst hefur.

Þeir sem best þekkja til í frönsku samfélagi hafa þó lengi sagt að það væri aðeins tímaspursmál hvenær óeirðir af þessu tagi brytust út. Mikill fjöldi innflytjenda, einkum frá Norður-Afríku og arabalöndum, er búsettur í Frakklandi. Einn af hverjum tíu íbúum landsins er múhameðstrúar. Stór hluti þessa fólks hefur ekki aðlagast hefðum, siðum og menningu fransks þjóðfélags sem skyldi og nýtur ekki lífskjara sem sambærileg eru við það sem Frakkar almennt búa við. Sú skoðun er útbreidd meðal þessa fólks að það njóti ekki sömu réttinda og samlandar þeirra af frönsku bergi brotnir. Smám

*Lögleysan, sem viðgengist hefur á strætum franskra borga undanfarna daga, er auðvitað ekki annað en skrílmennska. Nákvæmlega ekkert réttlætir glæpsamlega hegðun óeirðaseggjanna. Það er ekki hægt að afsaka framferði þeirra.*

saman hafa orðið til fjölmenn fátækrahverfi innflytjenda í úthverfum stórborga Frakklands þar sem atvinnuleysi er útbreitt og fylgifiskar þess, vonleysi og niðurbæld gremja, ríkja. Í þessari veröld þrífst einnig margs konar neðanjarðarstarfsemi, glæpir og ofbeldi.

Lögleysan, sem viðgengist hefur á strætum franskra borga undanfarna daga, er auðvitað ekki annað en skrílmennska. Nákvæmlega ekkert réttlætir glæpsamlega hegðun óeirðaseggjanna. Það er ekki hægt að afsaka framferði þeirra. Mikilvægasta verkefni franskra stjórnvalda nú er að koma á lögum og reglum að nýju. Til þess þarf vafalaust að beita ákveðnari og harkalegri aðferðum en gripið er til þegar um staðbundin uppþot er að ræða. Fái ástand það sem nú ríkir í Frakklandi að halda áfram er hætt við því að óeirðirnar breiðist út, jafnvel til annarra landa, og ofbeldið magnist með stórkostlegum skaða fyrir samfélagið allt.

En um leið og frönsk stjórnvöld þurfa stuðning umheimsins við að endurreisa lög og frið blasir við að þau þurfa að taka stefnu sína og vinnubrögð í málefnum innflytjenda, þjóðarbrota og trúarhópa til róttæks endurmats. Óeirðirnar eru til marks um að stjórnvöldum í París hefur mistekist eitt höfuðverkefni sitt, að skapa jafnvægi og viðunandi jafnræði í samfélaginu. Enginn einn stjórnmálaflokkur á sök á því heldur er hér um að ræða mistök sem skrifast á reikning allra helstu stjórnmálaafla landsins. En læri frönsk stjórnvöld ekki af þessum hörmulegu atburðum er hætt við að þeir endurtaki sig og þá jafnvel með magnaðri hætti en nú er.

## Hringbrautarhryllingur

Í DAG
REYKJAVÍKURBORG
VALGERÐUR BJARNADÓTTIR



*Fréttamenn fjalla um úrslit prófkjörsins eins og úrslit kosninganna hafi verið ráðin í þessum skoðanakönnunum og tala við sigurvegarann í prófkjöri flokksins sem næsta borgarstjóra Reykjavíkur.*

Ekki kæmi það mér á óvart að fleiri en ég hafi í síðustu viku verið orðnir svolítið þreyttir á umfjöllun um prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík og aðalleikurunum í því leikriti. Ekki verður þó annað en dáðst að því hve mikla stemningu flokknum eða öllu heldur fólkinu í Sjálfstæðisflokknum tekst að skapa við aðstæður eins og þessar. Ég er þó ekki viss um að ég dáist jafn mikið að fréttamati fjölmiðlamanna um hvað hæst ber. Það er vægt til orða tekið að fréttamenn ljósvakamiðlanna hafi verið iðnir við umfjöllun um prófkjörið og spjall við eða um aðalleikarana – þeir voru mjög iðnir við þá umfjöllun alla saman. Meira að segja hálfur þátturinn Í vikulokin, á laugardagsmorgni, fjallaði um þennan atburð og úrslitin voru fyrsta frétt í öllum kvöldfréttum. Ég verð að viðurkenna að ég er svolítið hugsi yfir þessu fréttamati, en hugsa sem svo að fréttafólkið hljóti að vita hvað það er að gera.

Skoðanakannanir um fylgi flokkanna ef efnt væri til borgarstjórnarkosninga nú sýna að Sjálfstæðisflokkurinn ynni þær kosningar, sumar kannanirnar sýna að sigurinn yrði mjög glæsilegur. Fréttamenn fjalla um úrslit prófkjörsins eins og úrslit kosninganna hafi verið ráðin í þessum skoðanakönnunum og tala við sigurvegarann í prófkjöri flokksins sem næsta borgarstjóra Reykjavíkur. Þetta finnst mér athugavert. Vissulega hefur sigurvegarinn góða möguleika á að gegna því embætti en ekkert er ráðið um það fyrr en talið hefur verið upp úr kjörkössum. Mér finnst miklu skipta að fréttamenn haldi þeirri staðreynd vel til haga. Ég held að það sé enginn ágreiningur um að það skiptir máli hvernig haldið er á fréttaflutningi og að hann hefur mikið áróðursgildi.

Mér finnst það svo sem ekki koma pólitík lítið við að stjórna Reykjavíkurborg, nema líklegast þegar kemur að því hverjir fá störfin, hvort heldur það eru föst störf eða nefndastörf. En ég held að það geti verið nokkuð erfitt verkefni að stjórna borginni. Ég væri t.d. svolítið áhyggjufull ef ég hefði eitthvað með strætó að gera. Ég er þeirrar skoðunar að almannasamgöngur séu mjög svo af hinu góða og þær eigi að efla. Það er hins vegar til lítils að vera með flott og þéttriðið strætó-net ef enginn vill nota það. Varla þýðir að berja fólk í hausinn og segja því að fara í strætó.

Nú vill svo til að þegar ég lít upp frá tölvunni við þessi skrif þá sé ég gjarnan strætó keyra fram hjá. Ég held að ég hafi talið eina fimm vagna, það sést ekki hræða í þessum bílum nema vagnstjórinn. Það sama var uppi á teningnum í morgun þegar ég brá mér í sunnudagsgöngutúrinn, þá keyrðu nokkrir fram hjá mér, ég taldi mest þrjá í vagni. Verð reyndar að viðurkenna að ég hef verið haldin þeirri áráttu í nokkrar vikur að telja eða reyna að slá tölu á fjölda farþega í strætisvögnum sem ég sé, ég held svei mér þá að ég hafi sjaldan talið fleiri en sjö, jafnvel á milli átta og níu á morgnana sé ég aldrei fullan strætó. Jafnvel áköfustu talsmenn almenningssamgangna hljóta að verða að láta í minni pokann þegar enginn eða fáir vilja nota þjónustuna. Þá þarf að finna einhverjar aðrar lausnir fyrir þá fáu sem virkilega þurfa á þjónustunni að halda.

Það er reyndar umhugsunarvert að sama borgarstjórnin og ber ábyrgð á Hringbrautarhryllingnum skuli fara út í sérstakt átak um almenningssamgöngur. Hringbrautarhryllingurinn sýnist mér einmitt vera réttættað afkvæmi einkabílismans, þó svo vilji reyndar til að þessi voðalega gata liggur einhvern veginn þannig að kona keyrandi í sínum prívatbíl notar hana ekki og fer frekar yfir Skólavörðuholtið. Ekki furða þó borgarfulltrúar biðjist afsökunar á að hafa látið vegagerðina viðgangast. Það er gott og blessað og jafnvel til eftirbreytni að stjórnmálamenn sjái að sér og skipti um skoðun. Slíkur viðsnúningur skoðana firrir menn hins vegar ekki ábyrgð á þeim verkum og framkvæmdum sem þeir hafa staðið að. Ánægjulegt væri t.d. að heyra menn beita sér fyrir að taka bensínstöð nokkra sem á að vera við Hringbrautarhraðbrautina út af skipulaginu. Þá tryðu kjósendur því frekar að hugur fylgdi máli í sinnaskiptunum. ■

TÓNLEIKAR Í DUUSHÚSUM
Reykjanesbæ
PÁLL & MONIKA
ÁSAMT STRENGJASVEIT
Miðvikudagur 9. nóvember kl 20:00



Miðaverð kr. 1.500

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
Mest lesna viðskiptablaðið




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
Gallup könnun fyrir 365 prentmiðla maí 2005.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 9.34 | 13.11 | 16.49 |
| Akureyri | 9.30 | 12.56 | 16.21 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


FRÉTTABLAÐIÐ

# allt


**Góðan dag!**

Í dag er þriðjudagur 8. nóvember, 312. dagur ársins 2005.

heilsa o.fl.

**LÝSI**
Ragnar Arnalds tekur lýsi og fer í sund




heilsa o.fl.

**PISTILL**
Sölvi Fannar ráðleggur um heilsurækt




FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL


## KRÍLIN






Fjögurra ára karlar á flugi í heilsuleikskólanum Urðarhóli. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Áhersla á hreysti, þol og holla fæðu

***Heilsuleikskólarnir á Íslandi eru orðnir sjö talsins. Þeir eru dreifðir um landið og hafa nú myndað með sér samtök.***

„Hreyfing og hollur matur er samnefnari fyrir alla heilsuskólana en þriðja áhersluatriðið er mismunandi milli skóla,“ segir Unnur Stefánsdóttir leikskólastjóri. Hún er formaður hinna nýju samtaka heilsuleikskólans og sannkölluð móðir þeirrar stefnu sem hann fylgir því hún stofnaði fyrsta heilsuleikskólann í Kópavogi fyrir níu árum. Hann hét Heilsutröð og tróð hann brautina fyrir aðra sem á eftir fylgdu. Unnur ber þó af sér að hafa troðið stefnunni upp á hina skólana sem hafa aðhyllst hana en kveðst glöð hafa miðlað af reynslu sinni til þeirra sem eftir hafi leitað. Unnur nefnir að lögð sé áhersla á listir í heilsuleikskólanum í Kópavogi sem nú heitir Urðarhóll, en náttúra og umhverfi sé meðal þess sem aðrir bjóði meira af.

„Í flestum skólanna eru litlir íþróttasalir, ágætlega búnir tækjum sem passa fyrir þennan aldur,“ segir Unnur og opnar inn í íþróttasal Urðarhóls. Þar er íþróttakennari að störfum og mikið að gerast hjá börnunum. Í salnum er allt mjúkt viðkomu, bæði gólf og tæki og styttra milli rimla en í öðrum íþróttahúsum. Unnur segir gönguferðir iðkaðar vor, sumar og haust. „Það eru ekki bara nokkur skref eða nokkrir metrar, heldur alvöru göngur, jafnvel á fjöll, því snerpa og þol er eitt af því sem við viljum byggja upp,“ segir hún. Hvað varðar mataræðið segir Unnur að lögð sé áhersla á að hafa fæðið sem allra fjölbreyttast og nota lítið af sykri og salti. „Við höfum þann hátt á hér í Urðarhóli að foreldrar gefa börnunum morgunmatinn heima en svo er ávaxta- og grænmetismáltíð í skólanum um klukkan hálftíu. Það hefur gefist mjög vel.“

Nú hafa sem sagt verið stofnuð landssamtök heilsuleikskóla en skyldi þetta vera algerlega íslensk stefna?

„Já, þetta er grasrótarhreyfing en hver veit nema við förum í útrás?“ segir Unnur brosandi og bætir því við að unnið sé að útgáfu kennslubókar um þessa stefnu auk myndbands um heilsuleikskólann 10 ára.

## LIGGUR Í LOFTI
**[HEILSA]**

**Styrktarsamtök** ýmissa félaga á Íslandi fara nú að taka sig til fyrir jólin og hefja safnanir til styrktar fólki sem býr við sjúkdóma og líkamlega eða andlega fötlun. Fólk er hvatt til að láta gott af sér leiða og taka vel á móti sölufólki sem treystir á stuðning þess til að geta veitt öðrum betri lífsskilyrði.



**Fuglaflensan,** sem hefur orðið vart í Vestur-Evrópu, er ekki talin hafa borist til Íslands að svo stöddu. Ekki er talin ástæða til að óttast að flensan berist hingað þar sem íslenskir farfuglar eiga ekki vetrarstöðvar á slóðum fuglaflensunnar. Hins vegar eiga íslenskir fuglar farleiðir með fuglum sem koma frá smituðum svæðum. Rauðhöfðaöndin er einn slíkur. Grannt er fylgst með fuglaflensu og villtir fuglar eru vaktaðir.

**Öryrkjum** hefur fjölgað úr 12.050 í 12.627 á fyrstu níu mánuðum ársins. Fjölgunin nemur 4.8% sem svarar til þess að öryrkjum hafi fjölgað um þrjá hvern virkan dag frá áramótum. Vísbendingar eru um að hægt hafi á fjölgun öryrkja miðað við síðustu ár.

**Bensínstyrkur** öryrkja verður ekki felldur niður eins og til stóð. Jón Kristjánsson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, staðfesti á föstudaginn að uppbætur vegna reksturs bifreiðar verði hvorki afnumdar hjá þeim fjögur þúsund ellilífeyrisþegum né þeim 2650 öryrkjum sem eru styrktir til að reka bíla sína. Uppbæturnar voru á síðasta ári greiddar til tæplega sjö þúsund lífeyrisþega, um fjögur þúsund ellilífeyrisþega og tæplega þrjú þúsund öryrkja. Ráðherra kvaðst helst kjósa að breyta fyrirkomulagi styrksins á þann hátt að best yrði gert við þá öryrkja sem mesta hefðu þörfina.



## SMÁAUGLÝSINGAR

**Flokkar**


- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar



SMÁAUGLÝSINGAR
SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is

vísir



**Jóga**
er uppbyggilegt bæði fyrir líkama og sál. Allir geta iðkað jóga sér til gagns og gleði þótt ekki sé nauðsynlegt að ná fullkomnun í öllu.





Flott í vetur
Ný tæki - Betra verð!
VERÐ-LÆKKUN
SLENDERTONE MAX 17.900.- kr.
SLENDERTONE FLEX 12.900.- kr.
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717



**Einstaklingsmiðuð líkamsrækt - leið til langtímaárangurs**

Einstaklingsmiðað átaksnámsskeið þar sem geta og áhersla einstaklingsins er höfð að leiðarljósi. Árangursríkt þjálfunarferli, persónulegur stuðningur og ráðgjöf. Framkvæmanleg markmið, fámennir, lokaðir hópar í einstöku umhverfi. Meðal leiðbeinenda er einstaklingur frá síðasta námsskeiði sem náð hefur góðum árangri og heldur ótrauður áfram að settum markmiðum.

Námsskeiðin hefjast 1. nóvember.

**Skráning og nánari upplýsingar hjá Svövu í síma 899-8596**




**Ný húð Á aðeins 5 dögum með Green peel, herbal peeling.**
Notað til meðferðar á:
Óhreinni húð • Stækkun svitahola
Ótímabærrar öldrunar á húð
Hrukkum • Örum • Húðsliti
Appelsínuhúð • Minnkandi sveigjanleika húðar á maga, upphandleggjum og lærum
SPA fegurð
Heiðdís Steinsdóttir, snyrtifræðingur
S. 511 6660 Laugarvegi 96 (hjá Toni&Guy)



**Plokkfiskur – tilboð 590 kr/kg**
**Glæný línuýsa Glæný stórlúða**
**Mikið úrval af tilbúnum fiskréttum**
**Nýsteiktar fiskibollur**

| Fiskbúðin Álfheimum | Fiskbúðin Reykjavíkurvegi | Fiskbúðin Dunhaga 18 |
|---|---|---|
| Álfheimum 4 | Reykjavíkurvegi 68 | S: 517 3326 |
| 553 8090 | 564 2783 | |





**LAXA LÝSI**
Fyrir stirðleika í liðamótum
Sendum í póstkröfu
Heilsuhornið
S: 462-1889 • Heilsuhorn@simnet.is • www.simnet/heilsuhorn.is
Útsölustaðir m.a: Yggdrasil, Fjarðarkaup, Maður lifandi, Lífsins lind -Hagkaup, Lyfjaval og Árnes apotek Selfossi.



vítamín
**B sveitin**

..berst fyrir betri heilsu



Ragnar syndir og tekur lýsi og hugsar til Jörundar hundadagakóngs.

# Sambland af sundi og lýsi

*Ragnar Arnalds rithöfundur syndir, tekur lýsi og drekkur vatn til að halda heilsu.*

„Mín einkasérviska er einfaldlega þannig að ég syndi 800 metra á hverjum degi, tek lýsi og þamba tvo lítra af vatni á dag,“ svarar Ragnar Arnalds rithöfundur er hann er spurður um hvernig hann hugsar um heilsuna. „Í gamla daga sögðust karlarnir drekka brennivín til að þynna blóðið en ég drekk vatnið einmitt til að þynna blóðið því að ella færu nýrun að framleiða grjótharða steina og það er engin skemmtun að standa í svoleiðis framleiðslu.“ Ragnar kveðst hafa synt þolsund í þrjátíu og fimm ár. „Ég hef aldrei farið út í sjósund eða slíkt. Ég hef aldrei haft trú á því að kuldinn væri neitt sérstaklega góður fyrir mig. En aftur á móti er ég ákaflega elskur að heitum pottum og fer alltaf í pottinn áður en ég syndi því þá eru vöðvarnir svo mjúkir þegar maður fer að synda.“ Hvað lýsisneysluna varðar er hún fyrst og fremst tilkomin af skynsemi. „Í skólanum var alltaf hellt upp í mann stórum slurk af lýsi og það komst enginn undan því. Það er ekkert sem mér finnst eins viðbjóðslegt og lýsi en það þýðir ekkert annað en að bíta á jaxlinn og drekka eitthvað súrt með eins og appelsínusafa því hann fjarlægir ógeðið á augabragði.“

Lýsi var einmitt eitt af því sem dró söguhetjuna í nýjustu bók Ragnars, sem heitir Eldhuginn, til Íslands. „Sagan fjallar um Jörund sem kallaður var hundadagakonungur í háði, en hann hafði engan áhuga á því að verða kóngur því hann var lýðveldissinni og vildi endurreisa Alþingi. Hann kom upphaflega til Íslands til að kaupa lýsi og tólg til sápugerðar en rann svo ástandið hér til rifja að hann ákvað að vera hér eftir og reyna að gera eitthvað fyrir Íslendinga. Jörundur var frábær sjómaður og stýrði skipum tvívegis kringum hnöttinn og mér verður oft hugsað til hans þegar ég er á sundi.“ ■


**Rope Yoga**
stúdíó Ármúla 44
**Ný fimm vikna námskeið hefjast 14. nóv.**
**Opið hús laugardaginn 12. nóv., kl. 14 – 17.**
Kennari: Emma Bjarnadóttir
Upplýsingar: sími 860 2173 • *info@eger.is* - **www.eger.is**
Rope Yoga stúdíó • Ármúla 44, 3 hæð • 108 Reykjavík



Snyrti Lindin
10% afsláttur af öllum andlitsböðum í nóvember af Origins og Dr.Hauschka.
Parafín handmaski og gjöf fylgja frítt með Origins andlitsböðum.
Hæðasmára 6 201 Kópavogi sími 564 5455



Eitt af markmiðum stjórnvalda er að meira en 75% fólks sem er um og yfir áttrætt geti búið heima með viðeigandi stuðningi.

## Skortur á markmiðum

***Nokkuð skortir á að markmið stjórnvalda um þjónustu við aldraða hafi náðst samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar.***

Svo byrjað sé á góðu fréttunum þá náðist það markmið að fólk sem er í mjög brýnni þörf fyrir hjúkrunarrými þarf ekki að bíða lengur en í 90 daga eftir vistun. Annað markmið stjórnvalda felur í sér að meira en 75% fólks 80 ára og eldra sé við svo góða heilsu að það geti með viðeigandi stuðningi búið heima. Enn vantar nokkuð upp á að því hafi verið náð.

Þriðja markmið stjórnvalda felur í sér að til séu í landinu hjúkrunarrými fyrir 25% aldurshópsins 80 ára og eldri. Þetta svaraði til 2.207 rýma árið 2003. Þá voru alls 2.212 hjúkrunarrými fyrir aldraða í landinu en fólk undir áttræðu hefur nýtt rúmlega 30% þeirra á undanförnum árum. Því skortir talsvert upp á að nógu mörg rými séu til fyrir elsta aldurshópinn. Hjúkrunarrýmum í landinu fjölgaði þó um 54 umfram áætlun árin 2002-2004, mismikið eftir landshlutum.

**rannsóknir }**



## Astmabörn óörugg

RANNSÓKNIR SEM GERÐAR VORU Á BÖRNUM MEÐ ASTMA SÝNA AÐ ÞEIM ER HÆTTARA VIÐ AÐ ÞJÁST AF ÞUNGLYNDI OG KVÍÐA EN BÖRNUM SEM ÞJÁST EKKI AF ASTMA.

Rannsóknin var gerð af sálfræðingum við háskólann í Massachusetts og sýndu niðurstöður að börn sem þjást af astma greinast frekar með þunglyndi og kvíða en þau börn sem laus eru við astma. Astminn virðist leiða til aukins óöryggis barnanna. Börnin verða óörugg með sig sem leiðir til þess að þau forðast samskipti við aðra sem getur orsakað tilfinningalega erfiðleika.
Eftir að niðurstöður rannsóknarinnar birtust í Journal of Child and Adolescent Psychiatric Nursing hafa þær hlotið mikla athygli meðal hjúkrunarfræðinga í Bandaríkjunum. Nú er reynt að leggja meiri áherslu á að hlúa andlega að þeim börnum sem þjást af astma en sá sjúkdómur er orðinn stærsta heilsufarsvandamál barna í Bandaríkjunum.


AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

## Hollráð Sölva Fannars

### Skotmark III

**Hvað ætlum við að gera?**

Við verðum umfram allt að reyna að hafa lífsstílsbreytingar einfaldar. Flestir hafa lent í því að setja sér óraunhæf markmið. Ef við vitum að við eigum eftir að svindla þá megum við ekki gera ráð fyrir því að við svindlum ekki. Markmiðin verða að vera raunhæf, hvort sem okkur langar að þyngja okkur með vöðvamassa, liðkast, styrkjast, léttast af fitumassa, líta betur út eða einfaldlega að líða betur.

**Fitutap**
Það er raunhæft að losna við allt að ½ kg af fitu á viku. Reyndar losna sumir við mun meira, aðrir minna. Eins og flest annað er þetta mjög einstaklingsbundið. Aðferðin sem við veljum til að ná þessum árangri ræður mestu um hraða árangursins.

**Vöðvaaukning**
Aukning á vöðvamassa á sér stað á löngum tíma og er mjög einstaklingsbundið hversu hröð hún er. Byrjandi getur bætt við sig ½-1 kg af vöðvamassa á mánuði með stífri lyftingaráætlun.

**Að setja sér raunhæft markmið**
En hvert á markmiðið að vera? Til að komast að því hvernig staðan er hjá okkur núna þurfum við að láta mæla fitumagn líkamans með fitumælingu því líkamsþyngdin segir ekki alla söguna. Fyrst þurfum við að komast að því hversu mikið magn af fitu er í líkamanum, kallað fitumassi, og hversu mikið stendur eftir, þ.e. þyngd líkamans án fitunnar, það er kallað fitulaus massi.

**Fitumælingar**
Fljótlegast er að fara í fitumælingu með rafmagnsmæli sem er ekki nákvæmasta mæling sem við getum farið í. Hægt er að fá mun nákvæmari niðurstöðu með því að láta mæla okkur með „fitumælingarklípum" eða nota aðrar svipaðar mælingaraðferðir.

Ég get ekki annað en mælt með því að við notum fituklípur til þess að mæla fitumagn líkamans þar sem þær gefa mun nákvæmari niðurstöðu en rafleiðnimælingar.

Þegar við vitum svo hvar við stöndum þá er mun auðveldara að ákveða hvert við viljum fara.

Góða ferð...

Þetta sem og önnur hollráð er einnig að finna á vefsvæði Heilsuráðgjafar, www.heilsuradgjof.is





Lífslíkur krabbameinsjúklinga eru með þeim hæstu hér á landi.

# Mestar lífslíkur krabbameinssjúklinga

*Ný rannsókn bendir til þess að lífslíkur krabbameinssjúklinga séu mestar hér á landi.*

Niðurstöður nýrrar rannsóknar, sem gerð var á vegum Karolinska Institutet í Stokkhólmi og sænska viðskiptaháskólans, benda til þess að 63% líkur séu á því að sjúklingar, sem greinast með krabbamein hér á landi, séu á lífi fimm árum síðar. Þetta hlutfall er það hæsta í Evrópu samkvæmt könnuninni. Rannsóknin var gerð í 38 Evrópulöndum og var kannað hve margir krabbameinssjúklingar voru enn á lífi fimm árum eftir að þeir greindust með sjúkdóminn. Í rannsókninni kemur einnig fram að þrjár milljónir manna í Evrópu greinist með krabbamein árlega og 1,7 milljónir látist á hverju ári af völdum sjúkdómsins. Lögð er áhersla á að miklu máli skipti hve snemma sjúkdómurinn greinist og einnig hvort nýjustu lyf séu notuð við meðferðina. ■





Veldu PB8 Sterkasti asidófílusinn!

| | |
|---|---|
| PB8 | 14 milljarðar* |
| Solaray Multidolphius 12 | 10 milljarðar* |
| Now 8 Billion | 8 milljarðar* |
| Solgar Multi Billion Dophilus | 5 milljarðar* |
| Kyo-Dophilus Acidophilus 9 | 3 milljarðar* |

*Mjólkursýrugerlar miðað við 1 hylki

Bætir þarmaflóru og meltingu!

Útsölustaðir PB8:
Heilsuhúsið • Árbæjarapótek • Yggdrasill
Maður Lifandi • Laugarnesapótek • Rima Apótek • Apótek Ólafsvíkur
Heilsubúðin Njálsgötu

Eflum einbeitingu og þrek!




Fjörefni er nýtt kjarnmikið bætiefni sem inniheldur auk vítamína og steinefna, öflugan skammt af ginkgo og ginseng.

náttúrulega
heilsuhúsið
Skólavörðustíg, Kringlunni & Smáratorgi

KRAFTAVERK

FERSKAR OG NÁTTÚRULEGAR




LUSH
LAUGAVEGUR 11 552-2030
KRINGLAN 553-2002
WWW.LUSH.IS



Allt sem þú þarft og meira til

Allt um nám á miðvikudögum í Fréttablaðinu.

allt

LYFJA
Opið 8-24 alla daga í Lágmúla og Smáratorgi

Heilsuvörumarkaður
Opið virka daga kl. 10–20 laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6

# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

TIL BIRTINGAR NÆSTA DAG ÞARF AÐ PANTA FYRIR KL. 14.30

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
MÁNUDAG TIL FÖSTUDAGS 8–18
LAUGARDAG OG SUNNUDAG 11–16

bílaland.is – Grjóthálsi – Bílaland B&L 575 1230 – Traust bílaviðskipti

Audi A4 nýskr. 11/2001, 2000cc, 4 dyra, sjálfskiptur, blár. Ekinn 75 þ. Verð 2.290.000 ZZ-416 B & L. S. 575 1230.

BMW 520I nýskr. 07/2004, 2200cc 4 dyra, sjálfskiptur, ljósgrár. Ekinn 13 þ. Verð 4.790.000 SD-326 B & L. S. 575 1230.

BMW 745I nýskr. 01/2002, 4400cc 4 dyra, sjálfskiptur, ljósgrár. Ekinn 14 þ. Verð 6.690.000 NR-132 B & L. S. 575 1230.

BMW X5 nýskr. 02/2004, 2900cc, 5 dyra, sjálfskiptur, svartur. Ekinn 35 þ. Verð 5.790.000 BB-800 B & L. S. 575 1230.

BMW X5 nýskr. 06/2002, 3000cc, 5 dyra, sjálfskiptur, svartur. Ekinn 75 þ. Verð 4.150.000 VE-312 B & L. S. 575 1230.

Citroen C4 nýskr. 07/2005, 1600cc 3 dyra, 5 gíra. Ekinn 5 þ. Verð 1.890.000 SV-581 B & L. S. 575 1230.

Citroen Xsara Picasso nýskr. 04/2004, 0cc, 5 dyra, sjálfskiptur, grár. Ekinn 17 þ. Verð 1.790.000 NF-653 B & L. S. 575 1230.

Daewoo Nubiro nýskr, 10/1998, 1600cc, 5 dyra, 5 gíra, dökkgrænn. Ekinn 100 þ. Verð 430.000 TF-239 B & L. S. 575 1230.

Ford Ka nýskr. 10/1998, 1300cc, 3 dyra, 5 gíra, grár. Ekinn 163 þ. Verð 230.000 UU-648 B & L. S. 575 1230.

Hyundai Elantra nýskr. 10/1997, 1600cc 5 dyra, 5 gíra, rauður. Ekinn 127 þ. Verð 460.000 LI-459 B & L. S. 575 1230.

Hyundai Matrix nýskr. 08/2004, 1600cc, 5 dyra, 5 gíra, blár. Ekinn 13 þ. Verð 1.350.000 UX-683 B & L. S. 575 1230.

Hyundai Santa Fe nýskr. 04/2004, 2700cc, 5 dyra, sjálfskiptur, brúnn / grár. Ekinn 29 þ. Verð 2.790.000 ZY-593 B & L. S. 575 1230.

Hyundai Santa Fe nýskr. 06/2004, 2400cc, 5 dyra, 5 gíra, svartur / grár. Ekinn 61 þ. Verð 2.190.000 NM-413 B & L. S. 575 1230.

Hyundai Santa Fe nýskr. 06/2004, 2400cc, 5 dyra, 5 gíra, blár / grár. Ekinn 56 þ. Verð 2.190.000 VU-124 B & L. S. 575 1230.

Hyundai Starex nýskr. 07/2004, 2500cc, 5 dyra, 5 gíra, brúnn / grár. Ekinn 51 þ. Verð 2.640.000 BP-135 B & L. S. 575 1230.

Hyundai Starex nýskr. 08/2002, 2400cc, 4 dyra, 5 gíra, hvítur / grár. Ekinn 42 þ. Verð 1.990.000 SD-518 B & L. S. 575 1230.

Hyundai Trajet nýskr. 06/2004, 2000cc, 5 dyra, 5 gíra, hvítur. Ekinn 45 þ. Verð 1.790.000 UZ-310 B & L. S. 575 1230.

Isuzu Crew Cap LS nýskr. 08/2004, 3000cc, 4 dyra, sjálfskiptur. Ekinn 46 þ. Verð 2.590.000 RY-259 B & L. S. 575 1230.

Land Rover Defender nýskr. 05/2003, 2500cc, 5 dyra, 5 gíra, grænn. Ekinn 65 þ. Verð 2.640.000 PJ-643 B & L. S. 575 1230.

Land Rover Range Rover nýskr. 03/1998, 4600cc, 5 dyra, sjálfskiptur, dökkgrænn. Ekinn 102 þ. Verð 2.250.000 YY-519 B & L. S. 575 1230.

Land Rover Range Rover nýskr. 11/1998, 2500cc, 5 dyra, sjálfskiptur, dökkgrænn. Ekinn 150 þ. Verð 1.990.000 NJ-619 B & L. S. 575 1230.

Lexus RX300 nýskr. 03/2003, 0cc 5 dyra, sjálfskiptur. Ekinn 64 þ. Verð 3.490.000 UD-064 B & L. S. 575 1230.

Nissan Terrano II nýskr. 07/1999, 2400cc 5 dyra, 5 gíra, dökkgrænn. Ekinn 135 þ. Verð 1.170.000 RX-620 B & L. S. 575 1230.

Nissan vanette nýskr. 09/2001, 0cc 5 dyra, 5 gíra. Ekinn 92 þ. Verð 930.000 OR-019 B & L. S. 575 1230.

Opel Astra nýskr. 05/1999, 1600cc 5 dyra, 5 gíra, grænn. Ekinn 105 þ. Verð 650.000 AM-323 B & L. S. 575 1230.

Porsche Cayenne nýskr. 04/2003, 4500cc 5 dyra, sjálfskiptur, grár. Ekinn 48 þ. Verð 6.970.000 MO-371 B & L. S. 575 1230.

Renault Clio nýskr. 07/2003, 1100cc 5 dyra, 5 gíra, ljósgrænn. Ekinn 77 þ. Verð 990.000 NU-781 B & L. S. 575 1230.

Renault Clio nýskr. 07/2003, 1100cc 5 dyra, 5 gíra, gulur. Ekinn 83 þ. Verð 990.000 VS-185 B & L. S. 575 1230.

RENAULT CLIO Nýskr: 07/2003, 1100cc 5 dyra, Fimmgíra, Rauður, Ekinn 80 þ. Verð: 990.000 ZK-523 B & L. S. 575 1230.

RENAULT KANGOO FÓLKSBÍLL Nýskr: 08/2002, 1400cc 6 dyra, Fimmgíra, Rauður, Ekinn 74 þ. Verð: 940.000 YF-886 B & L. S. 575 1230.

RENAULT LAGUNA II Nýskr: 04/2004, 2000cc 5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár, Ekinn 11 þ. Verð: 2.250.000 FL-127 B & L. S. 575 1230.

RENAULT LAGUNA II Nýskr: 08/2004, 2000cc 4 dyra, Sjálfskiptur, Dökkgrænn, Ekinn 16 þ. Verð: 2.180.000 YS-330 B & L. S. 575 1230.

RENAULT LAGUNA II Nýskr: 09/2002, 1800cc 5 dyra, Sjálfskiptur, Dökkgrár, Ekinn 56 þ. Verð: 1.490.000 MF-790 B & L. S. 575 1230.

RENAULT MASTER Nýskr: 06/2003, 0cc 6 dyra, Fimmgíra, Grár, Ekinn 97 þ. Verð: 2.160.000 ME-951 B & L. S. 575 1230.

RENAULT MASTER Nýskr: 06/2002, 2200cc 6 dyra, Beinskiptur, Hvítur, Ekinn 144 þ. Verð: 1.590.000 SK-220 B & L. S. 575 1230.

RENAULT MEGANE Nýskr: 04/2001, 1600cc 5 dyra, Fimmgíra, Grænn, Ekinn 90 þ. Verð: 880.000 UK-548 B & L. S. 575 1230.

RENAULT MEGANE Nýskr: 02/2001, 1600cc 5 dyra, Fimmgíra, Dökkgrár, Ekinn 74 þ. Verð: 830.000 TT-060 B & L. S. 575 1230.

RENAULT MEGANE II Nýskr: 12/2004, 1600cc 5 dyra, Sjálfskiptur, Dökkgrænn, Ekinn 15 þ. Verð: 1.790.000 AJ-034 B & L. S. 575 1230.

RENAULT SCENIC Nýskr: 02/1999, 0cc 5 dyra, Fimmgíra, Grár, Ekinn 140 þ. Verð: 610.000 YT-216 B & L. S. 575 1230.

RENAULT SCENIC Nýskr: 06/2000, 1600cc 5 dyra, Sjálfskiptur, Gulur, Ekinn 100 þ. Verð: 990.000 VE-434 B & L. S. 575 1230.

RENAULT SCENIC II Nýskr: 11/2004, 1600cc 5 dyra, Sjálfskiptur, Grár, Ekinn 15 þ. Verð: 2.020.000 PJ-285 B & L. S. 575 1230.

VOLKSWAGEN TRANSPORTER Nýskr: 08/2002, 2500cc 6 dyra, Fimmgíra, Hvítur, Ekinn 89 þ. Verð: 1.520.000 NB-785 B & L. S. 575 1230.

VOLVO S60 Nýskr: 04/2005, 0cc 4 dyra, Sjálfskiptur, , Ekinn 17 þ. Verð: 3.990.000 ZH-944 B & L. S. 575 1230.

**Bílaland, B & L**
**Grjótháls 1, 110 Rvk.**
**Sími: 575 1230**
**www.bilaland.is0**

# Nú er það svart

Fréttablaðið vill beina þeim tilmælum til lesenda að auðvelda blaðberum okkar að bera út blaðið.

**Vinsamlegast mokið frá útidyrahurðum og hafið kveikt á útiljósum.**

FRÉTTABLAÐIÐ

DV






ÁSTARFLEYIÐ
FIMMTUDAGA
KL. 21:00
FYLGSTU MEÐ!
SIRKUS



birta
» FRÁBÆR SJÓNVARPSDAGSKRÁ ALLA DAGA


ATVINNA

Reykjavíkurborg
Menntasvið

Grunnskólar Reykjavíkur




## Staða skólastjóra Engjaskóla

Engjaskóli í Reykjavík er heildstæður grunnskóli með 350 nemendum.

Skólinn var byggður 1997 og er með íþróttahúsi, fullkomnu eldhúsi og ríkulega búinn tölvum og öðrum kennslugögnum.

Lögð er áhersla á einstaklingsmiðað nám og gott samstarf við foreldra og hefur skólinn verið móðurskóli í foreldrasamstarfi.

Mikil og fjölbreytt listgreinakennsla er í skólanum og mikil samvinna innan árganga og stiga.

Jafnframt er lögð áhersla á góð samskipti nemenda og starfsfólks og stöðuga símenntun alls starfsfólks.

**Meginhlutverk skólastjóra er að:**

- stýra og bera ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri skólans
- veita skólanum faglega forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi

**Leitað er að umsækjanda sem:**

- hefur kennaramenntun, og er með framhalds-menntun á sviði stjórnunar, uppeldis- eða kennslu-fræði æskileg
- hefur stjórnunarhæfileika og reynslu af stjórnun
- hefur reynslu af kennslu og vinnu með börnum og unglingum
- er lipur í mannlegum samskiptum

**Reykjavíkurborg leggur áherslu á þróun skóla í átt til einstaklingsmiðaðs náms, samvinnu nemenda, sterka sjálfsmynd þeirra og skóla án aðgreiningar. Auk þess er lögð áhersla á að styrkja tengsl skóla við grenndarsamfélagið og sjálfstæði skóla.**

Staðan er laus frá og með 1. janúar 2006 en þó er mögulegt að viðkomandi hefji störf síðar samkvæmt nánari samkomulagi. Umsóknum fylgi yfirlit yfir nám og störf og gögn er varða frumkvæði á sviði skólamála, greinargerð um hugmyndir umsækjenda um framkvæmd skólastarfsins, auk annarra gagna er málið varðar. Umsóknarfrestur er til 5. desember 2005. Umsóknir sendist Menntasviði Reykjavíkur, Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík. Upplýsingar gefa Ingunn Gísladóttir, starfsmannastjóri, netfang: ingunn.gisladottir@reykjavik.is og Anna Kristín Sigurðardóttir, skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu, anna.kristin.sigurdardottir@reykjavik.is í síma 411 7000.

Laun eru skv. kjarasamningi LN og KÍ.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf

Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

*Menntasvið annast starfsemi og rekstur grunnskóla og leikskóla. Í því felst þróun grunnskóla- og leikskólastarfs, undirbúningur stefnumörkunar, mat og eftirlit með skólastarfi og upplýsingamiðlun fyrir menntaráð og starfshópa á vegum ráðsins.*

pósthúsið

Pósthúsið ehf
Suðurhrauni 12a
210 Garðabæ
sími 585 8300
fax 585 8309
posthusid@posthusid.is

**Póst- og blaðberar óskast**

Um er að ræða hressandi útiveru við útburð á blöðum og pósti milli kl. 6 og 7 á morgnana. Hafðu samband í síma 585 8330 eða fylltu út umsókn á www.posthusid.is

**Reykjavík:**

107-01 Hringbraut
107-07 Birkimelur, Reynimelur, Víðimelur
107-11 Fornhagi, Hjarðarhagi
107-13 Ægisíða
107-14 Faxaskjól, Sörlaskjól
107-17 Kaplaskjólsvegur, Nesvegur
107-20 Boðagrandi, Fjörugrandi, Keilugrandi
107-22 Bárugrandi, Flyðrugrandi, Álagrandi
107-23 Kaplaskjólsvegur, Reynimelur
107-28 Nesvegur, Sörlaskjól
111-16 Arahólar, Álftahólar
111-21 Vesturberg

**Hafnarfjörður:**

220-22 Breiðvangur, Norðurvangur
220-29 Víðihvammur, Öldugata, Öldulsóð, Öldutún
220-31 Brekkugata, Lækjargata, Suðurgata
220-32 Hamarsbraut, Hellubraut, Hlíðarbraut, Holtsgata, Suðurgata
220-33 Hringbraut, Strandgata
220-34 Hringbraut, Selvogsgata
220-38 Mosabarð, Vallarbarð, Þúfubarð
220-41 Álfholt
220-50 Fagrihvammur, Fjóluhvammur, Lækjarhvammur
220-55 Suðurgata

**Garður:**

250-01 Einholt, Eyjaholt, Hraunholt, Lindartún, Silfurtún
250-02 Garðbraut, Rafnkelsstaðar-vegur
250-03 Garðbraut, Gaukstaðavegur, Gerðavegur, Sunnubraut
250-04 Heiðarbraut, Klapparbraut, Lyngbraut, Urðarbraut, Valbraut, Ósbraut
250-05 Garðaveg, Garðbraut, Melabraut, Melteigur, Nýjaland-Kríuland, Skagabraut, Skólabraut

# Viðskipti okkar snúast um...

# samvinnu

## Starfsmönnum á fasteignasölum er heimilt að vinna öll störf á fasteignasölu í umboði og ábyrgð fasteignasala

Starfsfólki er þannig heimilt að:

- Skoða og verðmeta eignir
- Halda fundi með viðskiptavinum
- Undirbúa og annast skjalagerð
- Semja söluyfirlit
- Annast kauptilboðsgerð

Þessi réttur starfsfólks til að starfa í umboði og á ábyrgð fasteignasalans kemur á ótvíræðan hátt fram í 12 gr. laga nr. 99/2004 ásamt meðfylgjandi lagaskýringum þeirrar greinar

*"Í 1. mgr. er lagt til að tekið verði af skarið um það að það sé fasteignasalinn sjálfur sem eigi að afla upplýsinga þeirra sem fram eiga að koma í söluyfirliti. Það að kveðið sé á um að hann eigi að gera þetta sjálfur þýðir ekki að hann geti ekki falið starfsmönnum sínum að gera þetta á sína ábyrgð og í umboði sínu, heldur er verið að undirstrika að það sé fasteignasalinn, en ekki seljandinn, sem skyldan hvílir á. Lagt er fyrir fasteignasala að sækja upplýsingar til opinberra stofnana eftir því sem kostur er og með því er tekið af skarið um það að slíkar upplýsingar á hann ekki að láta sér nægja að fá frá seljanda. Þá er lagt fyrir fasteignasala að kynna sér af eigin raun ástand fasteignar, gerð hennar og búnað sem fylgja á við sölu. Einnig þetta getur hann látið starfsmenn sína gera í sínu umboði og á sína ábyrgð. "**

## Landssamtök fasteignasala



* Skýring 1. mgr. 12. gr. laga nr. 99/2004

# HVUNNDAGURINN

## *Flestir viðskiptavinir jákvæðir*

**Í hverju felst starf þitt?**
Ég sé um allt sem tengist daglegum rekstri verslunarinnar. Það er til dæmis sala og þjónusta, innkaup, starfsmannamál og ráðningar í samvinnu við starfsmannastjóra.

**Hvenær vaknar þú á morgnana og hvað gerir þú?**
Ég er oftast komin fram úr um 8 leytið, stundum fyrr og stundum seinna. Ef ég vakna fyrr skelli ég mér stundum í Nautilus í Salalaug en annars fer ég í sturtu heima og hleyp síðan út.

**Hvað er skemmtilegast við vinnuna?**
Mér finnst mannlegi þátturinn langskemmtilegastur. Það er frábært hvað flestir viðskiptavinir eru jákvæðir, sérstaklega ef maður tekur á móti þeim með jákvæðu viðhorfi.

**En erfiðast?**
Oft geta þetta verið langir vinnudagar, kannski sérstaklega á ákveðnu tímabili eins og til dæmis núna þegar jólin nálgast en þá er auðvitað frábært að vera að vinna með góðu fólki. Við peppum hvert annað upp og klárum málin með stæl!

**Hvað gerir þú eftir vinnu?**
Ég reyni að hitta vini mína en er oft ekki nógu dugleg við það, nota símann meira. Annars er ég voðalega mikið fyrir að liggja heima uppi í sófa og horfa á sjónvarpið.



SIGRÍÐUR INGIBJÖRG BIRGISDÓTTIR, VERSLUNARSTJÓRI Í SKÍFUNNI Í KRINGLUNNI

**Gætir þú hugsað þér eitthvert annað starf?**
Ekki eins og staðan er í dag. Mér finnst frábært að vinna í Skífunni í Kringlunni.





















## KAUPHÖLL ÍSLANDS

*[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 4.664 **+0,14%**

**Fjöldi viðskipta:** 142
**Velta:** 1.618 milljónir

| MESTA HÆKKUN | |
|---|---|
| **Össur** | 2,69% |
| **Atorka Group** | 0,89% |
| **Kögun** | 0,74% |

| MESTA LÆKKUN | |
|---|---|
| **Hampiðjan** | -8,24% |
| **Flaga Group** | -5,98% |
| **Marel** | -1,1% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 43,50 +0,23% ... Bakkavör 44,80 +0,22% ... FL Group 14,00 -0,71% ... Flaga 3,46 -5,98% ... HB Grandi 9,30 -0,54% ... Íslandsbanki 15,20 +0,00% ... Jarðboranir 22,30 +0,00% ... KB banki 590,00 +0,00% ... Kögun 54,70 +0,74% ... Landsbankinn 22,80 +0,44% ... Marel 63,10 -1,10% ... SÍF 4,30 +0,47% ... Straumur 14,00 +0,36% ... Össur 95,50 +2,69%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Gistinóttum fjölgaði í september

Gistinóttum útlendinga á íslenskum hótelum fjölgaði í september frá fyrra ári. Þetta kemur fram í nýjum tölum frá Hagstofunni um fjölda gistinátta og gestakoma á hótelum. Gistinætur í september voru tæplega 93 þúsund sem er fjölgun milli ára um 13,4 prósent. Á höfuðborgarsvæðinu var aukningin um 20 prósent og gistinætur í heild 64.600. Veruleg aukning varð einnig á Suðurnesjum, Vesturlandi og Vestfjörðum. Annars staðar á landinu fækkaði gistinóttum milli ára. ■

## Nýtt verðmat á Össuri hf.

Greiningardeild KB banka hefur unnið nýtt verðmat á stoð- og stuðningstækjafyrirtækinu Össuri hf. Lokagengi félagsins í Kauphöll Íslands í gær var 95,5 krónur á hlut en nýtt verðmat greiningardeildar gerir ráð fyrir verðmati félagsins fyrir 41,1 milljarð króna sem jafngildir verðmatsgengi á 107 krónum á hlut eða um 12 prósentum hærri en viðskiptagengi gærdagsins.

Greiningardeild KB banka mælir því með yfirvogun á bréfum félagsins. Verðmatið byggir á gengi Bandaríkjadollars 59,6 gagnvart krónu. Gerð er 11 prósenta nafnávöxtunarkrafa til eigin fjár og er gert ráð fyrir 5,5 prósenta vexti eftir árið 2013 sem er óbreytt frá síðasta verðmati. Það verðmat gaf verðmatsgengið 80,3 og er niðurstaða núverandi verðmats því 63,2 prósentum hærri. **- hb**



**JÓN SIGURÐSSON, FORSTJÓRI ÖSSURAR** Greiningardeild KB banka segir að kauptækifæri séu í Össuri hf.

## Gott gengi flugfélaga

Heildarfjöldi farþega easyJet nam 2,7 milljónum í október. Það er fjölgun um 13,7 prósent miðað við október í fyrra. Farþegum fjölgaði einnig hjá SAS-samstæðunni. Hún flutti 3,3 milljónir farþega í október sem er aukning um 12 prósent frá október í fyrra.

Lággjaldaflugfélagið Ryanair birti árshlutauppgjör sitt fyrir annan ársfjórðung í gær. Hagnaður á öðrum ársfjórðungi nam 172,5 milljónum evra og jókst um 16,5 prósent frá sama tíma í fyrra. Hagnaður Ryanair á fyrstu sex mánuðum ársins nam 237 milljónum evra og jókst um 18 prósent frá árinu á undan. Þetta er methagnaður hjá félaginu sem er í takt við væntingar sérfræðinga. ■




Matreiðsla, bakstur, kjötiðn og framreiðsla
**Menntaskólinn í Kópavogi**
Innritun lýkur 25. nóvember 2005

Getum bætt við okkur nokkrum nemendum á almenna braut matvælagreina.

Námið er tvær annir og kynnir matreiðslu, bakstur, kjötiðn og framreiðslu. Áhersla er lögð á bóklega og verklega þætti og er námið metið sem fyrsti bekkur í iðnnámi í þessum greinum.

Námið fer fram í skólanum auk starfskynninga á vinnustöðum.

Nánari upplýsingar hjá áfangastjóra og námsráðgjöfum skólans í síma **594 4000.**

**Skólameistari**

www.mk.is




Hótel Sögu
10. - 12. nóvember 2005

VÉLSTJÓRAÞING 2005
Fagmennska og framsækni

Fimmtudagur 10. nóvember - Ársalur

12:00 Sýning í Skála
13:00 Setning - Helgi Laxdal, formaður VSFÍ
Ávarp - Sigríður Anna Þórðardóttir, umhverfisráðherra
Ávörp gesta
Hvernig eru kóngar?
- Róbert Jack, heimspekingur
MARPOL: Mengunarvarnir í skipum
- Kristján Geirsson, Umhverfisstofnun
Montrealbókunin og kælimiðlar
- Heiðrún Guðmundsdóttir, Umhverfisstofnun
15:00 Sýning og kaffi
15:30 Hvernig er hægt að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda?
- Þórhallur Ásbjörnsson, Landvernd
Jarðhitavirkjanir - eru þær framtíðin?
- Sveinbjörn Björnsson, sérfræðingur á Orkustofnun
Vetnisknúin skip - raunhæfur kostur eða draumórar?
- Hjalti Páll Ingólfsson, Nýorka
Orkustjórnunarkerfi Marorku
- Þorvaldur Logi Pétursson, verkfræðingur
Rannsókn Siglingastofnunar á hljóðmengun um borð í skipum
- Emil Ragnarsson, VER skiparáðgjöf/lektor við HA
18:00 Dagskrá dags tæmd

Föstudagur 11. nóvember - Ársalur

09:00 Sýning og morgunkaffi
10:00 Betri orkunýting með nýjum toghlerum
- Halldór Guðnason, Hampiðjan
Rannsókn Siglingastofnunar á gæðum lofts um borð í skipum
- Jón Bernódusson, Siglingastofnun
Öryggisstjórnun um borð í skipum
- Ingimundur Valgeirsson, Slysavarnaskóli sjómanna
Vinnverndarlögin, eftirlit á vinnustöðum
- Steinar Harðarson, Vinnueftirlit ríkisins
Áhættumat á vinnustöðum?
- Inghildur Einarsdóttir, Vinnueftirlit ríkisins
12:00 Sýning og hádegishlé
13:30 Áhættumat og vinnuvernd á sjó
- Lovísa Ólafsdóttir, Liðsinni-Sólarplexus ehf.
Umhverfisvæn hreinsiefni
- Dr. Ragnar Jóhannsson, Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins
Umhverfisvæn málning og alþjóðlegar reglugerðir
- Reynir Kristjánsson, Slippfélagið
15:00 Sýning og kaffi
15:30 Umræður og ályktanir
17:00 Dagskrá dags tæmd

Laugardagur 12. nóvember - Ársalur

09:00 Sýning og morgunkaffi
10:00 Skýrsla sameiningarnefndar VSFÍ og FJ
- Haraldur Á. Hjaltason, $H_2H$ ráðgjöf
Umræður um skýrslu - vinnuhópar
12:00 Sýning og hádegishlé
13:30 Niðurstöður vinnuhópa kynntar og ræddar

16:00 Þingi slitið

Kynning á skýrslu sameiningarnefndar og niðurstöður umræðuhópa verða sendar beint út á www.velstjori.is.

Sýning í Skála - Hótel Sögu

Á sýningu sem haldin er í tengslum við þingið kynna eftirtalin fyrirtæki vörur sínar og þjónustu.

Sýningin er öllum opin sem og einstakir fyrirlestrar á fimmtudegi og föstudegi, meðan húsrúm leyfir.

Framtak
Ísfell
Kraftefni
Kælitækni
Segull
SPV
Undri
Vélaverk
Véltak
VIT

Talstöðin

Ísafjörður fm 90,5
Reykjavík & Akureyri fm 90,9
Suðurland fm 90,4
Selfoss fm 90,7

**JOHN MILTON (1608-1674) LÉST ÞENNAN DAG.**

*„Betra er að ríkja í helvíti en þjóna á himnum."*

**JOHN MILTON VAR BRESKT SKÁLD OG ÞEKKTASTUR FYRIR VERK SITT PARADÍSARMISSI.**



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST> 8. NÓVEMBER 1990

# Mary Robinson kosin forseti Írlands

Á þessum degi árið 1990 var Mary Robinson kosin fyrsti kvenforseti Írlands. Strax eftir að fyrstu tölur voru birtar var ljóst að Robinson myndi sigra með nokkrum yfirburðum en hún var í sjálfstæðu framboði. Mary Robinson var lærður lögfræðingur og þótti nokkuð róttæk á Írlandi en hún hafði barist gegn banni á skilnuðum og fóstureyðingum í yfir tuttugu ár.

Forsetaembættið hafði til þessa verið nokkuð valdalaust embætti en með tilkomu Robinson breyttist hlutverk forsetans töluvert og hafði eftir það mun meiri völd. Hún sagði af sér embætti nokkrum mánuðum áður en kjörtímabilið var á enda til að gerast erindreki hjá Sameinuðu þjóðunum með áherslu á mannréttindi. Hún reitti margar þjóðir til reiði vegna ummæla um mannréttindastefnu þeirra.

Mary Robinson tilkynnti árið 2002 að hún sækist ekki eftir að starfa áfram hjá Sameinuðu þjóðunum.



MARY ROBINSON.

## MERKISATBURÐIR

**641** Alexandría eða Egyptaland fellur í hendur múslima.

**1718** Sjö manns drukkna en 160 er bjargað þegar danska herskipið Giötheborg strandar á Hásteininum við ósa Ölfusár.

**1793** Louvre-safnið í París opnað.

**1923** Adolf Hitler reynir að fremja valdarán en mistekst.

**1949** Fjögur fyrstu umferðarljósin eru tekin í notkun í Reykjavík.

**1983** Rán, þyrla Landhelgisgæslunnar, ferst í Jökulfjörðum og með henni fjórir menn. Þyrlan kom til landsins þremur árum fyrr.

**1993** Fimm málverkum eftir Picasso er stolið af safni í Stokkhólmi.

LEGSTEINAR
S. HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is

## ANDLÁT

**Guðfinnur Jakobsson** frá Reykjafirði, andaðist sunnudaginn 6. nóvember.

## JARÐARFARIR

13.30 **Þorkell Steinsson**, Hafnarstræti 16, Akureyri, verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju.



**Erlingur Yngvi Sveinsson**
Duevej 40, Kaupmannahöfn

verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði miðvikudaginn 9. nóvember kl. 13.00

**Hulda Runólfsdóttir**

**Hjálmar Sveinsson**
**Ólafur Sveinsson**
**Ósk Vilhjálmsdóttir**
**Silke Engel**
**Magnús Ólafsson**
**Hulda Ragnhildur Hjálmarsdóttir**
**Vilhjálmur Yngvi Hjálmarsson**
**Jóhann Ólafsson Engel**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**ODDNÝ ÓLAFSDÓTTIR**
kjólameistari frá Látrum í Aðalvík,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Eir fimmtudaginn 27. október sl. verður jarðsungin frá Hallgrímskirkju fimmtudaginn 10. nóvember kl. 15.00.

**Guðbjörg Björnsdóttir**
**Arndís H. Björnsdóttir**
**Jóhanna G. Björnsdóttir** **Tryggvi Eyvindsson**
**Hildur Björnsdóttir**
**Ólöf S. Björnsdóttir** **Magnús Kristmannsson**
**Arinbjörn Björnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vináttu vegna andláts og útfarar föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Kjartans Eiðs Eiðssonar**
Holtsgötu 14 c, Njarðvík.

**Hrönn Kjartansdóttir** **Kristján Stefánsson**
**Kjartan Kjartansson** **Ingibjörg Pálsdóttir**
**Gylfi Kjartansson**
**Jóhannes Kjartansson** **Hjördís Árnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

★ SÓLSTEINAR
★ Gæði
★ Góð þjónusta
★ Gott verð
★ Mikið úrval
Kársnesbraut 98 • S: 564 4566
www.solsteinar.is
200 Kópavogur • sol@solsteinar.is



LÍKNARFÉLAGIÐ HÖNDIN HELDUR SINN FYRSTA FUND:

# Finna mennskuna í sjálfum sér

Fyrir stuttu voru stofnuð líknar- og sjálfsstyrktarsamtökin Höndin sem ætluð eru sem grundvöllur fyrir fólk sem vill koma saman og ræða tilfinningar og líðan. Í kvöld, klukkan 20.30, verður haldinn fyrsti fundurinn á vegum samtakanna í neðri sal Áskirkju, en fundirnir verða á hverju þriðjudagskvöldi á sama tíma hér eftir.

Eyjólfur Magnússon Scheving atferlisfræðingur er aðalmaðurinn á bak við Höndina en Ólafía Ragnarsdóttir hefur aðstoðað hann ötullega við að kynna samtökin. Ólafía hefur verið í meðferð hjá Eyjólfi þar sem hún er taugasjúklingur og í sumar fóru þau að ræða nauðsyn þess að slík samtök yrðu sett á stofn og þróuðu smám saman með sér hugmyndina. „Það sem er öðruvísi við þessi samtök en önnur er að þau eru opin öllum en ekki fyrir ákveðna hópa eins og hjá AA-samtökunum eða Geðhjálp," segir Ólafía með áherslu en fundir Handarinnar verða vettvangur fyrir fólk sem vill tala um tilfinningar sem leið til sjálfshjálpar. „Sérstaklega fyrir fólk sem vill finna manneskjuna í sjálfum sér," segir Ólafía og bætir við að nærvera, hlustun og nánd, auk þess að vera til staðar, sé mikilvægast í starfi samtakanna.

Fundir samtakanna verða þrískiptir. Eyjólfur leiðir fundina og flytur erindi. Þá er einhver fenginn til að flytja hugleiðingu en endað er á lið sem ber heitið Var og er. „Þar segir fólk frá því hvernig því leið og frá tilfinningum sínum og líðan í dag," segir Ólafía en á fundinum kvöld mun Thelma Ásdísardóttir flytja hugvekju um ógnvekjandi reynslu sína.

„Ég hef verið geðsjúklingur í 36 ár og hef aldrei verið á því stigi að finnast ég alfrísk. Það er fyrst núna að mér finnst ég vera algerlega frísk og laus við sjúkdóminn," segir Ólafía og þakkar bata sínum því að hún gat rætt um tilfinningar sínar við Eyjólf. „Ef ég get orðið fólki til aðstoðar sem er í sömu sporum og ég var í, þá er það kannski tilgangurinn með öllum mínum sárakvöldum og vanlíðan," segir Ólafía sem vonast til að fundirnir geti þjónað sem nokkurs konar eftirmeðferð fyrir hana sjálfa. Til að fá nánari upplýsingar um fundi Handarinnar er hægt að hafa samband við Ólafíu í síma 568-9399.



**VEKUR TIL UMHUGSUNAR** Thelma Ásdísardóttir flytur hugvekju á fyrsta fundi Handarinnar sem haldinn verður í kvöld í Áskirkju.



**ALDREI LIÐIÐ BETUR** Ólafía Ragnarsdóttir hefur þurft að kljást við geðsjúkdóm í 36 ár. Henni er loks farið að líða vel og vill að aðrir geti fengið sömu lausn og hún sjálf. GVA



**LEIKUR ER NAUÐSYNLEGUR** Töluverður áhugi er fyrir því að færa leiklistarkennslu í skólana.

# Samtök um leiklist í skólastarfi

Stofnfundur samtaka um leiklist í skólastarfi verður haldinn í kvöld klukkan 20.00 í húsnæði Félags íslenskra leikara Lindargötu 6 í Reykjavík. Allt áhugafólk um leiklist í skólastarfi er velkomið en á fundinum verður meðal annars rætt um aðkallandi verkefni og skipt í vinnuhópa. ■

## AFMÆLI



**Hanna Ingimundardóttir,** Hringbraut 63, Keflavík, er fimmtíu ára í dag. Hún og Jón, maður hennar, taka á móti gestum í húsi Verkalýðsfélags Keflavíkur (Víkinni), Hafnargötu 80 milli kl. 17 og 20 laugardaginn 12. nóvember. Vonumst til að sjá sem flesta.

**Torfi Ólafsson** hljómlistarmaður er fimmtugur.



**Toshiki Toma,** prestur innflytjenda, er 47 ára.

**Haraldur Örn Ólafsson** pólfari er 34 ára.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG



**1656** Edmund Halley stjörnufræðingur.



**1847** Bram Stoker rithöfundur.



**1900** Margaret Mitchell rithöfundur.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.




# Nýi Nylon diskurinn Góðir hlutir er kominn í verslanir

**Fyrstu 100 sem kaupa diskinn í Hagkaupum fá Nylon DVD diskinn í kaupauka.**




nylon

Árita nýju plötuna í Hagkaupum
Kringlunni laugardag kl. 14:00
Smáralind sunnudag kl. 14:00

**ÚTGÁFUTÓNLEIKAR**
Loftkastalanum
19. nóvember kl. 16:00
nánar á nylon.is

Gildir til 30. nóvember eða á meðan birgðir endast.

**Að sjálfsögðu fær ríkissjóður fullan virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.**

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*





# STUÐ MILLI STRÍÐA Sænskt morðtól

**ÞÓRARNI ÞÓRARINSSYNI** VAR SÝNT BANATILRÆÐI



Ég hef búið í myrkri undanfarið. Hef eigrað um íbúðina mína sjáandi varla handa minna skil í rökkrinu. Þeir sem þekkja skammdegisþunglyndi vita að myrkur er mannsandanum ekki hollt í of stórum skömmtum. Ég var hins vegar orðinn svo samdauna myrkrinu að það tók mig nokkurn tíma að átta mig á því að heimili mitt væri orðið að myrkraveröld.

Þetta gerðist auðvitað með lækkandi sól en þá fóru allar daufu ljósaperurnar sem áttu að skapa rómantíska stemningu á heimilinu að hætta að ráða við ofurefli íslenska vetrarmyrkursins.

Um helgina ákvað ég að hleypa ljósi inn í líf mitt að nýju og birgði mig upp af 75 watta perum til þess að flóðlýsa vistarverur mínar. Myrkraöflin og sænskur húsgagnaframleiðandi snerust þá gegn mér þannig að minnstu mátti muna að peruskiptin í stofunni yrðu mitt síðasta verk.

Loftljósið mitt er frá IKEA. Ákflega virðulegur og látlaus kúpull yfir þremur ljósaperum. Hefur til að bera ákveðinn smáborgaralegan virðuleika og kostaði skid og ingenting. Mér hefur samt alltaf verið í nöp við IKEA. Kannski er rótin óútskýranleg andúð mín á Svíum eða bara að ég er klaufi í höndunum og það getur vafist fyrir mér að skrúfa saman einfalda kryddhillu en eins og allir vita þarf maður að skrúfa IKEA-dótið sitt saman sjálfur.

Hvað um það. Ég taldi nú víst að IKEA-ljósin væru það meðfærileg og bjánaheld að ég ætti að geta leikið mér að því að kippa kúplinum niður. Hann streittist þó á móti og endaði með að brotna í höndunum á mér. Annar hlutinn, sá oddhvassari, stakkst beint í ennið á mér, á meðan hinn mölvaðist á gólfinu. Blindaður af stríðum blóðstraumnum mátti ég svo vaða glerbrotin í leit að moppu til þess að stöðva blæðinguna og tel mig heppinn að hafa sloppið með eitt lítið Harry Potter-ör á enninu frá þessum hildarleik. Það er sjálfsagt ásættanlegur fórnarkostnaður fyrir ljós í líf sitt.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Pú og pa
Eftir SÖB




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott









## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi.
Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com.
Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 7 | | 2 | | | 1 | | |
| 3 | | | | | 1 | | 4 | 7 |
| 8 | 5 | | | | 6 | 9 | | |
| | | 7 | 4 | | 3 | | | 1 |
| 9 | 1 | | | | | | 3 | 5 |
| 6 | | | 9 | | 8 | 2 | | |
| | | 2 | 3 | | | | 5 | 8 |
| 7 | 6 | | 5 | | | | | 9 |
| | | 8 | | | 4 | | 6 | 2 |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | 4 | 2 | 8 | 5 | 9 | 6 | 7 |
| 8 | 2 | 6 | 9 | 3 | 7 | 1 | 4 | 5 |
| 7 | 9 | 5 | 4 | 6 | 1 | 2 | 3 | 8 |
| 5 | 6 | 1 | 7 | 4 | 9 | 8 | 2 | 3 |
| 4 | 3 | 8 | 6 | 1 | 2 | 7 | 5 | 9 |
| 9 | 7 | 2 | 8 | 5 | 3 | 6 | 1 | 4 |
| 2 | 8 | 3 | 1 | 7 | 4 | 5 | 9 | 6 |
| 6 | 5 | 9 | 3 | 2 | 8 | 4 | 7 | 1 |
| 1 | 4 | 7 | 5 | 9 | 6 | 3 | 8 | 2 |



**SCHWARZENEGGER Í HEIMSÓKN** Jay Leno hefur haft yfirhöndina gagnvart höfuðandstæðingi sínum David Letterman undanfarinn áratug.

# Leno eykur forskotið

Kvöldþáttur bandaríska spjallþáttastjórnandans Jays Leno hefur aukið forskot sitt í áhorfi á þátt Davids Letterman, höfuðandstæðings Lenos.

Áhorf á þátt Lenos hefur aukist um fjögur prósent á þessu ári og eru áhorfendur komnir upp í 5,6 milljónir. Áhorf á Late Show, þátt Letterman, hefur aftur á móti dregist saman um fimm prósent. Talið er að fjölbreytni þáttarins hafi sitt að segja um vinsældir Lenos. Þáttur hans hefur haft yfirhöndina yfir Letterman síðastliðinn áratug.

Talið er að sjónvarpsstöðin NBC, sem sýnir kvöldþátt Lenos, ætli að fá Conan O´Brien til að leysa Leno af árið 2009. Spurningin er hvort Conan nái að halda hinum gífurlegu vinsældum sem Leno hefur notið.



**NYLON** Stúlknasveitin Nylon gefur út sína aðra plötu í dag.

# Universal skoðar Nylon

Menn frá hljómplöturisanum Universal verða viðstaddir útgáfutónleika stúlknasveitarinnar Nylon sem verða haldnir í Loftkastalanum 19. nóvember. Einnig mætir á staðinn fjöldi þekktra blaðamanna frá London, auk umboðsmanns sveitarinnar, Martin O´Shea.

Miðasala á tónleikana hefst í dag. Á síðustu útgáfutónleika Nylon seldist upp í öll þrjú skiptin en í þetta skiptið eru bara einir tónleikar fyrirhugaðir.

Önnur plata Nylon, Góðir hlutir, kemur út í dag. Undirbúningur að gerð plötunnar hófst í janúar og hafa stelpurnar síðan verið inn og út úr hljóðverum með jöfnu millibili, bæði hér á landi og í London.

„Við erum mjög ánægðar með þessa plötu. Við höfum haft meiri tíma til að vinna lögin og nú vitum við líka meira hvað við viljum þegar kemur að útsetningum og öðru sem viðkemur áferð tónlistar okkar. Þessi plata hljómar betur og er kannski aðeins fullorðinslegri ef það er hægt að nota það orð," sagði Emilía Björg Óskarsdóttir söngkona í Nylon.


www.fjarkennsla.is



Átt þú góða tölvu en notar hana lítið?

Á vefnum fjarkennsla.is gefst öllum tækifæri til að leita sér grunnþekkingar eða aukinnar færni í notkun helstu forrita, leiðsagnar í notkun veraldarvefsins eða jafnvel læra betur á nýju stafrænu myndavélina.

Á næstu dögum mun öllum heimilum landsins berast aðgangslykill frá Fjarkennslu ehf. sem veitir tímabundinn aðgang að öllum námskeiðum, fræðslu- og afþreyingarefni fyrirtækisins – notendum að kostnaðarlausu.

Frjáls aðgangur að öllu efni vefsíðunnar fjarkennsla.is veitir þér ráðrúm til að átta þig á þeim möguleikum sem tölvan á heimilinu hefur uppá að bjóða. Einnig gefst þér tækifæri til að meta hvort tími sé kominn til að læra meira. Með kennsluefni Fjarkennslu er það leikur einn - á þínum forsendum og þegar þér hentar.

á þínum forsendum þegar þér hentar.

ókeypis aðgangur

til reynslu - svo er þitt að velja

kaldaljós 2005

Úrval námskeiða á Netinu - með íslensku tali

Fjarkennsla býður upp á úrval kennsluefnis, jafnt fyrir byrjendur og þá sem eru lengra komnir. Öll námskeið eru í formi sýnikennslu og að sjálfsögðu er allt efni vefsins á íslensku, bæði texti og talað mál.

**Grunnur:** Windows XP • Outlook Express • Internetið • Matreiðslukennarinn • Flight Simulator 2004 • Brellur og brögð • Stafrænar myndavélar
**Grafík:** Photoshop • Photoshop verkefni • Premiere Pro • Premiere Elements • Flash MX
**Skrifstofa:** Word 2003 • Word 2003 PRO • Excel 2003 • Excel 2003 PRO • Outlook 2003 • Outlook 2003 PRO • FrontPage • PowerPoint 2003

Windows XP · Adobe · Microsoft Office

fjarkennsla

Fjarkennsla ehf. • Lyngási 18 • 220 Garðabær • Sími 511 4510 • www.fjarkennsla.is

Tveggja ára alþjóðlegt nám á háskólastigi í Tækniskóla Árósa

Smelltu á heimasíðuna okkar www.academy.ats.dk og fáðu nánari upplýsingar um námid!

- Margmiðlunarhönnuður / Multimedia Designer
- Byggingatæknir / Building Technician
- Meinatæknir / Chemical and Biotechnical Analyst
- Upplýsingatækni & Rafmagnsverkfrædi / IT and Electronics Engineer

Hægt er ad velja námid á dönsku eda ensku

The Academy of Professional Higher Education
Aarhus Technical College
Denmark

Beint dagflug í sólina í allt sumar kl. 12.30

# Frá 28.590 kr.*




## Sumarið er komið!

# Mallorca

Fyrstu **300** sætin
**10.000 kr.**
**afsláttur á mann**
**40.000 kr.**
afsláttur fyrir fjölskylduna
Gildir í fyrstu 300 sætin.
Gildir ekki um flugsæti eingöngu



### Perla Miðjarðarhafsins

Heimsferðir stórlækka verðið til þessa vinsælasta áfangastaðar Spánar. Mallorca hefur verið ókrýnd drottning ferðamanna undanfarin 40 ár, enda enginn áfangastaður sem getur státað af jafn heillandi umhverfi, fjölbreyttri náttúrufegurð, gullfallegum ströndum og frábærri aðstöðu fyrir ferðamanninn og þessi fagra eyja í Miðjarðarhafinu.
Hér er frábært að lifa og njóta í fríinu, heillandi bæir sem hver hafa sinn sérstaka karakter og yfirbragð og því þreytist maður aldrei á að flakka um og kynnast nýjum sjónarhornum eyjarinnar fögru.

### Vinsælustu strendurnar

Heimsferðir hafa valið vinsælustu strendurnar fyrir farþega sína svo þú getir valið það andrúmsloft sem hentar þér best í fríinu. Playa de Palma er ávallt vinsæl vegna nálægðar við Palma borg og frábærrar strandar. Alcudiaströndin á norður Mallorca er einn vinsælasti fjölskyldu-staðurinn á eynni enda bjóða Heimsferðir þar glæsilegan aðbúnað. Strendurnar í Alcudia eru frábærar og aðbúnaður fyrir ferðamenn til fyrirmyndar og nóg við að vera í fríinu.



### Fjölbreytt frí!

**Endalaus viðfangsefni á Mallorca**

**Vatnsrennibrautagarðar**
**Fagrar strendur**
- Playa de Palma
- Alcudia

**Spennandi kynnisferðir**
- Dropasteinahellarnir í Drac
- Valldemosa
- Hringferð um Mallorca
- Jeppasafarí

**Næturlífið**
- Casínó
- Næturklúbbar
- Diskótek
- Veitingastaðir

**Íþróttir**
- Golf
- Tennis
- Köfun
- Seglbretti
- Sjóskíði
- Líkamsrækt

### Við stórlækkum verðin til Mallorca

**28.590 kr.***
Flugsæti með sköttum. Netverð.

**35.495 kr.**
M.v. hjón með 2 börn 2–11 ára, á Brasilia Playa, vikuferð 22. júní með sköttum og 10.000 kr. afslætti. Netverð.

**37.195 kr.**
M.v hjón með 2 börn, 2–11 ára, á Paraiso de Alcudia, vikuferð 22. júní með sköttum og 10.000 kr. afslætti. Netverð.

Mundu MasterCard ferðaávísunina!

**Við bjóðum „alvöru“ barnaafslátt**

# Glæsilegir gististaðir í Alcudia



Paraiso de Alcudia

**Aðalgististður Heimsferða – frábær staðsetning**

# Alcudia – paradís fjölskyldunnar

Alcudia er um 52 km norðaustur af Palma. Hótelin standa nær öll á strandlengjunni við Alcudia flóann en elsti bæjarhlutinn, „gamli bærinn“ er í um 3ja km fjarlægð frá ströndinni. Markaðir eru haldnir tvisvar í viku og þar kennir ýmissa grasa allt frá matvöru til minjagripa.

Í Alcudia og nágrenni er að finna eitthvað við allra hæfi. Úrval verslana, veitingastaða, bara og næturklúbba. Í næsta nágrenni við bæinn er vatnsrennibrautagarðurinn Hidropark, þar sem einnig eru minigolfvellir og veitingastaðir og tilvalið fyrir fjölskyldur að eyða þar heilum degi. Fyrir fjörkálfana eru hér „Go Kart“ brautir og fjölbreytt vatnasport.

Náttúrufegurðin þykir líka einstök við Alcudia ströndina enda eyjan Mallorca rómuð fyrir náttúrufegurð. Alcudia ströndin þykir ein sú fallegasta á eyjunni með hvítum sandi eins langt og augað eygir og sjórinn talinn sá tærasti við Mallorca.

**Íbúðir með 1 eða 2 svefnherbergjum**



Las Gaviotas



Hotel Eden Playa





Hotel Bellevue

# Bókaðu strax og tryggðu þér bestu gististaðina!

# Playa de Palma

Playa de Palma er rétt utan við Palma borg og er þar að finna yndislega hvíta strönd sem býður frábæra gististaði, iðandi mannlíf jafnt að degi sem kvöldi, ótrúlegt úrval veitingastaða, verslana og skemmtistaða. Ströndin teygir sig kílómetrum saman meðfram flóanum og rennur inn í Arenal ströndina, með fjölda veitinga- og skemmtistaða. Hótel Heimsferða eru öll með hótelgörðum, en hér getur þú líka valið um að rölta á ströndina og njóta mannlífsins eða skjótast inn í Palma og týna þér í gamla bænum.

**Mjög glæsilegar nýuppgerðar íbúðir**



Hotel Barcelo Pueblo Park

www.heimsferdir.is



Hotel Fontenellas Playa

**Heimsferðir**

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík, sími 595 1000 • Akureyri, sími 461 1099 • Hafnarfjörður, sími 510 9500 • www.heimsferdir.is

Tökin hert
THE TURN OF THE SCREW
EFTIR
BENJAMIN BRITTEN

25 ára og yngri: 50% afsláttur af miðaverði í sal

12. nóv. kl. 20 - 6. sýning
ATH! Allra síðasta sýning
Kynning fyrir sýninguna kl. 19.15
Kynningin fer fram á sviðinu og er innifalin í miðaverði.

„Spennuhlaðið viðfangsefnið gerir sig bráðvel fyrir augu og eyru.“
MORGUNBLAÐIÐ
★★★★ DV

PARS PRO TOTO - Dansverkið VON
& ÁRÓRA BÓREALIS - Brot úr nýju verki á gömlum merg
Laugardaginn 19. nóv - kl. 20 - Sunnudaginn 20. nóv - kl. 17
Aðeins þessar tvær sýningar

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Íslenska óperan v/Ingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400
ÍSLENSKA ÓPERAN

BORGARLEIKHÚSIÐ




Stóra svið

**Salka Valka**
Lau 12/11 kl. 20 · Fi 17/11 kl. 20
Fi 24/11 kl. 20 · Fö 25/11 kl. 20
Su 4/12 kl. 20 · Su 11/12 kl. 20

**Woyzeck**
Fi 10/11 kl. 20 Græn kort
Fö 11/11 kl. 20 Blá kort
Fö 18/11 kl. 20 · Lau 19/11 kl. 20

**Kalli á þakinu**
Su 13/11 kl. 14 UPPSELT
Su 20/11 kl. 14 · Lau 26/11 kl. 14
Su 27/11 kl. 14

**Id - HAUST**
Wonderland, Critic´s Choice?
og Pocket Ocean
Su 13/11 kl. 20 · Su 20/11 kl. 20
Mi 23/11 kl. 20
Aðeins þessar sýningar!

Nýja svið/Litla svið

**Lífsins tré**
Fi 10/11 kl. 20
Fö 11/11 kl. 20 UPPSELT · Fö 18/11 kl. 20
Lau 19/11 kl. 20 · Fö 25/11 kl. 20

**Alveg brilljant skilnaður**
Su 13/11 kl. 20 UPPSELT
Su 20/11 kl. 20 UPPSELT
Su 27/11 kl. 20 UPPSELT
Má 28/11 kl. 20 AUKASÝNING
Síðustu sýningar!

**Manntafl**
Lau 12/11 kl. 20 · Fi 17/10 kl. 20
Fi 24/10 kl.20

GJAFAKORT
GEFÐU EFTIRMINNILEGA UPPLIFUN
GJAFAKORT Í BORGARLEIKHÚSIÐ GILDA ENDALAUST

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
HALLDÓR Í HOLLYWOOD
Fim. 10/11, fös. 11/11 nokkur sæti laus, lau. 12/11 nokkur sæti laus, fim. 17/11, fös. 18/11 nokkur sæti laus, lau. 19/11 örfá sæti laus. Aðeins sýnt í nóvember.
KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Sun. 13/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 20/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 27/11 kl. 14:00 nokkur sæti laus.
EDITH PIAF
Sun. 13/11 uppselt, sun. 20/11 uppselt, sun. 27/11 uppselt, sun 4/12 uppselt - 90. sýning. Allra síðasta sýning.

LITLA SVIÐIÐ KL. 20.00
BRIM
Mið. 9/11 uppselt, lau. 12/11 örfá sæti laus, sun. 13/11 örfá sæti laus, fim. 17/11 örfá sæti laus, sun. 20/11 nokkur sæti laus, mið. 30/11. Aðeins sýnt í nóvember.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00
FRELSI
Mið. 9/11 uppselt, fim. 10/11 uppselt, fös. 11/11 kl. 11:00 uppselt og kl. 14:00 uppselt, lau. 12/11, mið. 16/11 uppselt, fim. 17/11 örfá sæti laus. Aðeins sýnt í nóvember.

LEIKHÚSKJALLARINN
Fös. 11/11 kl. 21:00 Hugleikur - Þetta mánaðarlega.
Lau. 12/11 kl. 21:00 Hugleikur - Þetta mánaðarlega.
Sun. 13/11 kl. 21:30 Sunnudagsjass. Djassklúbburinn Múlinn: **B3.**
Tónlist orgelleikarans Jimmy Smith.

Miðasala við innganginn. Upplýsingar um viðburði Leikhúskjallarans í s. 585 1295. Húsið er opnað kl. 18:00 fös. og lau. Annars klukkustund fyrir viðburð.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is



**EIGENDURNIR** Ása Ottesen, Jóna Elísabet Ottesen og Hafdís Þorleifsdóttir eru eigendur Gyllta kattarins.

# Tískuköttur í miðbænum

*Mikil gróska er á markaði notaðra flíka og nú hefur verið opnuð glæný búð í Austurstræti sem sérhæfir sig í slíkum fatnaði. Eigendur búðarinnar, sem ber hið skemmtilega heiti Gyllti kötturinn, eru systurnar Ása Ottesen og Jóna Elísabet Ottesen auk Hafdísar Þorleifsdóttur sem er frænka systranna.*

„Það hefur verið draumur okkar mjög lengi að opna tískubúð og ég er búin að vera að tala um þetta frá því ég var lítil,“ segir Ása Ottesen. „Ég er búin að vinna í tískubransanum ótrúlega lengi, hef bæði unnið sem stílisti og var til dæmis verslunarstjóri í Centrum. Jóna systir mín var verslunarstjóri í Sautján Jeans og Hafdís var aðstoðarverslunarstjóri í Companys í Kringlunni. Svo allt í einu ákváðum við að kýla á þetta og loksins er draumurinn orðinn að veruleika.“

Að sögn Ásu er undirbúningurinn búinn að vera langur og strangur og segir hún svona lagað mikla vinnu. „Við erum varla búnar að sofa því hugurinn er alltaf við þetta. Við vorum alltaf að koma með nýjar og nýjar hugmyndir en þetta hefur samt gengið mjög vel. Erum bæði búnar að fara til London og Amsterdam til að kaupa fötin en hyggjumst síðar meir líka fara til Kaupmannahafnar, Parísar og Berlínar og kanna Evrópu aðeins betur.“



**LEGGINGS** Þessar minna örlítið á níunda áratuginn og myndu sóma sér vel undir flottum kjól.



**TÖFF PEYSA** Tíglamunstrið er algjörlega klassískt en mjög heitt núna eins og allt sem minnir á gamlan stíl.

## Adidas í gamla stílnum

Búðin mun ekki einungis selja notuð föt heldur munu stúlkurnar einnig bjóða upp á ýmsa skemmtilega hluti eins og síma, klukkur og þess háttar auk þess sem ný föt verða einnig fáanleg í búðinni. „Við vildum ekki bjóða einungis upp á notaðar vörur heldur vildum við frekar hafa þetta eitthvað blandað og búðin fær þannig fjölbreytilegan blæ. Við verðum bæði með íslenska hönnun og erlenda auk þess sem við seljum ýmiss konar skemmtilegt skran og erum með alls konar föt, allt frá íþróttafötum upp í síðkjóla. Þetta er bara partíbúð og alls ekki fyrir neinn sérstakan aldur heldur ættu konur á öllum aldri að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Við erum einnig með frábær „oldschool“ íþróttaföt frá Adidas sem eru ekki notuð heldur eru einhvers konar prufur og svo langar okkur mjög mikið að selja vínylplötur í framtíðinni.“

## Harður heimur

Mörgum finnst notuð föt vera skrambi dýr á Íslandi og hafa viðskiptavinir líklega oft velt fyrir sér hver ástæðan fyrir því sé. Margir telja að verið sé að okra á kaupendunum. „Við vorum alveg sammála um að notuð föt á Íslandi væru of dýr og okkur langaði að hafa fötin ódýrari en gengur og gerist hérna. Hins vegar komumst við að því að þegar öll gjöld eru komin, skattar og tollar og þess háttar, kostnaður við að fara út og kaupa fötin og reka búðina þá er erfitt að halda verðinu mjög lágu. Eina leiðin til að finna ódýru fötin er að versla á flóamörkuðum. Þetta er harður heimur og það er mjög erfitt að finna flott „second hand“ föt því það vill enginn segja manni hvaðan fötin í búðunum koma. Okkur hefur hins vegar tekist að halda verðinu mjög sanngjörnu og í raun lágu miðað við Íslandsmarkað.“

## Allt að smella saman

Ása hefur ekki bara reynslu á tískusviðinu heldur hefur hún einnig stundað nám í tískufræðum. „Ég lærði tísku- og markaðsfræði í tvö ár í London og svo um síðustu jól fór ég á stílistanámskeið í St. Martins skólanum. Við erum hins vegar allar með þetta í blóðinu og lifum og hrærumst í tískuheiminum.“

Aðspurð hvaðan nafnið Gyllti kötturinn kemur segir hún Hafdísi hafa stungið upp á því. „Við vorum búnar að velta þessu fyrir okkur fram og aftur og vorum með hugmyndabanka þar sem vinir og vandamenn komu með uppástungur. Hafdís frænka kom með þetta nafn og þó við værum ekki vissar fyrst þá erum við mjög ánægðar með þetta núna. Þetta er allt að smella saman. Við erum búnar að innrétta búðina en maðurinn hennar Hafdísar er smiður og hjálpaði okkur í því. Búðin er orðin mjög hlýleg og í þessum gamla stíl og við erum bara ótrúlega ánægðar og spenntar að takast á við nýjar áskoranir í þessum heimi. Okkur finnst líka mjög skemmtilegt að búðin er staðsett í Austurstræti því það hefur einmitt vantað meira líf í þá götu - eins og var í gamla daga. Vonandi náum við að draga fólk hingað niður eftir með fínu búðinni okkar.“

hilda@frettabladid.is





Le'Sing
Syngjandi þjónar
Ein vinsælasta leiksýning landsins.
Alla laugardaga
Alltaf jafn fersk - alltaf jafn skemmtileg
BROADWAY
Sími: 533-1100




FRUMSÝNING 12. NÓVEMBER
Nína og Geiri
söngbók
Björgvins Halldórssonar
Leikstjóri: Gunnar Helgason
11. nóv. VIP forsýning
12. nóv. Frumsýning
Uppskeruhátíð hestamanna
18. nóv. Uppselt svæði 1
19. nóv. Uppselt
25. nóv. Uppselt svæði 1
26. nóv. Uppselt
2. des.
3. des. Uppselt
9. des.
10. des. Uppselt svæði 1
16. des.
17. des.
BROADWAY
5331100
Ógreiddir miðar seldir hálfum mánuði fyrir viðburð.




Annie
eftir Thomas MEEHAN, Charles STROUSE & Martin CHARNIN
SÍÐUSTU SÝNINGAR
★★★★ -DV
Frábær fjölskylduskemmtun!
- Fréttablaðið
sun. 13. nóv. kl.14




HIMNARÍKI
Geðklofin gamanleikur
eftir Árna Ibsen
17. sýn fös 11. nóv. - örfá sæti
18. sýn fös 18. nóv. - nokkur sæti
19. sýn lau 19. nóv. - nokkur sæti
20. sýn fös 25. nóv.
21. sýn lau 26. nóv.
22. sýn. 2. des.
23. sýn. 3. des.
HAFNARFJARÐAR LEIKHÚSIÐ
Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is




Leikhópurinn Á senunni í samstarfi við SPRON
Kabarett
í Íslensku óperunni
Kabarett
EKKI MISSA AF KABARETT!
11. nóv. (síðasta sýn.) UPPSELT
18. nóv. kl. 20 (aukasýning)
25. nóv. kl. 20 (aukasýning)
26. nóv. kl. 20 ALLRA ALLRA SÍÐASTA AUKASÝNING
Heimildarmynd um Kabarett í Sjónvarpinu í kvöld kl. 21.25
Geisladiskurinn er kominn í verslanir!
Miðar í síma 511 4200 og á www.kabarett.is




ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á vísir VEF TV




MasterCard
MasterCard kynnir:
OKTÓBERBÍÓFEST
Í KVÖLD: SPURT OG SVARAÐ MEÐ ANGELU SHELTON OG FRUMSÝNING Á DIG!
Í VIKUNNI: FRUMSÝNING Á LIE WITH ME, SPURT OG SVARAÐ MEÐ MATTHEW BARNEY EFTIR DRAWING RESTRAINT 9 OG ALHEIMSFRUMSÝNING Á HOSTEL AÐ VIÐSTÖDDUM QUENTIN TARANTINO, ELI ROTH, DEREK RICHARDSON, BARBARA NEDELJAKOVA OG EYÞÓRI GUÐJÓNSSYNI.
Sala á tvær almenningssýningar á Hostel hefst á fimmtudaginn í Regnboganum. Dagskrána frá 8. - 14. nóvember
og nánari upplýsingar um atburði vikunnar er hægt að nálgast á www.icelandfilmfestival.is
„Ég hlakka ekkert smá til að fara í partýið með Eyþóri!“
- JÖKULL II
Iceland Film Festival
iff
Í Háskólabíói og Regnboga 26. október - 14. nóvember
ICELANDAIR
ICELANDAIR HOTELS
Talstöðin FM 90,9
www.icelandfilmfestival.is




ka
7.–13. nóv.
Allar pizzur á
1.090 kr.
Hvítlauksolía fylgir!
58•12345
Domino's Pizza








## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

NÓVEMBER

5 6 7 **8** 9 10 11

### Þriðjudagur

#### KVIKMYNDIR

☐ 20.00 Kvikmyndasafn Íslands sýnir frönsku kvikmyndina **Themroc** frá árinu 1973 í leikstjórn **Claude Faraldo**. Þetta er þriðja og síðasta myndin sem **Friðrik Þór Friðriksson** kvikmyndaleikstjóri valdi á sýningadagskrá Kvikmyndasafnsins í vetur sem uppáhalds kvikmyndir sínar. Sýningar fara fram í Bæjarbíói, Strandgötu 6, Hafnarfirði.

#### FYRIRLESTRAR

☐ 12.10 **Sigurður Gylfi Magnússon** flytur erindið "Kynlíf í ljósi nývæðingar" í hádegisfundaröð Sagnfræðingafélags Íslands, "Hvað eru framfarir?" í Þjóðminjasafni Íslands.

☐ 20.00 Dr. **Anna Lísa Rúnarsdóttir** mannfræðingur heldur fyrirlestur um Tongaeyjar í fyrirlestraröð Mannfræðifélagsins Ímyndir, gildi og viðhorf. Í Reykjavíkurakademíunni, Hringbraut 121.

**hvar@frettabladid.is**






**KATE MOSS** Ofurfyrirsætan virðist vera komin á beinu brautina á ný jan leik.

## Komin á beinu brautina

Fyrstu myndirnar af ofurfyrirsætunni Kate Moss sem birtar eru síðan hún fór í meðferð þykja sýna það og sanna að hún sé komin á beinu brautina á nýjan leik.

Eftir að meðferðinni lauk fór Moss til Ibiza þar sem hún sat fyrir í þrjá daga fyrir tískuhönnuðinn Roberto Cavalli. Á myndunum er hún einungis klædd svörtu bikini. „Kate lýtur frábærlega út. Hún er full sjálfstrausts og með stílinn á hreinu," sagði Cavalli. Næstu fyrirsætuverkefni Moss verða í Los Angeles, New York og París.

# Hreint listaverk

**[ KVIKMYNDIR ]**

**UMFJÖLLUN**



**OKTÓBERBÍÓFEST**

**Ferðalag keisaramörgæsanna**

**Leikstjóri:** Luc Jacquet
**Niðurstaða:** Ferðalag keisaramörgæsanna er hreint listaverk. Hún er óður til náttúrunnar sem er svo mögnuð að við fáum aldrei skilið hana til fullnustu heldur stöndum bergnumin eftir, full lotningar og orðlaus yfir furðuverkum hennar.

Hvað eiga keisaramörgæsir sameiginlegt með mannfólkinu? Í fljótu bragði ekki neitt. Þær lifa á Suðurskautslandinu þar sem meðalhiti er um fjörtíu stiga frost og eru rúmur metri á hæð. Mannfólkið og mörgæsirnar eiga því í raun ekkert sameiginlegt fyrir utan þá bláköldu staðreynd að vera dýr á jörðinni. Af hverju sýndi þá hálffullur aðalsalur Háskólabíós allar þær tilfinningar sem manneskjan lætur venjulega í ljós þegar önnur manneskja á í hlut?

Svarið við því er einfalt. Meistarastykki Luc Jacquet; Ferðalag keisaramörgæsanna. Í þrettán mánuði fylgdist Jaquet með karl-og kvenfuglunum leggja upp í ferðalag, rétt eins og forfeður þeirra hafa gert í þúsundir ára. Tilgangurinn: Að finna rétta makann og fjölga sér. Mörgæsirnar hittast á ákveðnum stað þar sem öllu er óhætt. Áhorfandinn fær að fylgjast með rómantískum og ástríðufullum atlotum tveggja einstaklinga sem uppskera að lokum eitt egg.

Faðirinn þarf að halda egginu heitu því móðirinn leggur upp í mikla hættuför til að ná í fæðu handa ófæddum unganum. Hann reynir að standa af sér harðasta hluta vetrarins í tæpa tvo mánuði á meðan hún syndir á meðal rándýra og stofnar lífi sínu í hættu fyrir mat. Eggin verða lifa frostið af í hlýjunni frá föður sínum sem sveltir sig svo að tegundin geti fjölgað sér. Það er ekki víst að mæðurnar nái heim í tæka tíð og geti gefið unganum sem þarf nauðsynlega á allri orku að halda þannig að hann geti haldið á sér hita.

Luc Jacquet gerir sig aldrei sekan um að blanda sér inn í myndina en það hefði verið svo einfalt að troða andlitinu á sér inn í mynd og upphefja sjálfan sig og veru sína. Það eru mörgæsirnar sem eru stjörnur kvöldsins ásamt hinum hrikalegu auðnum heimsálfunnar.

Á köflum líður áhorfandanum eins og hann sé staddur á miðju Suðurskautslandinu, mitt á milli mörgæsanna sem berjast fyrir lífi sínu, upplifa ást, sorg, gleði og vonbrigði. Tónlistin á vel við og textinn, sem greinir kynin í sundur og upplýsir áhorfandann hvað tímanum líður, er fallegur. Það eru þó alltaf mörgæsirnar og mögnuð hegðun þeirra sem eiga hug áhorfandans allan.

Ferðalag keisaramörgæsanna er hreint listaverk. Hún er óður til náttúrunnar sem er svo mögnuð að við fáum aldrei skilið hana til fullnustu heldur stöndum bergnumin eftir, full lotningar og orðlaus yfir furðuverkum hennar. **Freyr Gígja Gunnarsson**



HÁDEGISBÍÓ
400 kr. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR kl: 12 UM HELGINA Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI
STÆRSTA KVIKMYNDAHÚS LANDSINS • HAGATORGI • S. 530 1919 • www.haskolabio.is




**ÁLFABAKKI**

| | |
|---|---|
| TWO FOR THE MONEY | KL. 5.30-8-10.30 B.I. 16 |
| TWO FOR THE MONEY VIP | KL. 5.30-8-10.30 |
| KISS KISS BANG BANG | KL. 3.50-6-8.15-10.30 B.I. 12 |
| FLIGHTPLAN | KL. 6-8.15-10.30 |
| WALLACE & GROMIT ísl. tal | KL. 4 |
| WALLACE & GROMIT enskt tal | KL. 6-10.30 B.I. 14 |
| THE 40 YEAR OLD VIRGIN | KL. 8 B.I. 14 |
| SKY HIGH | KL. 4 |

**KEFLAVÍK**

| | |
|---|---|
| TRANSPORTER 2 | KL. 8 |
| BEWITCHED | KL. 8 |

**AKUREYRI**

| | |
|---|---|
| TWO FOR THE MONEY | KL. 8-10 |
| MUST LOVE DOGS | KL. 8 |
| FLIGHTPLAN | KL. 10 |

**KRINGLAN**

| | |
|---|---|
| TWO FOR THE MONEY | KL. 5.30-8-10.30 B.I. 12 |
| KISS KISS BANG BANG | KL. 6-8.15-10.30 B.I. 16 |
| FLIGHTPLAN | KL. 10.30 B.I. 12 |
| WALLACE & GROMIT ísl. tal | KL. 6 |

FRÁBÆR SKEMMTUN SAMBÍÓIN

| | | | |
|---|---|---|---|
| LA MARCHE DE L'EMPEREUR | KL. 6-8 | GRIZZLY MAN | KL. 5.50 |
| L´ENFANT | KL. 8 | DIG! | KL. 8-10.20 |
| THE ASSASSINATION OF R. NIXON | KL. 10 | GUY X | KL. 10 |
| HIP HIP HORA! | KL. 6 | | |

| | | |
|---|---|---|
| FOUR BROTHERS | KL. 5.40-8-10.20 | B.I. 16 ára |
| TIM BURTON´S CORPSE BRIDE | KL. 6-8-10 | |

Háskólabíó

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Hjartaknúsarinn George Clooney lét öryggisvörð við kvikmyndahús í London fá það óþvegið við frumsýningu myndarinnar Good Night. Eftir sýninguna ætlaði Clooney og fyrrverandi kærasta hans Lisa Snowdon að yfirgefa staðinn bakdyramegin og stíga upp í bíl sem átti að bíða þeirra en bíllinn kom alltof seint. Á meðan öskraði Clooney á öryggisvörðinn og hótaði að rjúka í hann.



Leikstjórinn Oliver Stone lofar því að í væntanlegri mynd hans um hryðjuverkaárasirnar á Bandaríkin þann 11. september verði borin virðing fyrir fórnarlömbum árásanna. Myndin, sem skartar Nicolas Cage í aðalhlutverki, segir sögu tveggja lögreglumanna sem var bjargað úr rústum tvíburaturnanna 22 klukkutímum eftir að þeir hrundu. Í kvikmyndinni verða m.a. notaðar alvöru myndir sem voru sýndar í fréttatímum bandaríska sjónvarpsins.





Leikkonan Gwenyth Paltrow hefur tekið við af Elizabeth Hurley sem andlit ilmvatnsins Estee Lauder. Hurley, sem er fertug, hefur verið andlit ilmvatnsins síðastliðin tíu ár og mun halda áfram að vera talsmaður þess.



Leikstjórinn Steven Spielberg hefur lofað því að nýjasta mynd sín, Munic, komi í kvikmyndahús í næsta mánuði. Er hann í miklu kapphlaupi við að ná að klára myndina svo hún geti tekið þátt í næstu óskarsverðlaunahátíð. Myndin fjallar um ólympíuleikana í Munchen árið 1972 þegar palestínskir hryðjuverkamenn rændu hópi ísraelskra keppenda.



Söngkonan Madonna ætlar að hætta að skjóta fasana í nágrenni við heimili sitt á Englandi. Ástæðan er sú að hún fylltist mikilli sektarkennd eftir að hafa skotið sinn fyrsta fugl. Var hann ekki dauður þegar hann féll til jarðar og átti í miklu dauðastríði beint fyrir framan nefið á henni.

Orðrómur er uppi um að Brad Pitt og Angelina Jolie ætli að ganga í hjónaband þann 1. desember. Talið er að George Clooney, vinur Pitts, ætli að lána þeim húsið sitt á Ítalíu fyrir athöfnina.



„Treystu á mig það sem eftir er."
Mótframlagið þitt

Viðbótarlífeyrissparnaður hefur fjölmarga kosti. Sá helsti er þó líklega mótframlagið þitt sem þýðir að þú færð greitt fyrir að spara. Komdu þér í samband við mótframlagið þitt strax í dag í 410 4000 eða á landsbanki.is.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna
Lífeyrissparnaður Landsbankans

GOTT FÓLK McCANN

Áttu eitthvað gott fyrir línurnar?

GOTT FÓLK McCANN · 29982






15%

L'ORÉAL SCULPT UP

Stinnir og styrkir slappa húð á maga og rassi. Frábært fyrir konur til dæmis eftir barnsburð og þá sem hafa misst mikla þyngd á skömmum tíma.

Lyf & heilsa
Við hlustum!



## Fjör í Krikanum

Það verður mikið um dýrðir í Krikanum í kvöld þegar meistaraflokkslið FH mætir FH Elítunni í SS-bikarnum í handbolta. Í liði FH Elítunnar eru margar af skærustu stjörnum FH á árum áður og verður gaman að sjá hvernig þeim gengur að glíma við unglömbin sem spila fyrir hönd félagsins í dag.

# sport

sport@frettabladid.is

JOHAN BOSKAMP, STJÓRI STOKE: ÁNÆGÐUR MEÐ HANNES SIGURÐSSON Á VINSTRI KANTINUM

# *Hleypur mest af mínum leikmönnum*

Johan Boskamp, knattspyrnustjóri Stoke, segir að landsliðsmaðurinn Hannes Þ. Sigurðsson hafi staðið sig frábærlega á vinstri kantinum síðustu vikur, en þangað var hann settur strax í sínum öðrum leik fyrir félagið vegna meiðsla hinna hefðbundnu vængmanna liðsins. „Hannes er vinstri-fótar maður og mjög duglegur leikmaður og þess vegna ákvað ég að prófa hann vinstra megin. Ég sé ekki eftir því, hann hefur verið frábær,“ sagði Boskamp þegar Fréttablaðið ræddi við hann.

Tíðindin koma íslenskum knattspyrnuáhugamönnum líklega nokkuð á óvart þar sem Hannes hefur hingað til verið þekktur fyrir að spila sem fremsti maður, þar sem líkamsstyrkur hans og hið næma auga fyrir markaskorun nýtur sín best. „Allir sem hafa séð til Hannesar vita að hann er ótrúlegur vinnuhestur og hann hleypur líklega mest af öllum mínum leikmönnum í hverjum leik. Hann er ofboðslega sterkur, er alltaf að og bregst aldrei liðinu. Og svo er ekki að sjá að hann hafi bara spilað þrjá leiki í byrjunarliðinu og sé tiltölulega nýkominn til Englands – hann hefur aðlagast mjög fljótt,“ segir Boskamp sem er ekki á leiðinni að setja Hannes í fremstu víglínu.



„Ég mun hafa hann áfram a vinstri kantinum á meðan hann spilar eins og hann hefur verið að gera.“

Boskamp kveðst vera gjörólíkur fyrirvera sínum í starfi hvað varðar notkun á íslenskum leikmönnum, en Tony Pulis, fyrrverandi stjóri Stoke, vildi hreinlega ekki nota íslenska leikmenn.

„Ég er nú talsvert einfaldari. Ef leikmenn eru góðir, þá nota ég þá, sama hvaðan þeir koma,“ segir Boskamp og bætir við að hann sé vel opinn fyrir því að fá fleiri íslenska leikmenn til Stoke.

„Við erum alltaf að líta í kringum okkur en í augnablikinu erum við ekki að reyna að fá til okkar íslenska leikmenn. En mér líkar vel við íslenska leikmenn og náttúrulegan leikstíl þeirra og ef við sjáum einhvern góðan þá er sjálfsagt að reyna að fá hann til Stoke.“

## > Allir á leið heim?

Eins og við greindum frá í gær þá er Þórarinn Kristjánsson líklega á leið til Keflavíkur á ný en samningaviðræður gætu tafist eftir að stjórn Keflavíkur komst að því að Þórarinn væri ekki lengur í viðræðum við Grindavík og því væru þeir einir um hituna. Þegar samkeppnin er engin eiga samningstilboðin það til að lækka. Þórarinn er hugsanlega ekki eini Keflvíkingurinn á heimleið því heyrst hefur að forráðamenn Keflavíkur séu einnig í sambandi við Jóhann Birni Guðmundsson sem er að öllum líkindum á förum frá Svíþjóð.





**PETER CROUCH** Á ekki skilið að vera í enska landsliðinu að margra mati.

Sven-Göran Eriksson biðlar til enskra áhorfenda:

# Ekki baula á Peter Crouch

**FÓTBOLTI** Sven-Göran Eriksson, landsliðsþjálfari Englands, hefur biðlað til stuðningsmanna United um að baula ekki á framherjann Peter Crouch í landsleiknum gegn Argentínu á laugardag. Crouch er ekki allra og í raun fer það í taugarnar á mörgum stuðningsmönnum enska landsliðsins að hann sé í liðinu en eins og frægt er orðið bauluðu þeir á Crouch í leiknum gegn Pólverjum á dögunum.

„Hann mun ekki spila betur ef fólk baular á hann,“ sagði Eriksson. „Crouch er kannski ekki mesta tæknitröllið í bransanum en hann er mjög, mjög sérstakur. Hann kemur með það í leikinn sem enginn annar kemur með.“

- hbg



**SJÓÐHEITUR** Kevin Nolan hefur verið að spila frábærlega að undanförnu og hlýtur hreinlega að vera kominn inn í myndina hjá Sven Göran Eriksson, þjálfara enska landsliðsins. Hér fagnar hann marki sínu í leiknum í gær ásamt Ricardo Gardner.


## Fjármálaráðstefna ÍSÍ - 2005

**Föstudaginn 11. nóvember kl. 16:00 – 18:00**

Fjármálaráðstefna ÍSÍ - 2005

Að þessu sinni verður lögð áhersla á að velta upp fjárhagsstöðu boltaíþrótta og því sem gerst hefur í fjármálum félaga á undanförnum árum með áherslu á hlutafélagavæðingu knattspyrnufélaga og rekstrarumhverfi handknattleiks- og körfuknattleiksfélaga.

Félög miðla reynslu sinni er varðar hlutafélagavæðingu og meðal annars verður skoðað hvað þarf að hafa í huga á næstu árum í kjölfar breytinga á deildarkeppni meistaraflokka í handknattleik. Þá verður fjallað um rekstrarumhverfi körfuknattleiksfélaga og kynnt verður hvað felst í launaþaki.

Ráðstefnan er ætluð öllum áhugasömum aðilum og sérstaklega þeim er koma að rekstri íþróttafélaga. **Aðgangur að ráðstefnunni er ókeypis** en óskað er eftir skráningu.

Ráðstefnan fer fram í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal í fundarsölum á 3. hæð

Dagskrá og frekari upplýsingar má finna á
**www.isisport.is**

**Hægt er skrá þátttöku í síma 514 4000 eða á vef Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands**


Einn leikur fór fram í ensku úrvalsdeildinni í gær:

# Bolton í þriðja sætið

**FÓTBOLTI** Bolton komst í gær í þriðja sæti ensku úrvalsdeildarinnar í knattspyrnu með góðum sigri á Tottenham í gærkvöldi, 1-0. Það var hinn sjóðheiti Kevin Nolan sem skoraði eina mark leiksins með mögnuðu skoti á 32. mínútu leiksins og tryggði sínum mönnum öll þrjú stigin.

Nolan, sem bar fyrirliðaband Bolton í gær, hefur verið í fantaformi að undanförnu og var þetta fjórða mark hans í síðustu fimm leikjum liðsins. Sven-Göran Eriksson, landsliðsþjálfari Englendinga, var á vellinum í gær og getur ekki annað en hafa hrifist af framgöngu Nolans, en hann var úti um allan völl og hefði með smá heppni getað skorað þrennu í leiknum.

Bolton var stálheppið að fara með sigur af hólmi þar sem Tottenham pressaði mikið í síðari hálfleik og fékk nokkur dauðafæri sem ekki nýttust. Þar að auki var mark frá Jermaine Defoe ranglega dæmt af vegna rangstöðu í fyrri hálfleik af slökum dómara leiksins, Howard Webb.

Til að króna frammistöðu sína lét Webb ljót brot Ledley King á Stelios Gianakoppulus í síðari hálfleik afskiptalaust, en þá trampaði King á andliti Grikkjans, að því er virtist viljandi. Má telja víst að enska knattspyrnusambandið muni skoða atvikið á myndbandsupptökum á næstu dögum og gera viðeigandi ráðstafanir.

- vig






**Betri nýting – aukið hreinlæti**

7.956kr
Lotus enMotion snertifrír skammtari fyrir Lotus enMotion tveggja laga handþurrkur.

Nú á tilboði
Snertifrír enMotion handþurrkuskammtari frá Lotus Professional

**Nýjung fyrir snyrtinguna**
**Snertifrír handþurrkuskammtari**



**Rekstrarvörur**
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

TUNGLIÐ RV2048B


Kvennalandsliðið:

# Á leið til Ítalíu á EM

**HANDBOLTI** Stefán Arnarsson, landsliðsþjálfari kvenna í handbolta, valdi í gær 22 manna æfingarhóp fyrir undankeppni EM sem fram fer á Ítalíu í lok nóvember. Þar er Ísland í riðli með fimm öðrum liðum og komast fjögur efstu liðin í umspilsleiki sem fara fram næsta sumar.

### *Hópurinn:*

| | |
|---|---|
| Berglind Íris Hansdóttir | Valur |
| Helga Torfadóttir | Haukar |
| Íris Björk Símonardóttir | Grótta/KR |
| Anna Úrsula Guðmundsdóttir | Levanger |
| Ágústa Edda Björnsdóttir | Valur |
| Ásdís Sigurðardóttir | FH |
| Drífa Skúladóttir | Valur |
| Dröfn Sæmundsdóttir | Göppingen |
| Elísabet Gunnarsdóttir | Stjarnan |
| Eva Björk Hlöðversdóttir | ÍBV |
| Guðbjörg Guðmannsdóttir | Haukar |
| Guðrún Drífa Hólmgeirsdóttir | FH |
| Gunnur Sveinsdóttir | FH |
| Hanna G. Stefánsdóttir | Haukar |
| Harpa Eyjólfsdóttir | Stjarnan |
| Hrafnhildur Skúladóttir | SK Arhus |
| Jóna Margrét Ragnarsdóttir | Stjarnan |
| Kristín Clausen | Stjarnan |
| Ragnhildur Guðmundsdóttir | Haukar |
| Rakel Dögg Bragadóttir | Stjarnan |
| Sigurbjörg Jóhannsdóttir | Fram |
| Sólveig Lára Kjærnested | Stjarnan |

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

NÓVEMBER

5 6 7 **8** 9 10 11

**Þriðjudagur**

### LEIKIR

- 18.00 **FH 2** og **Fram** mætast í SS-bikar karla.
- 19.15 **Afturelding** og **HK** mætast í SS-bikar karla.
- 19.15 **ÍR** og **Fylkir** mætast í SS-bikar karla.
- 20.00 **Keflavík** og **Grindavík** mætast í Poweradebikar karla.
- 20.30 **FH Elítan** og **FH** mætast í SS-bikar karla.

### SJÓNVARP

- 07.00 **Olíssport** á Sýn. Sýnt fjórum sinnum til 09.00 og svo aftur kl. 17.30.
- 18.00 **Meistaradeildin** á Sýn. Fréttaþáttur.
- 19.00 **X-games 2005** á Sýn.
- 19.50 **HM 2002** á Sýn. Leikur Englands og Brasilíu.
- 22.00 **Olíssport** á Sýn.
- 22.30 **Ensku mörkin** á Sýn.
- 23.00 **HM 2002** á Sýn. Leikur Brasilíu og Tyrklands.



**GÍSLI GUÐMUNDSSON** Hefur farið á kostum með ÍR í vetur og vann sér meðal annars sæti í íslenska landsliðshópnum á dögunum,

### 16-liða úrslit í SS-bikarnum hefjast í kvöld:

# Bikarmeistararnir taka á móti Fylki

**HANDBOLTI** Stórleikur kvöldsins er klárlega viðureign bikarmeistara ÍR og Fylkis en bæði lið hafa komið skemmtilega á óvart í DHL-deildinni í vetur og má því búast við fjörugri rimmu í Austurbergi í kvöld. Fréttablaðið heyrði hljóðið í Finnboga Sigurðssyni, þjálfara ÍR, en hann þykir hafa gert ótrúlega hluti í vetur með nánast nýtt lið í höndunum.

„Þessi viðureign leggst alveg ljómandi vel í mig og mikil tilhlökkun. Það er vonandi að fólk fjölmenni á völlinn,“ sagði Finnbogi léttur í bragði en hann hefur ekki mætt Fylki það sem af er leiktíðinni. „Fylkir er með mjög gott lið og reynslumikið. Árangur þeirra í vetur kemur mér ekkert á óvart. Engu að síður met ég okkar stöðu vel og ég held við vinnum þennan leik.“

ÍR missti nánast allt byrjunarlið sitt í sumar en Finnbogi hefur náð að þjappa hópnum vel saman og barið saman liðsheild sem getur velgt hvaða liði sem er hér á landi undir uggum.

„Okkar takmark er að vera á meðal átta efstu í deildinni og svo yrði það bónus að komast langt í bikarnum,“ sagði Finnbogi en hver er lykillinn að þessu góða gengi liðsins í vetur? „Það er liðsheildin og svo er liðið í gríðarlega góðri þjálfun. Svo hafa menn gaman af því sem þeir eru að gera og það hjálpar mikið til.“

- hbg


SPÆNSK LEÐURSÓFASETT
HCL Atlanta



Kr. 82.800.-
Kr. 48.800.-
Grafíska smiðjan ehf. 11-05
Öndvegi
HÚSGAGNAVERSLUN
LITIR: SVART, BRÚNT, RAUÐBRÚNT LEÐUR
Síðumúla 20 I sími 568 8799 I www.ondvegi.is I ondvegi@ondvegi.is

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

KJÓSTU EDDU!

Nú getur þú tekið þátt í að velja verðlaunahafa á Edduhátíðinni sem haldin verður á sunnudagskvöldið.

Á vefslóðinni visir.is geta allir kosið milli þeirra sem tilnefndir eru til verðlauna. Kosningu lýkur kl. 16 á föstudag 11. nóvember.

Þá verður ljóst hvaða 5 einstaklingar eru efstir í kjöri vinsælasta sjónvarpsmanns ársins. Milli þeirra er síðan kosið í símakosningu og munu úrslitin ráðast í beinni útsendingu Sjónvarpsins sunnudagskvöldið 13. nóvember 2005.

Meðlimir Íslensku kvikmynda- og sjónvarpsakademíunnar hafa fengið sendan kjörseðil í tölvupósti og verða að hafa kosið fyrir kl. 16 á föstudaginn. Hafi einhverjir ekki fengið sendan kjörseðil geta þeir kosið föstudaginn 11. nóvember milli klukkan 10 og 16 hjá Kvikmyndamiðstöð Íslands að Túngötu 14, 101 Reykjavík. Sjá nánar á logs.is

Taktu þátt í að velja sigurvegara Eddunnar!

Íslenska kvikmynda- og sjónvarpsakademían

SJÓNVARPIÐ

Forval á sjónvarpsmönnum ársins með hjálp:
IMG GALLUP
vísir

Framkvæmdastjórn Eddunnar 2005 er í höndum Storm Events
storm events

EDDA 2005

Kærur vegna kjörskrár verða að hafa borist stjórn ÍKSA fyrir kl. 16 fimmtudaginn 10. nóvember 2005.

kjorskraiksa@kvikmyndamidstod.is

44-45 (32-33) TV lesið 7.11.2005 19:05 Page 2



## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„A minute ago this was the safest job in the world. Now it's turning into a bad day in Bosnia."**

**Svar:**
Soap úr kvikmyndinni Lock, Stock and Two Smoking Barrels árið 1998.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** FREYR GÍGJA GUNNARSSON ÁTTI NÁÐUGT SUNNUDAGSKVÖLD FYRIR FRAMAN SKJÁINN

## *Leary bjargar ímynd bandarískra karlmanna*

Þegar ég lá á meltunni eftir sunnudagsmatinn hjá mömmu, þar sem kjúklingur og ís með niðursoðnum ávextum voru í boði, var upplagt að horfa á eitthvað í sjónvarpinu sem reyndi ekki um of á heilabúið.

Sýn hélt mér föngnum fyrri part kvölds. Kappleikir af ýmsu tagi. Þegar þriðji knattspyrnuleikur dagsins rann upp var komið nóg af boltum og grænu grasi. Ég fékk hálfgert samviskubit yfir hreyfingarleysinu uppi í sófa. Það kom þó ekki til greina að taka fram hlaupaskóna á þessum tímapunkti og fara að skokka. Samviskubitinu var kyngt og ákveðið að fresta öllum aðgerðum um óákveðinn tíma.

Þó að ég geti seint eða aldrei bölsótast nógu mikið yfir illa tímasettum auglýsingahléum á sjónvarpsstöðinni Sirkus þá var Rescue Me svo sannarlega þess virði að láta þann pirring lönd og leið að þessu sinni. Þættirnir lýsa lífi slökkviliðsmanna í New York sem eru að kljást við eftirmála 9/11. Hryðjuverkin og allar þær hörmungar sem fylgdu þeim virðast engu að síður vera minnsta vandamálið því aðalpersónan, Tommy Gavin, á nóg með að halda sér edrú. Hann á auk þess í ástarsambandi við ekkju frænda síns og eiginkonan er löngu farin með börnin tvö. Við allt þetta bætist að í ljós kemur að pabbi hans á tvö börn utan hjónabands með hjákonu sinni til 36 ára, prest og stelpu sem vinnur á Dairy Queen.



**DENIS LEARY** Hefur ekið upp hanskann fyrir kynbræður sína og lætur ekki vaða yfir sig.

Það er ekki þannig að ég geti samsamað mig með þessum hetjum enda get ég varla farið upp í stiga án þess að skjálfa á beinunum. Loksins er hins vegar kominn karlmaður sem er töffari í ætt við það sem hefur verið að gerast hjá kvenfólkinu í þáttum á borð við Aðþrengdar eiginkonur eða Beðmál í borginni. Denis Leary er ekki bara að bjarga fólki úr eldsvoða heldur er ímynd bandarískra karla í gamanþáttum.



▶ 18.00 *Fræðsla*

ALL ABOUT ANIMALS



▶ 23.00 *Spenna*

CROSSING JORDAN



▶ 20.30 *Keppni*

IDOL EXTRA



▶ 22.00 *Drama*

JUDGING AMY



▶ 19.00 *Íþróttir*

X-GAMES 2005

### SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir ▶ **18.00** Allt um dýrin (11:25) **18.25** Tommi togvagn (6:26)

**18.30** **Gló magnaða (24:52)** (Kim Possible)
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Kastljós**
**20.30** **Edduverðlaunin 2005 (2:5)** Kynntar verða tilnefningar til Edduverðlaunanna, íslensku kvikmynda- og sjónvarpsverðlaunanna 2005.
**20.40** **Veronica Mars (7:22)** Bandarísk spennuþáttaröð.
**21.25** **Lífið er...** Þáttur um uppfærslu leikhópsins Á senunni á söngleiknum Kabarett. Dagskrárgerð: Krumma films. Textað á síðu 888 í Textavarpi.
**22.00** **Tíufréttir**
**22.25** **Ódáðaborg (1:4)** (Murder City)Breskur sakamálaflokkur.

**23.35** Örninn (3:8) **0.35** Kastljós **1.30** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah (1:145) **10.20** Ísland í bítið **12.20** Neighbours **12.45** Í fínu formi 2005 **13.00** Fresh Prince of Bel Air (9:25) **13.25** Night Court (11:13) **13.50** Hættur hafsins **14.45** The Guardian (6:22) **15.30** Tónlist **16.00** Shin Chan **16.20** Töframaðurinn **16.40** He Man **17.05** Ginger segir frá **17.30** Finnur og Fróði **17.45** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.35** **The Simpsons (6:23)**
**20.00** **Strákarnir**
**20.30** **Eddan 2005 – kynningar** Kynntar verða tilnefningar til íslensku kvikmynda- og sjónvarpsverðlaunanna,Eddunnar 2005.
**20.40** **Amazing Race 7 (10:15)**
**21.25** **Hustle (5:6)**
**22.15** **Over There (2:13)**

▶ **23.00** Crossing Jordan (12:21) **23.40** Deadwood (7:12) **0.30** Poirot – Death on the Nile **2.05** Relative Values (Bönnuð börnum) **3.30** Fréttir og Ísland í dag **4.35** Ísland í bítið **6.30** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**19.00** **Veggfóður**
**20.00** **Friends 4 (15:24)**
▶ **20.30** **Idol extra 2005/2006** Svavar Örn sýnir allt frá hlátri til gráturs úr Salnum í Kópavogi, þar sem niðurskurðurinn heldur áfram. Ekki verða útundan í umræðunum með því að missa af Idol extra, þar sem Svavar Örn kemst að öllu!
**21.00** **Laguna Beach (6:11)**
**21.30** **My Supersweet (6:6)** Raunveruleikaþáttur frá MTV.
**22.00** **HEX (6:19)** Yfirnáttúrulegir þættir sem gerast í skóla einum í Englandi.
**22.45** **Fashion Television (2:34)** Í þessum frægu þáttum færðu að sjá allt það heitasta og nýjasta í tískuheiminum í dag.

**23.10** David Letterman **23.55** Friends 4 (15:24)

### SKJÁREINN

**17.55** Cheers – 8. þáttaröð **18.20** The O.C. (e)

**19.20** **Þak yfir höfuðið (e)**
**19.30** **Silvía Nótt (e)**
**20.00** **Design Rules** Hefur þú reynt betrumbætur heima hjá þér og komist að því að litasamsetningin sem var svo falleg í blaðinu hentar alls ekki í stofunni þinni?
**20.30** **Allt í drasli** Allt í drasli hóf göngu sína síðasta vetur og vakti mikla lukku!
**21.00** **Innlit / útlit**
▶ **22.00** **Judging Amy** Bandarískir þættir um lögmanninn Amy sem gerist dómari í heimabæ sínum. Amy kemst að því að hún er ólétt eftir David og bíður eftir að hann komi heim úr siglingunni svo þau geti rætt málin.
**22.50** **Sex and the City – 1. þáttaröð**

**23.20** Jay Leno **0.05** Survivor Guatemala (e) **1.00** Cheers – 8. þáttaröð (e) **1.25** Þak yfir höfuðið (e) **1.35** Óstöðvandi tónlist

### SÝN
besta sætið

**7.00** Olíssport **7.30** Olíssport **8.00** Olíssport **8.30** Olíssport

**17.30** Olíssport **18.00** UEFA Champions League

**18.30** **Timeless** (Íþróttahetjur) Íþróttahetjur eru af öllum stærðum og gerðum. Í þættinum er fjallað um fólk sem æfir og keppir í ólíkum íþróttagreinum en allt er það íþróttahetjur á sinn hátt.
▶ **19.00** **X-Games 2005 – þáttur 2** Eitt vinsælasta sportið í Bandaríkjunum í dag. Ótrúlegir taktar á hjólum, hjólabrettum og snjóbrettum.
**19.50** **HM 2002** (England – Brasilía)
**22.00** **Olíssport** Fjallað er um helstu íþróttaviðburði heima og erlendis.
**22.30** **Ensku mörkin** Mörkin og marktækifærin úr enska boltanum, næstefstu deild.

**23.00** HM 2002

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Kissing Jessica Stein **8.00** A Walk In the Clouds **10.00** Wild About Harry **12.00** Big **14.00** Kissing Jessica Stein **16.00** A Walk In the Clouds **18.00** Wild About Harry **20.00** **Big** Gamanmynd fyrir alla fjölskylduna um 12 ára strák. **22.00** **Full Frontal** Einskonar óopinbert framhald Sex, Lies and Videotape. **0.00** Birthday Girl (Bönnuð börnum) **2.00** The Sweetest Thing (Bönnuð börnum) **4.00** Full Frontal (Bönnuð börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! Entertainment Specials **13.00** E! News **13.30** Fashion Police **14.00** Jackie Collins Presents **15.00** Jackie Collins Presents **16.00** 40 Celebrity Weddings & A Funeral **17.00** 40 Celebrity Weddings & A Funeral **18.00** Kill Reality **19.00** E! News **19.30** Style Star **20.00** The E! True Hollywood Story **21.00** 101 Sensational Crimes of Fashion! **22.00** The Soup UK **22.30** The Anna Nicole Show **23.00** Wild On **0.00** E! News **0.30** Gastineau Girls **1.00** The Soup UK **1.30** The Anna Nicole Show

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**14.00** Blackburn – Charlton frá 5.11 **16.00** West Ham – WBA frá 5.11 **18.00** Everton – Middlesbrough frá 6.11

**20.00** **Þrumuskot (e)**
**21.00** **Að leikslokum (e)**
**22.00** **Man. Utd – Chelsea frá 7.11** Leikur sem fór fram síðastliðinn sunnudag.

**0.00** Aston Villa – Liverpool frá 5.11 **2.00** Dagskrárlok


ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

DRAMATÍSK SÝN
Á STRÍÐIÐ Í ÍRAK
Over There í kvöld kl. 22:15



# VIÐ MÆLUM MEÐ...

## Lífið er... Sjónvarpið kl. 21.25

### *Villt Berlínarstemning*

Söngleikurinn Kabarett er frægur og tónlistin dásamleg en hvernig tekst hinum íslensku listamönnum að fanga hona villtu Berlínarstemningu frá 1932? Og hvernig fer lítill leikhópur með lítil fjárráð að því að koma svona risavöxnu verkefni á svið? Hrafnhildur Gunnarsdóttir og Halla Kristín Einarsdóttir fylgdu leikhópnum Á senunni frá byrjun æfingaferilsins til frumsýningar á þessum glæsilega söngleik. Skyggnst er á bak við tjöldin í vinnu sem er sveipuð ævintýraljóma en reynist oft erfiðari og lengri en menn grunar.

***Leikhópurinn Á senunni setur upp Kabarett***



## TALSTÖÐIN FM 90,9

**6.58** Ísland í bítið. Samsent með Stöð 2 **9.10** Allt og sumt

**12.25** Fréttaviðtalið. **13.05** Bílaþátturinn e. **14.10** Hrafnaþing **15.10** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson.

**18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag **19.30** Allt og sumt e. **21.30** Á kassanum e. **22.00** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar e.

**0.00** Hrafnaþing Ingva Hrafns e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.05** Árla dags **7.30** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Þjóðbrók **10.13** Sáðmenn söngvanna **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.03** Hádegisútvarp **12.20** Fréttir

**13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Fjölmiðlar og fréttamenn **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.05** Kvöldtónar **20.30** Goðsagnir um landvinninga Spánverja í nýja heiminum **21.10** Púsl **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Lóðrétt eða lárétt **23.10** Til allra átta

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Einn og hálfur með Magnúsi R. Einarssyni **7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2 **18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn

**19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Tónlist að hætti hússins **20.00** Ungmennafélagið **21.00** Konsert með Placebo **22.10** Rokkland

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsdóttir **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **14.00** Kjartan Gunnar Kjartansson

**15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir

**23.00** Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson 5.00 Arnþrúður Karlsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**12.00** Football: Football World Cup Season News **12.15** Football: Football World Cup Season Journeys **12.30** Football: Eurogoals **13.30** Tennis: WTA Tournament Moscow **14.30** Tennis: WTA Tournament Zurich **15.30** Tennis: WTA Tournament Linz **16.30** Tennis: WTA Tournament Philadelphia **17.30** Football: Football World Cup Season Legends **18.30** Football: Football World Cup Season News **18.45** Football: Football World Cup Season Journeys **19.00** Boxing **20.00** Boxing **22.00** All sports: WATTS **22.30** News: Eurosportnews Report **22.45** Car Racing: Le Mans Endurance Series Istanbul **23.00** Sumo: Aki Basho Japan **0.00** Xtreme Sports: Yoz Xtreme

**BBC PRIME**
**12.00** Are You Being Served? **12.30** Next of Kin **13.00** Ballykissangel **14.00** Teletubbies Everywhere **14.10** Bill and Ben **14.20** Yoho Ahoy **14.25** Monty the Dog **14.30** Boogie Beebies **14.45** Fimbles **15.05** Tikkabilla **15.35** Ace Lightning **16.00** The Life Laundry **16.30** Ready Steady Cook **17.15** The Weakest Link **18.00** Doctors **18.30** Eastenders **19.00** Top Gear Xtra **20.00** I'll Show Them Who's Boss **20.40** The Ship **21.30** The League of Gentlemen **22.00** Casualty **22.50** Holby City **23.45** Table 12 **0.00** Kathleen Ferrier: an Ordinary Diva **1.00** Great Romances of the 20th Century **1.30** Great Romances of the 20th Century

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Air Crash Investigation **13.00** Elephants of Kilimanjaro **14.00** When Expeditions Go Wrong **15.00** Seconds From Disaster **16.00** When Expeditions Go Wrong **17.00** Air Crash Investigation **18.00** Megacities **19.00** Insects from Hell **19.30** Insects from Hell **20.00** Seconds From Disaster **21.00** Seconds From Disaster **22.00** When Expeditions Go Wrong **23.00** When Expeditions Go Wrong **0.00** Seconds From Disaster **1.00** Air Crash Investigation

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Meerkat Manor **12.30** Monkey Business **13.00** Big Cat Diary **13.30** Predator's Prey **14.00** Wild South America **15.00** Animal Cops Detroit **16.00** Pet Rescue **16.30** Wildlife SOS **17.00** Amazing Animal Videos **17.30** Big Cat Diary **18.00** Meerkat Manor **18.30** Monkey Business **19.00** Animals A-Z **19.30** Predator's Prey **20.00** Nightmares of Nature **20.30** Animal Precinct **21.00** Miami Animal Police **22.00** Meerkat Manor **22.30** Monkey Business **23.00** Venom ER **0.00** Pet Rescue **0.30** Wildlife SOS **1.00** Nightmares of Nature **1.30** Animal Precinct

**DISCOVERY**
**12.05** Brain Story **13.00** Rex Hunt Fishing Adventures **13.30** Lake Escapes **14.00** Queen Mary 2 **15.00** Extreme Machines **16.00** Scrapheap Challenge **17.00** Birth of a Sports Car **18.00** American Chopper **19.00** Mythbusters **20.00** Ultimates **21.00** China's Man Made Marvels **22.00** Deadliest Catch **23.00** Mythbusters **0.00** Forensic Detectives **1.00** FBI Files

**MTV**
**12.00** Boiling Points **12.30** Just See Mtv **14.00** Pimp MY Ride **14.30** Wishlist **15.00** Trl **16.00** Dismissed **16.30** Just See Mtv **17.30** Mtv:new **18.00** The Rock Chart **19.00** Newlyweds **19.30** MY Super Sweet 16 **20.00** Mtv Europe Music Awards 2005 **23.00** Alternative Nation

**VH1**
**12.00** So 80s **12.30** VH1 Hits **16.00** So 80s **17.00** VH1's Viewers Jukebox **18.00** Smells Like the 90's **19.00** VH1 Classic **19.30** Then & Now **20.00** All Access **21.00** Pop Up Videos **21.30** Beavis & Butthead **22.00** VH1 Rocks **22.30** Flipside **23.00** Top 5 **23.30** Fabulous Life of ... **0.00** VH1 Hits

**CLUB**
**11.50** Awesome Interiors **12.20** Innertainment **12.45** Come! See! Buy! **13.10** Crimes of Fashion **13.35** Arresting Design **14.00** Staying in Style **14.30** The Review **15.00** Girls Behaving Badly **15.25** The Villa **16.10** The Roseanne Show **17.00** Yoga Zone **17.25** The Method **17.50** Hollywood One on One **18.15** The Review **18.40** Girls Behaving Badly **19.05** Matchmaker **19.30** Lofty Ideas **20.00** Arresting Design **20.25** The Villa **21.15** Sextacy **22.10** Ex-Rated **22.35** Men on Women **23.00** Cheaters **0.00** Simply Indian **0.30** City Hospital **1.25** Girls Behaving Badly **1.50** Completely Hammered

**CARTOON NETWORK**
**12.00** Cow and Chicken **12.30** Sheep in the Big City **13.00** Dexter's Laboratory **13.30** The Powerpuff Girls **14.00** Pet Alien **14.30** Ed, Edd n Eddy **15.00** Teenage Mutant Ninja Turtles **15.30** Battle B-Daman **16.00** Sabrina, The Animated Series **16.30** Atomic Betty **17.00** Foster's Home for Imaginary Friends **17.30** Looney Tunes **18.00** Duck Dodgers in the 24 1/2 Century **18.30** Charlie Brown Specials **19.00** What's New Scooby-Doo? **19.30** Tom and Jerry **20.00** The Flintstones **20.30** Looney Tunes **21.00** Dastardly & Muttley in Their Flying Machines **21.30** Scooby-Doo **22.00** Tom and Jerry **23.00** Dexter's Laboratory **23.30** The Powerpuff Girls **0.00** Johnny Bravo **0.30** Ed, Edd n Eddy **1.00** Skipper & Skeeto

**JETIX**
**11.50** Braceface **12.20** Jacob two-two **12.50** So Little Time **13.20** Goosebumps **13.50** Black Hole High **14.15** Spider-Man **14.40** Moville Mysteries **15.05** Digimon II **15.30** Totally Spies **16.00** W.I.T.C.H. **16.30** Sonic X

**MGM**
**12.05** Outback **13.40** Someone I Touched **14.55** In the Arms of a Killer **16.30** Bandido **18.00** The End **19.40** Committed **21.15** What Happened Was... **22.45** Jealousy **0.20** Valet Girls **1.45** The Rosary Murders **3.30** Arena

**TCM**
**20.00** High Sierra **21.40** A Day at the Races **23.30** Eye of the Devil **1.00** In Our Time **2.55** A Tale of Two Cities

**HALLMARK**
**12.00** Nowhere to Land **13.30** Anastasia: The Mystery of Anna **15.15** Finding Buck McHenry **17.00** Straight From The Heart **18.30** McLeod's Daughters **19.15** The Runaway **21.00** Steve Martini's The Judge **22.30** Lonesome Dove: The Series **23.15** Blind Faith **1.15** Best of Friends

**BBC FOOD**
**12.00** Off the Menu **12.30** Deck Dates **13.00** A Cook On the Wild Side **13.30** New Scandinavian Cooking **14.00** Antonio Carluccio's Italian Feast **14.30** Worrall Thompson **15.00** The Naked Chef **15.30** Cupid's Dinner **16.00** Ching's Kitchen **16.30** Masterchef Goes Large **17.00** Floyd's India **17.30** Tamasin's Weekends **18.00** Rachel's Favourite Food **18.30** Made to Order **19.00** Neil Perry Rockpool Sessions **19.30** My Favourite Chef **20.00** My Favourite Chef **20.30** Sophie's Weekends **21.00** Delia's How to Cook **21.30** Neil Perry Rockpool Sessions **22.00** Wild and Fresh **22.30** Masterchef Goes Large

**DR1**
**12.00** Sådan ligger landet **12.30** Lægens bord **13.00** Det Norske Kongehus i DK **14.00** TV Avisen med vejret **14.20** Dr¢mmehuse **14.50** Nyheder på tegnsprog **15.00** Dawson's Creek **15.45** Blokken **16.00** Lucky Luke **16.25** Insektoskop **16.30** Store N¢rd **17.00** Lille N¢rd **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.55** Dagens Danmark **18.25** TV Avisen **18.30** Hvad er det værd? **19.00** Forsvundne Danskere **19.30** Hammerslag **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Bombemageren **22.10** Clement Direkte **22.50** OBS **22.55** Læs for livet **23.25** Blokken

**SV1**
**12.05** Lite som du **13.10** Dum & dummare **14.55** Anslagstavlan **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Animalitos **16.05** Top! En espa–ol **16.25** Animalitos **16.30** Krokodill **17.00** BoliBompa **17.01** Sagor från Zoo **17.15** Brum **17.25** Yoko! Jakamoko! Toto! **17.30** De tre vännerna och Jerry **17.55** Lilla Aktuellt – kortnyheter **18.00** Ofattbara händelser **18.25** Tracks video **18.30** Rapport **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Kommissionen **20.45** 24 Nöje **21.00** Debatt **22.00** Rapport **22.10** Kulturnyheterna **22.20** Sverige! **22.50** Först & sist **23.35** Sändning från SVT24





## HRÓSIÐ

*...fær Sálin hans Jóns míns fyrir að mynda alvöru sveitaballastemningu í miðborg Kaupmannahafnar.*

DÓTAKASSINN:

# Tuttugu ára afmælisútgáfa

**Dótið?**
Nintendo Game Boy Micro.

**Sem er?**
Þann 28. nóvember eru liðin 20 ára frá því Nintendo leikjafyrirtækið kom fyrst fram á markaðinn með leikjatölvur fyrir heimilið. Má segja að leikjarisinn hafi verið einn af frumkvöðlunum í að fjölga afþreyingarmöguleikum unga fólksins og hleypa af stað bylgju leikjatölva sem ekki sér fyrir endann á. Af því tilefni ætlar fyrirtækið að gefa út lófatölvu sem lítur nákvæmlega eins út og sú fyrsta nema mun minni. Þetta uppátæki á vafalaust eftir að vekja mikla lukku meðal Nintendo aðdáenda um allan heim

**Kostir?**
Tækið er mjög einfalt í notkun og hentar vel til þeirra einföldu leikja sem Nintendo hefur verið þekkt fyrir. Þá er Micro, eins og nafnið gefur til kynna, ákaflega smávaxin lófatölva og rúmast fyrir í gallabuxnavasa nútímaleikjafíkilsins. Lófatölvan er enn fremur mjög létt og ætti því ekki að íþyngja notandanum of mikið.

**Gallar?**
Það er erfitt að sjá hverjir gallarnir eru. Hins vegar hefur Nintendo-fyrirtækið ekki náð þeim hæðum sem Sony gerði með PS2 og nú síðast PSP. Það verður því forvitnilegt að sjá hvernig þetta leggst í tölvuleikjafíkla. Hvorki Mariobræðurnir né Donkey Kong geta hins vegar klikkað og einhverjir vilja líklega rifja upp gamla takta.

**Verð?**
99,99 dollarar eða rúmar sex þúsund íslenskar krónur. Viðráðanlegt fyrir safnara og græjufólk.




**NINTENDO GAME BOY MICRO** Þeir sem hafa saknað Mario-bræðranna eða Donkey Kong geta tekið gleði sína á ný því þessi tuttugu ára afmælisútgáfa er á leiðinni.



**LÁRÉTT** **2** dó **6** ógrynni **8** glaumgosi **9** eyða **11** tveir eins **12** brotthlaup **14** fet **16** tveir eins **17** útsæði **18** hjör **20** hreyfing **21** ókyrrð.
**LÓÐRÉTT** **1** vatnsfall **3** persónufornafn **4** matgæðingur **5** að **7** skemill **10** struns **13** heyskaparamboð **15** ala **16** nögl **19** eldsneyti.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2** lést, **6** of, **8** gæi, **9** sóa, **11** ll, **12** strok, **14** skref, **16** kk, **17** fræ, **18** löm, **20** ið, **21** órói. **LÓÐRÉTT:** **1** foss, **3** ég, **4** sælkeri, **5** til, **7** fótskör, **10** ark, **13** orf, **15** fæða, **16** kló, **19** mó.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



ÁSTARFLEYIÐ
FIMMTUDAGA KL. 21:00
FYLGSTU MEÐ!
SIRKUS

LJÓÐELSKUR LANDSBANKI: SENDIR NÝHIL ÚT Á LAND

# Eigum erindi út fyrir 101

Landsbanki Ísland og grasrótarhreyfingin Nýhil hafa handsalað samning um að bankinn kaupi tæplega 1200 bækur úr ritröðinni Norrænar bókmenntir sem kemur út innan skamms. Bækurnar hefur bankinn hugsað sér að gefa öllum bókasöfnum í framhaldsskólum og á landsbyggðinni.

„Við erum hæstánægð með þennan samning,“ segir Þór Steinarsson, markaðsstjóri Nýhil. „Þetta er stór hluti af upplaginu og gefur okkur þannig ágætt svigrúm.“

Félagsskapurinn hefur hingað til verið eins konar regnhlíf fyrir sjálfsútgáfu en til stendur að taka útgáfuna fastari tökum. Viðar Þorsteinsson, einn af forsvarsmönnum félagsskaparins, segir Nýhil þó ekki vera að breytast í formlegt útgáfufélag.

„Þessi samningur hjálpar okkur einmitt að starfa áfram sem grasrótar- og framúrstefnuhreyfing, sem hafa almennt ekki jafn mikla dreifingar- og sölumöguleika og hefðbundin forlög.“

Viðar kveðst afar ánægður með að Landsbankinn ætli að gefa bækurnar bókasöfnum úti á landi því hingað til hefur sala á bókum Nýhil verið bundin við kaffihús og bari í miðborg Reykjavíkur.

„Oft er talað um gjá milli landsbyggðarinnar og höfuðborgarinnar en Nýhil á erindi við alla Íslendinga, hvort sem er úti á landi eða í 101 Reykjavík. Það er hins vegar margt sem gerir það erfitt að brúa bilið þarna á milli, til dæmis er það sem við erum að gera ekki ofarlega á forgangslista minni bókasafna með takmörkuð fjárráð. Þessi samningur gerir okkur því kleift að ná til fleiri.“

Viðar viðurkennir að það sé fólgin viss mótsögn í því að grasrótarhreyfing reiði sig á fjármálafyrirtæki til að halda sér við.

„Það er að vissu leyti einkenni á okkar samtíma. Íslensk grasrótarlist verður sífellt háðari stórfyrirtækjum, Klink og Bank er besta dæmið um það. Á meðan ríkið sinnir þessum geira ekki hafa fjármálafyrirtæki áttað sig á að það er heilmikið vit í því að styrkja grasrótarlist. Þótt við deilum ekki endilega markmiðum og hugmyndum þessara stofnana getum við nýtt okkur það hagsmuni sem fara saman,“ segir Viðar.

„Það getur vissulega verið áhættusamt og hvort þetta dragi úr okkur tennurnar eða ekki verður tíminn að leiða í ljós.“

Ritröðin Norrænar bókmenntir samanstendur af níu ljóðabókum jafnmargra skálda og kemur út í tvennu lagi. Fyrstu fjórar bækurnar koma út í þessum mánuði en hinar fimm í apríl.

bergsteinn@frettabladid.is



**VIÐAR ÞORSTEINSSON OG BROT AF NÝHIL** Viðar segir samninginn við Landsbankann hjálpa Nýhil að starfa áfram sem grasrótarhreyfing. FRÉTTABLAÐIÐ/ E.ÓL

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Ari Alexander Ergis var um helgina viðstaddur tvær sýningar á heimildarkvikmynd sinni Gargandi Snilld á hinni virtu AFI-hátíð. Bandaríska blaðið Los Angeles Times mælti með myndinni áður en herlegheitin hófust og var Ari enn fremur valinn eitt af nýju andlitum evrópskrar kvikmyndagerðar. Á sunnudeginum var leikstjórinn á svokallaðri spurt & svarað sýningu þar sem hann lofaði gestum að mynddiskurinn yrði stútfullur af óbirtu efni. Mikill stjörnufans hefur sótt hátíðina heim en samkvæmt fréttasíðu hátíðarinnar var Ari meðal annars í teiti með bandaríska leikaranum Andy Garcia.



Unnur Birna Vilhjálmsdóttir er sennilega ein vinsælasta fegurðardrottning okkar um langt skeið. Nú er komið að ögurstundu því á miðvikudaginn heldur stúlkan til Kína þar sem Miss World-keppnin fer fram. Það þarf varla að taka fram að hún fetaði í fótspor móður sinnar, Unnar Steinsson, sem krýnd var Ungfrú Ísland árið 1983. Þegar Unnur fór utan lenti hún í fjórða til fimmta sæti og varð fyrst íslenskra kvenna sem kemst í úrslit keppninnar. Unnur vill eflaust gera sitt besta í að halda merki fjölskyldunnar á lofti. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur stúlkan lagt mjög hart að sér í undirbúningi enda tími til kominn að „dollan“ fari til Íslands því heil þrettán ár eru liðin síðan Linda P. hreppti titilinn síðast.



Humar
1.290, kr/kg
Ótrúlega gott verð á fínum humri.
FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
Fiskbúðin Vör
– Fiskikóngurinn –
Höfðabakka 1 - sími 587 50 70

# Hallgrímur mætir Sauðkræklingum

Hallgrímur Helgason rithöfundur gefur í dag út skáldsöguna Rokland. Bókin segir frá Bödda Steingríms sem býr hjá móður sinni á Sauðárkróki. Hann er fyrrverandi kennari við fjölbrautarskólann og bloggar reglulega um lífið í bænum, bæjarbúum til nokkurrar hrellingar. Ýmis atvik verða til þess að hann verður sífellt afskiptari í bænum uns hann að endingu ríður af stað til Reykjavíkur til að gerbylta samfélaginu. Böddi er andans maður í ríki efnishyggjunnar; of gáfaður fyrir Krókinn, of reiður fyrir Reykjavík og of hreinskilinn fyrir Ísland.

Hallgrímur ætlar ekki að láta palladóma sögupersónu sinnar eyðileggja samband sitt við Sauðárkrók og gefur bókina því formlega út á Króknum en sveitarstjóra Skagafjarðar verður afhent eintak af bókinni við sérstaka athöfn í Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra síðdegis í dag. Hallgrímur mun svo horfast í augu við bæjarbúa þegar hann les upp úr bókinni á Kaffi Krók í kvöld klukkan 21.

Rokland hefur þegar verið seld til Þýskalands og Svíþjóðar, þar sem hún mun koma út á næsta ári. Fyrr á árinu kom skáldsaga Hallgríms, Höfundur Íslands, út í Þýskalandi þar sem þýsku stórblöðin hafa keppst við að ausa hana lofi. Bók Hallgríms, 101 Reykjavík, var nýverið seld til Rússlands, Kóreu og Lettlands og mun auk þess koma út á galisísku innan skamms. Sagan er ein útbreiddasta skáldsaga íslenskra bókmennta.



**HALLGRÍMUR HELGASON** Bloggsíða Bödda Steingríms er nú komin á netið og slóðin er: http://www.rokland.blogspot.com.


ÚTGÁFU
TÓNLEIKAR
BUBBA
MORTHENS
TÓNLEIKAR Í
ÞJÓÐLEIKHÚSINU
14. NÓVEMBER
Hljómsveit skipa
Guðmundur Pétursson
Jakob Smári Magnússon
Björn Stefánsson
Barði Jóhannsson
Hrafn Thoroddsen
Bjarni Sigurðarson
Tvær frábærar
plötur frá Bubba!
bubbi
paradís
Tvennir tónleikar
14. nóvember kl. 19.00
14. nóvember kl. 21.30
Miðasala hafin í Þjóðleikhúsinu
Miðaverð kr. 2.900
Allar nánari upplýsingar á
www.prime.is og www. bubbi.is
sena

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









**BAKÞANKAR**


KRISTÍNAR HELGU GUNNARSDÓTTUR


## *Líf og fjör á læknavakt*

Eldri borgarar fylla legudeildir sjúkrahúsa þar sem dvalar- og hjúkrunarheimili eru of fá. Sjúklingar bíða lon og don heima hjá sér eftir uppskurðum. Biðraðirnar í ýmsar aðgerðir eru lengri en á góðri útsölu í raftækjaverslun. Fjársvelti hefur valdið ófremdarástandi í Barnahúsi. Yfirkeyrðir nýlæknar standa sólahringsvaktir og vita jafnvel ekki alltaf hvort þeir eru að koma eða fara. „Ekki vildi ég lenda í því að þurfa á aðstoð að halda hjá sjálfum mér stundum þegar ég er búinn að standa vaktina í 26 klukkustundir," sagði góður félagi eitt sinn þegar hann var nýlæknir.

**AÐ** panta tíma hjá heilsugæslulækni er eins og að bóka sig hjá frægum hárgreiðslumeistara - biðin löng og tilhlökkunin mikil eftir stóru stundinni. Nauðsynlegt er að skrifa hjá sér hvert erindið er svo það gleymist ekki á biðtímanum. Áheyrn hjá sérfræðingum er fágætari. Unglingur einn fékk ljótan hósta í september og á tíma 22. nóvember hjá sérfræðingi í hóstanum slæma. Af og til loka deildir sjúkrahúsa vegna vandræða. Maður fær hjartasting yfir vandamálastaflanum á borði heilbrigðisráðherra. Hans hausverkur er stór og manninum er hreinasta vorkunn að embættinu sem hann þó virðist sinna af alúð og natni.

**LOKS** misbýður einhverjum í læknastétt, sest niður og skrifar lærða grein í fagtímarit um skelfingarástandið í heilbrigðismálum. Og hvert er vandamálið? Viðkomandi er mikið niðri fyrir vegna sprenglærðs sérfræðings sem sloppið hefur inn á spítala og staðið þar nokkrar vaktir. Það er ótækt og óboðlegt að virtur sérfræðingur vaði inn á sjúkrahús og vinni þar í afleysingum - líkast til mestu ósköp sem dunið hafa á íslenska heilbrigðiskerfi lengi.

**Á** meðan hersveitir engla í heilbrigðisstétt vinna kraftaverk við afar mismunandi aðstæður á degi hverjum er vert að fjasa dálítið yfir því hverjir fá að ganga sloppklæddir um sali sjúkrahúsanna í afleysingum. Sem betur fer eru flestir þó bara þakklátir á meðan einhverjir nenna enn í sloppana og vilja vinna við þær aðstæður sem starfsfólki og sjúklingum eru oft á tíðum búnar á sjúkrahúsum á landinu bláa.


www.volkswagen.is




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA – 4199

**Volkswagen Jetta er kominn aftur, glæsilegri en nokkru sinni. Sportlegur fjölskyldubíll sem sver sig í Volkswagen-ættina með glæsilegri hönnun og einstökum eksturseiginleikum.**

Bíllinn er stærri en áður, farangursrýmið er heilir 527 lítrar og þægindin hafa ekki gleymst. Undirvagninn er með nýrri og athyglisverðri hönnun með fjögurra tengja afturöxli sem gerir Jettuna frábæra í akstri og hljóðláta um leið.

**Reynsluaktu Volkswagen**
og þú gætir unnið ferð fyrir fjóra í ævintýralandið Autostadt, skemmtigarð í Wolfsburg í Þýskalandi, sem dregur að sér 4 milljónir gesta árlega.
**Dregið verður 20. desember 2005**

**Verðið er lygilegt**
**– aðeins 1.990.000 kr.**

Aus Liebe zum Automobil

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666 · HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416 | HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000 www.hekla.is, hekla@hekla.is



# Aukið frelsi

Tveir nýir, einstakir hávaxta-sparnaðarreikningar á Netinu:

SPRON VAXTABÓT
Tvöföld vaxtabót – eftir upphæð og lengd innstæðu

SPRON VIÐBÓT
Háir, verðtryggðir grunnvextir og vaxtaviðbót að binditíma loknum

Aðeins á Netinu – stofnaðu reikning á www.spron.is

spron – fyrir allt sem þú ert

Himinn og haf / SÍA